

SIGRÚN LILJA GUÐJÓNSDÓTTIR

Furðuleg lífsreynsla á flugvelli í Hurghada

ferðir bílar heimili veiði

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Tækninýjungar og verðug verkefni

Sérblað um íslenskan iðnað

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



KRUMMI BJÖRGVINSSON

Hyggst stofna útgáfufyrirtæki með föður sínum

Syrgir ekki nafnið Krummi Records

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. apríl 2008 – 103. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Erum að stimpla okkur inn upp á nýtt

Félagsstofnun stúdenta er 40 ára.

TÍMAMÓT 18



Eiga Bítlana sameiginlega

Síðustu keppendurnir í Bandinu hans Bubba eru sammála um að Bítlarnir teljist til þriggja bestu hljómsveita heims.

FÓLK 22

Akureyri! og Reykjavík!

Meðlimir hinnar nýstofnuðu sveitar Akureyri! vonast til að geta spilað á tónleikum með þekktari kollegum sínum í Reykjavík! innan skamms.


FÓLK 24

Sænskur meistari

Guðmundur Stephensen vann alla leiki sína í úrslitakeppninni þegar Eslövs varð sænskur meistari í borðtennis.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



MILT Í VEÐRI Í dag verða suðaustan 8-15 m/s suðvestan til, annars hægari breytileg átt. Víðast hálfskýjað eða léttskýjað og þurr. Hiti yfirleitt 5-10 stig.

VEDUR 4

REI hættir við án aðkomu erlendra banka

Reykjavík Energy Invest mun hætta við fyrirhuguð jarðhitaverkefni í Afríku fáist ekki fé frá erlendum bönkum. Skuldbinding REI er um 300 milljónir króna. Fyrirtækið mun ekki setja fjármagn í að reisa jarðhitavirkjun í Djíbútí.

ORKUMÁL Reykjavík Energy Invest, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, mun hætta við verkefni í Afríkuríkinu Djíbútí bregðist fjármögnun alþjóðlegra fjármála-stofnana vegna hagkvæmnisathugunar á nýtingu jarðvarma í landinu. Skuldbinding REI vegna verkefnisins er um 300 milljónir króna. Komi til byggingar fyrirhugaðrar jarðvarmavirkjunar í Djíbútí mun REI ekki standa straum af kostnaði við bygginguna.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður OR og REI, segir að áhugi IFC, fjármögnunarsjóðs

Alþjóðabankans, og EIB, Evrópska fjárfestingabankans, sé mikill fyrir samstarfi að jarðhitaverkefnum í Djíbútí en sjálfhætt sé ef bankarnir leggja ekki til fé til að halda áfram með þau verkefni sem þar eru komin á góðan rekkpól. „Forsendan fyrir verkefninu er að þessir sjóðir taki bróðurpartinn af kostnaðinum.“

Kjartan segir að svar frá bönkunum tveim sé væntanlegt innan fárra vikna. Hagkvæmnisathugunin gæti hafist í lok ársins gangi fjármögnun hennar eftir.

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli REI og ríkisstjórnar

Djíbútí um gerð ítarlegrar hagkvæmnisathugunar á nýtingu jarðhita í landinu og áætlað er að fjármagna hana með fé frá nefndum bönkum. Skuldbinding REI er um 300 milljónir króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Heildarkostnaður er allt að 1,5 milljarðar króna.

Kostnaður við fyrirhugaða jarðvarmavirkjun í Djíbútí er um 26 milljarðar króna miðað við 100 megavatta virkjun. REI mun ekki standa straum af þeim kostnaði, að sögn Kjartans. „Ef verkefnið nær svo langt þá yrði að leita að áhugasömum fjárfestum.“



HREGGVIÐUR MAGNÚSSON Alls óhræddur við að gefa yfirlýsingar sem fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Oddaleikur Keflavíkur og ÍR:

Hreggviður lofar ÍR-sigri

KÖRFUBOLTI Það má búast við miklum látum innan vallar sem utan í kvöld þegar Keflavík og ÍR mætast í oddaleik í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla. Leikið verður í Sláturhúsinu í Keflavík.

Lykilmaður ÍR-inga, Hreggviður Magnússon, hefur látið Gunnar Einarsson leika sig grátt í síðustu tveimur leikjum, en hann er þrátt fyrir það ekki af baki dottinn.

„Við verðum að bíta frá okkur og láta hart mæta hörðu. Ég mun svara fyrir mig í þessum oddaleik og ætla mér að sigra. Ég lofa sigri enda er ÍR-blaðran ekki sprungin,“ sagði Hreggviður Magnússon kokhraustur.

- hbg / sjá síðu 26

Framtíð þorskeldis:

Þorskurinn fái jurtafóður

SJÁVARÚTVEGUR Ódyrt jurtafóður í fiskeldi getur stuðlað að því að þorskeldi verði stór atvinnuvegur hér á landi. Þetta er mat Helga Thorarensen, prófessors við Háskólann á Hólum, sem rannsakar algengar fóðurplöntur til að leysa fiskimjöl af hólmi sem fóður í fiskeldi.

Markvissar tilraunir hafa staðið yfir hér á landi síðastliðin fimm ár við að nota prótín úr jurtaríkinu í fiskeldi. Það er eini augljósi kosturinn í stað fiskimjöls að mati Helga. Fiskimjöl er í dag um 60 prósent af rekstrarkostnaði í fiskeldi.

- rh / sjá Íslenskan iðnað í miðju blaðsins



NÝ SUNDLAUG Á HOFÓSÍ Forsetahjónin tóku fyrstu skóflustunguna að nýrri sundlaug á Hofsósi í opinberri heimsókn sinni í Skagafirði í gær. Hér sjást þau með athafnakonunum sem standa að byggingu laugarinnar. Frá vinstri eru Lilja Pálmadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Dorrit Moussaieff, Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt og Steinunn Jónsdóttir. Lilja og Steinunn gefa íbúum Hofsóss sundlaugina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strætó með þrjú starfsmenn til að sporna við tugmilljóna svindli á ári hverju:

Strætósvindlarar á öllum aldri

STRÆTÓ „Um daginn stóðum við eldri konu að verki með þrjú fölsuð tímabilakort. Einnig höfum við heyrt af því að skólabörnum sé búið fölsuð kort til sölu. Hingað til höfum við tekið kortin af þeim sem gerast brotlegir en það er vel hugsanlegt að það komi til þess að þetta fólk verði kært til lögreglu,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Fölsuð strætókort og önnur fargjaldasvindl kosta fyrirtækið um það bil 60 til 100 milljónir króna á ári, að mati Reynis. Mest er um að afsláttarkort, svokölluð tímabilakort, séu fölsuð og einnig er nokkuð um að fríkort fyrir nemendur á framhalds-

og háskólastigi séu notuð af þeim sem ekki hafa til þess heimild.

Til þess að bregðast við þessum vanda hefur Strætó bs. síðan í september haft einn starfsmann í fullu starfi og tvo í hlutastarfi við sérstök eftirlitsstörf.

Eftirlitsmennirnir eru merktir og eiga heimtingu á að fá að rannsaka kort farþega á öllum tímum. Vonast forsvarsmenn Strætó til þess að vitneskj-an um að eftirlitsmaður geti hvenær sem er komið inn í vagninn og skoðað kort farþega letji fólk til að nota fölsuð kort.

- kg

30.000 blaðberar komnir til landsins

ÍSLANDSMÓT IÐNGREINA 2008

Velkomin á Íslandsmót iðngreina í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar föstudaginn 18. og laugardaginn 19. apríl kl. 9-18 <http://islandsmot.skillsiceland.is>

UMM er glænýr heilsuþúfi úr spennandi hráefni



Elisabet, ertu alveg bit yfir þessari söfnun?

„Ég er þursabit en reyni bara að brosa í gegnum tárin.“

Illugi og Hrafn Jökullssynir hafa efnt til söfnunar fyrir tannviðgerð handa Elisabetu systur sinni, í tilefni af fimmtugsafmæli hennar.

Björgólfur Thor Björgólfsson gagnrýnir stjórnvöld og seðlabankann harðlega:

Evran hefði hindrað gengistap

VIÐSKIPTI Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, telur pólitískar ástæður fyrir því að Seðlabankinn veiti Straumi ekki leyfi til að skrá hlutafé sitt í evrum. Þetta kom fram í ræðu hans á aðalfundi Straums-Burðaráss sem haldinn var í gær.

Björgólfur sagði að ef Straumur hefði fengið sínu framgengt um að viðskipti með hlutabréf félagsins færu fram í evrum mætti auðveldlega halda því fram að hluthafar hefðu sparað sér þau tuttugu prósent sem töpuðust við gengisfall krónunnar fyrr á þessu ári. Finnst honum mjög erfitt að sætta sig við slíkt tap.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Þá sýnist honum sem svo að íslenskt efnahagssumhverfi sé nú enn fjarri því en áður að vera fýsilegt fyrir alþjóðleg fjármálafyrirtæki og erlenda fjárfesta. Minnti hann þar á orð sín á aðalfundi í fyrra þar sem hann gagnrýndi

íslensk stjórnvöld sem þá töluðu um að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð á sama tíma og þau ynnu gegn slíku með verkum sínum.

Hann sagði núverandi efnahagsástand vinna gegn þróun og vexti. Því sé afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld geri allt í sínu valdi til að koma á stöðugleika og horfi til framtíðar við breytingar á peningastefnu sinni til að koma í veg fyrir dýr mistök eins og þau sem gerð hafa verið á undanförunum mánuðum og árum. Sagðist hann fullviss um að stjórnvöld væru fullfær um slíkar aðgerðir.

- ovd

Aldrei komið til Kólumbíu: Ferðahöfundur játar ritstuld

FERÐAMÁL Höfundur tólf bóka eða bókarhluta af ferðahandbókunum Lonely Planet hefur viðurkennt að hafa stolið texta sem hann birti sem sinn í bókunum, auk þess að viðurkenna að hafa skáldað stór- an hluta umfjöllunar í bókunum. Frá þessu var greint á Vísi.is.

Í ástralska dagblaðinu Sunday Telegraph kemur fram að meðal annars um sé að ræða bækur um Brasilíu, Kólumbíu, Venesú- ela og Chile. Höfundurinn segir útgefanda bókanna ekki hafa tímt að greiða fyrir ferðalag hans til Kólumbíu og því hafi hann aldrei komið þangað, þótt hann hafi skrifað ferðabók um landið.

- ovd

Áhyggjur af framleiðslu Rússa:

Olíuverð í hæstu hæðum

VIÐSKIPTI Olíuverð náði nýjum hæðum í gær þegar tunnan seldist á hátt í 114 Bandaríkja- dali.

Kom hækkunin í kjölfar gengisfalls dalsins en áhyggjur manna af minnkandi framboði höfðu einnig mikil áhrif.

Þá hafði skýrsla Alþjóða orkumálastofnunarinnar veruleg áhrif á fjárfesta.

Í skýrslunni kemur fram að framleiðsla Rússa á olíu dragist saman á þessu ári, en það er í fyrsta skipti í áratug sem slíkt gerist. Þar er einnig lýst áhyggju- um af því að framleiðsla Rússa nægi ef til vill ekki til að koma til móts við aukna alþjóðlega eftirspurn eftir olíu.

- ovd

Kúrdar í Tyrklandi:

Tugir bæjar- stjóra dæmdir

TYRKLAND, AP Í gær voru 53 bæjarstjórar í Tyrkland, allt saman Kúrdar, dæmdir sekir um að tala vel um glæpasamtök vegna þess að þeir skrifuðu Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, bréf þar sem þeir fóru fram á að sjónvarpsstöð, sem er með tengsl við kúrdneska uppreisnar- menn, fengi að starfa áfram í Danmörku.

Flestir bæjarstjórnarnir eru í stjórnmalaflokki sem berst fyrir sjálfstjórn Kúrda í suðaustan- verðu Tyrklandi. Dómstóll í Diyarbakir dæmdi bæjarstjór- ana fyrst í tveggja mánaða fangelsi, en mildaði síðar dóminn vegna góðrar hegðunar bæjarstjórnanna við réttarhöldin, þannig að þeir þurfa nú að greiða sekt sem nemur 900 evrum, eða um hundrað þúsund krónum.

- gb



Í GÆSLUVARÐ- HALD Tveir lögreglumenn færðu Plank fyrir dómara í gær, þegar myndin var tekin. Hann var úrskurdaður í þriggja vikna gæsluvarðhald.

Í gæsluvarðhald eftir hótanir og ofbeldi

Premyslaw Plank, maðurinn sem grunaður er um aðild að hrottalegu morði í Póllandi, var úrskurdaður í gæsluvarðhald í gær. Lögregla hér á landi hefur ítrekað haft afskipti af hótana- og ofbeldismálum þar sem hann hefur komið við sögu.

LÖGREGLUMÁL Pólverjinn Premyslaw Plank, sem grunaður er um aðild að morði og er eftirlýstur í heimalandi sínu, var úrskurdaður í gæsluvarðhald til 6. maí í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ítrekað haft afskipti af málum þar sem Plank hefur komið við sögu. Kveikjan að því að farið var að fylgjast með honum var innrás hans og tveggja annarra landa hans í hús við Sævang í Hafnarfirði, þar sem fyrir voru landar þeirra. Þar voru innrásar- mennirnir með ruddaskap og hótanir en gengu þó ekki í skrokk á mönnunum. Áður hafði þetta sama gengi ráðist á einn þeirra sem fyrir var í húsinu í Hafnarfirði og slasað hann. Hann vildi alls ekki

leggja fram kærú hjá lögreglunni af ótta við hefndir.

Plank hafði einnig verið hand- tekinn ásamt fleirum í Árbæ. Þar var lögreglan kölluð til vegna óláta. Mennirnir voru handteknir en sleppt að loknum yfir- heyrslum.

Fólk af pólskum uppruna, búsett hér á landi, hefur alloft kvartað til lögreglu vegna þess að Plank og félagar hafi heimtað af því pen- inga með hótunum og látum. Lö- gregla segir að fólk þorgi til þess að fá að vera í friði, en þori alls ekki að leggja fram formlega kærú.

Plank er grunaður um að teng- ast Niedzióla-klíkkunni í Póllandi, en hann hefur neitað því með öllu.

Plank fékk réttargæslumann í

fyrrakvöld eftir að hann hafði verið handtekinn. Hluti gagna frá lögreglunni í Póllandi um rann- sókn á morðmálinu barst hingað í gær. Framsalsmál eru afgreidd á milli dómsmálaráðuneyta viðkom- andi landa og dómsmálaráðuneyti- id íslenska tekur afstöðu til fram- sals hans, sem meðal annars er byggð á þessum gögnum. Þá ákvörðun getur hann kært til Héraðsdóms og síðan til Hæstaréttar, uni hann ekki dómi í héraði.

Undirskriftasöfnun stendur nú yfir meðal Pólverja búsettum hér á landi, að sögn ræðismanns Póllands hér, þar sem þeir hyggjast hvetja íslensk stjórnvöld til að hafa betra eftirlit með hugsanleg- um sakaferli þeirra sem hingað koma. ■

Frumvarp á Frakklandsþingi:

Lög samþykkt gegn átröskun

FRAKKLAND, AP Franska þjóð- þingið sam- þykkti í gær lagafrumvarp sem miðar að því að gera það ólög- legt að birta nokkuð sem getur látið ofurgrannan líkamsvöxt virðast eftir- sóknarverðan.

Þingið samþykkti frumvarpið í atkvæðagreiðslu eftir að það hafði fengið samhljóða stuðning stjórn- arflokksins UMP. Efri deild þings- ins tekur frumvarpið til afgreiðslu á næstunni.

Talsmenn tiskuiðnaðarins segja að verði frumvarpið að lögum séu þau róttækustu reglurnar af þessu tagi sem nokkurs staðar eru í gildi. Lögin munu til að mynda banna tiskublöðum, auglýsendum og net- miðlum að hvetja til ofurgranns líkamsvaxtar.

- aa



BEINABER Sýningar- stúlka á tiskusýningu Guy Laroche í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LÖGREGLUFRETTIR

Dýrt að nota ekki bílbelti

Lögreglan á Hvalsvelli stöðvaði tuttugu ökumenn í gær og fyrradag fyrir að aka bílum sínum án þess að nota bílbelti. Sekt fyrir slíkt brot er tíu þúsund krónur og á það jafnt við um ökumenn og farþega.

VESTMANNAEYJAR

Fíkniefnahundurinn Luna

Nýlega gáfu félagar í Kiwanisklúb- bnum Helgafelli lögreglunni í Vest- mannaeyjum fíkniefnahundurinn Lunu. Stendur gjöfin strauum af kaupum og þjálfun hundsins sem er af Springer Spaniel kyni. Verður hann notaður í þágu lög- og tollgæslu í baráttunni gegn meðferð, sölu og innflutningi á fíkniefnum.

Átti óafplánaðan margra mánaða fangelsisdóm fyrir stórfellt fíkniefnasmygl:

Dæmdur dópsmyglari í end- urkomubanni fékk 19 mánuði

DÓMSMÁL Emanuelis Kaukanaukas, þrítugur Lithái, var í gær dæmdur í níttján mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann braut endurkomubann, auk þess sem hann átti átján mánaða fangelsisrefsingu óafplánaða vegna smyglis á miklu magni af metamfetamíni.

Kaukanaukas var ásamt landa sínum dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa reynt að smygla um fjórum kílóum af metamfetamíni hingað Nor- rænu í júní 2005.

Þeir fluttu með sér bíl til landsins. Við skoðun á honum kom í ljós að þverbiti við undirvagninn aft- anverðan var holur að innan. Þar fundust samtals 26 pakkningar með metamfetamíni. Þær höfðu verið vættað með sítrusolíu, sem talin er geta villt um fyrir leitarhundum. Við frekari leit fundust fleiri leynihólf sem talið er að hafi verið útbúin til að smygla varningi með bifreiðinni.

Kaukanaukas var sleppt lausum 22. desember 2006, eftir að hann hafði afplánað helming refsingarinnar.



Í HÖFN Á SEYÐISFIRÐI Mennirnir voru teknir með fíkniefnin við komuna til Seyðisfjarðar.

Honum var þá birt brottvísun sem hann skrifaði undir.

Hann braut endurkomubannið þegar hann kom til landsins, þar sem hann var handtekinn 7. apríl. Honum var svo birt ákæra í málinu í gær og dæmdur að því loknu. ■

Fljótlegt og gott



Heitt MEÐ Heim

MIKIÐ ÚRVAL AF TILBÚNUM RÉTTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN

Berlín

Alicante

Barcelona

Sala hefst
á hádegi
í dag



Kaupmannahöfn

London

Vorið kallar!

Tilboð í 36 klukkustundir

Frá hádegi í dag til miðnættis á morgun býður Iceland Express flugsæti til fimm áfangastaða á frábæru tilboðsverði, frá 7.990 kr. aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum - og það er eins og alltaf: **Peir sem fyrstir bóka fá ódýrustu flugsætin.**

Pú bókar á www.icelandexpress.is

Bókunartímabil: Frá hádegi 16. apríl til miðnættis 17. apríl

Ferðatímabil: 17. apríl-14. maí

Áfangastaðir: Kaupmannahöfn, London, Berlín, Alicante og Barcelona

7.990 kr.*

Iceland Express 
með ánægju

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar á hvern áfangastað. Athugið að flugvallarskattur getur verið mismunandi á milli áfangastaða.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	74,41	74,77
Sterlingspund	146,55	147,27
Evra	117,82	118,48
Dönsk króna	15,795	15,887
Norsk króna	14,880	14,968
Sænsk króna	12,521	12,595
Japanskt jen	0,7368	0,7412

SDR	122,08	122,80
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
151,2567		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Úrskurðir Útlendingastofnunar og dómsmálaráðuneytis felldir úr gildi:

Flóttamaðurinn fær hæli

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fellt úr gildi þá ákvörðun Útlendingastofnunar að synja umsókn hælisleitanda um hæli hér.

Þá er úrskurður dómsmálaráðuneytisins, þar sem ofangreind ákvörðun Útlendingastofnunar er staðfest, einnig felld úr gildi.

Hælisleitandinn bjó í Mánú, en kom hingað til lands 23. október 2004. Hann framvísaði fölsuðu vegabréfi við komuna til landsins, en upplýsti síðan lögreglu um nafn sitt og óskaði eftir hæli á Íslandi.

Maðurinn lýsti ástæðum flóttans frá heimalandinu þannig

að hermenn hefðu komið á heimili hans og föður hans. Þeir hafi beitt feðgana ofbeldi, tekið búfénaðinn og sig og sett sig í fangelsi. Þar hafi hann verið hnepptur í þrældóm í tvö ár, eða þar til hann strauk.

Hann óttaðist að lenda í sömu aðstæðum aftur yrði hann sendur heim. Útlendingastofnun taldi ekki komna fram sönnun á því að maðurinn segði satt. Honum staftaði því ekki hættu af því að verða sendur til heimalands síns.

Dómurinn taldi lýsingar mannsins trúverðugar þegar litið væri til þess ástands sem ríkt hefði í Mánú.



ÚTLENDINGASTOFNUN Synjun um hælsvist felld úr gildi.

Baugur losar sig við MK One:

Breskur dragbítur til sölu

VIÐSKIPTI Baugur hefur sett bresku fataverslunina MK One í söluferli. Verslunin sérhæfir sig í sölu á ódýrum tiskufatnaði fyrir konur, stúlkur og táninga.

Baugur keypti verslunina á móti Landsbankanum og stjórnendum MK One haustið 2004 fyrir 55 milljónir punda, 6,9 milljarða króna að þávirði.

MK One tapaði 17,4 milljónum punda, rúmum 2,5 milljörðum íslenskra króna, í fyrra og hefur verslunin verið dragbítur í bókum Baugs, að sögn breska dagblaðsins Times. Því hafi verið ákveðið að selja fyrirtækið.

Þingflokkur Vinstri grænna: Vill skýrslu um lögregluáðgerðir

ALÞINGI Þingmenn VG vilja að dómsmálaráðherra geri í skýrslu grein fyrir áðgerðum lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda síðustu þrjú ár.

Vilja þeir meðal annars vita hve margir lögreglumenn tóku þátt í hverri áðgerð fyrir sig og tilefni afskipta þeirra.

Segir í greinargerð að markmiðið sé að kanna hvort lögregluáðgerðir gegn mótmælendum hafi staðist ákvæði stjórnarskrár og laga um hugsana- og skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi, persónufrelsi og friðhelgi einkalífs.



BÍLSPRENGJA SPRENGD Íbúar í Bagdad bregðast við.

Bílsprengjur í Írak: Mannskæðustu árásirnar lengi

ÍRAK, AP Meira en fimmtíu manns fórust þegar bílsprengjur sprungu á fjölfórnum stöðum í hádeginu í gær í Bakúba og Ramadí í Írak. Einnig sprakk bílsprengja í miðborg Bagdad í gær og fórust þar fjórir óbreyttir borgarar.

Árásirnar í Bakúba og Ramadí eru þær mannskæðustu sem orðið hafa í landinu mánuðum saman.

Þá felldu bandarískir hermenn sex íraska uppreisnarmenn, sem höfðu ráðist á þá. Íraska lögreglan segir tvo pílta einnig hafa fallið, en Bandaríkjaher neitar því.

Spá 15 prósentu falli íbúðaverðs til 2010

Endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir fimmtán prósentu lækkun fasteignaverðs til ársins 2010. Uppsagnir hjá fasteignasölum eru þegar hafnar. Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir minni verðlækkunum.

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðuneytið spáir fimmtán prósentu falli fasteignaverðs að raungildi fram til ársins 2010. Þetta kemur fram í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem gefin var út í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir fjármálaráðherra segist telja spá fjármálaráðuneytisins nærri því sem hún telji að verði raunin á fasteignamarkaði. „Þetta er miklu nær því sem gæti orðið reyndin og þetta er svipað því sem bankarnir spá,“ segir Jóhanna. Hún segir þá þróun sem Seðlabankinn hefur nefnt að geti átt sér stað ekki líklega til þess að verða að veruleika.

„Ég hef ekki séð forsendurnar fyrir því sem Seðlabankinn setti fram, en það ber að segja eins og fram kemur þar, að það var ekki spá heldur sagt þróun sem gæti orðið. Aðstæðurnar sem nú eru fyrir hendi eru ekki sambærilegar því sem var 1983 þegar raunlækkun fasteignaverðs varð upp undir 30 prósent. Þá var 20 til 30 prósentu kaupmáttarminnkun, lán fóru úr öllum böndum og verðbólgan mældist upp undir 100 prósent. Nú er allt annað ástand og þess vegna finnst mér spá fjármálaráðuneytisins og bankanna nær lagi.“

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir nokkru minni verðlækkun en Seðlabanki Íslands telur að komi fram og gert er grein fyrir í Peningamálaum, sem komu út á vaxtaákvörðunardegnum síðastliðinn fimmtudag. Samkvæmt því sem þar kom fram mun fasteignaverð lækka að raungildi um þrjátíu



FASTEIGNIR Blikur eru á lofti á fasteignamarkaði eftir mikla uppgangstíma á síðustu árum. Í fyrra hækkaði vísitala íbúðaverðs um fimmtán prósent en líklegt má telja að hún lækki innan tíðar.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

tíu prósent fram til loka árs 2010.

Greiningardeildir Glitnis, Kaupþings og Landsbankans hafa spáð mun minni verðlækkun en Seðlabankinn og spár þeirra gera heldur ekki ráð fyrir eins mikilli lækkun og þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins segir til um. Þær gera þó ráð fyrir að verð lækki um tíu til

fjórtán prósent að raungildi fram til ársins 2010.

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segist ekki hafa trú á því að spár fjármálaráðuneytisins eða Seðlabankans gangi eftir. „Auðvitað á verð eftir að lækka eitthvað og það er nú þegar farið að gera það. En ég hef ekki trú á að þessar svartsýnisspár gangi eftir.“

Grétar segir uppsagnir þegar vera byrjaðar hjá fasteignasölum. „Menn eru byrjaðir að bregðast við þessari lægð sem nú er og því miður eru uppsagnir starfsfólks fylgifiskur hennar.“

magnush@frettabladid.is



NISSHIN MARU Fréttamenn við flaggskip japanska hvalveiðiflotans eftir komu þess til Tókýóhafnar í gær.

Hvalveiðiflotinn heim: Suður-Íshafsveiðum lokið

JAPAN, AP Flaggskip japanska hvalveiðiflotans, Nisshin Maru, kom til heimahafnar í gær ásamt öðrum skipum sem fylgdu því á vetrarvertíð í Suður-Íshafi. Aðeins voru veidd 55 prósent kvótans að þessu sinni.

Lagt var upp með að veiða 1.000 hrefnur, 50 langreyðar og 50 hnúfubaka, en heildaraflinn var 551 hrefna. Í desember ákváðu japönsk stjórnvöld að fresta því að veiða hnúfubaka vegna þess hve harkaleg viðbrögð þau áform höfðu fengið víða um heim. Hvalveiðilandstæðingar eltu japönsku hvalveiðiskipin alla vertíðina og reyndu að hindra veiðarnar.

Kvenréttindafélag Íslands:

Margrét nýr formaður

FÉLAGSMÁL Margrét Sverrisdóttir tók í gær við formennsku í Kvenréttindafélagi Íslands af Þorbjörgu Ingu Jónsdóttur sem óskaði eftir að hætta formennsku.

Kjörtímabil Þorbjargar var hálfnað og var það tillaga uppstillingarnefndar að Margrét, sem verið hefur varaformaður, tæki við af Þorbjörgu. Var sú tilaga samþykkt.

102 HRVK

Á næsta ári flytur Háskólinn í Reykjavík í Vatnsmýri. Byggingin verður ein best búna skólabygging Evrópu.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.vi.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	11°
Billund	11°
Ósló	6°
Stokkhólmur	7°
Gautaborg	11°
London	12°
Paris	13°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	8°
Berlín	9°
Alicante	21°
Mallorca	18°
Basel	15°
Eindhoven	11°
Las Palmas	23°
New York	17°
Orlando	23°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

GÓÐVIÐRISKAFLI FRAM UNÐAN
Enda þótt nokkuð blási suðvestanlands í dag og sumpart á morgun er góðviðri í kortunum. Horfur eru á björtu og hlýju veðri um mestallt land og það fram yfir helgi. Á föstudag verður komið hægviðri um allt land. Helgin verður björt og mild með hægri breytilegri átt.

Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur SV-til.

FÖSTUDAGUR Hægviðri.

ISUZU
D-MAX

ISUZU MEÐ BREYTINGU OG PALLHÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI*

ISUZU D-MAX

3.190.000 kr. beinskiptur

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.



* Bíllinn á myndinni er með 32" breytingu, gangbretti og pallhúsi ákomið í lit. Kostar aðeins 3.390.000 beinskiptur



GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bíllinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar



INGVAR HELGASON

KJÖRKASSINN



Hefur efnahagsástandið áhrif á áætlanir þínar um sumarleyfi?

Já	55,6%
Nei	44,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú íbúðalánasjóð vera hluta af íslenska velferðarkerfinu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Lögreglan í Kópavogi hefur verið stórlega eflid, segir lögreglustjóri:

Betra að hafa lögregluna úti

LÖGREGLUMÁL Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir starf lögreglunnar í Kópavogi hafa eflst mikið við breytingarnar sem urðu á lögreglunni um áramótin 2006/2007, þegar lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í eitt stórt embætti. Jafnframt segir Stefán að betra sé að hafa lögreglumenn úti við störf en inni á stöð.

Haft var eftir Gunnari í Fréttablaðinu í gær að þjónusta við íbúa í Kópavogi hefði verið skert með breytingunni og lögreglan væri ekki eins sýnileg og áður í bænum. Í bréfi sem Stefán sendi Páli Magnússyni, bæjarritara Kópa-



FRÁ KÓPAVOGI Lögreglan er sýnileg í Kópavogi, segir lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

vogs, í lok janúar á þessu ári kemur fram að það sé mat lögreglunnar að það sé betra „að nýta lögreglumenn til eftirlits og frumkvæðisvinnu úti við í bæjarfélaginu fremur en að festa einn varðstjóra á nóttunni

inni á lögreglustöðinni í Kópavogi“. Gunnar hefur gagnrýnt það harðlega að þjónusta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafi verið skert, meðal annars með því að lögreglustöðin sé nú lokað utan venjubundins skrifstofutíma.

Stefán segir í fyrrnefndu bréfi að tryggt sé að allir þeir sem koma á lögreglustöðina að næturlagi fái fljóta og góða afgreiðslu, því þar er búnaður sem tryggir beint samband við fjarskiptamiðstöð lögreglu. Stefán segir einnig í bréfinu að hverfis- og rannsóknarlögrelumönnum hafi verið fjölgað í Kópavogi frá því breytingarnar tóku gildi, og löggæsla almennt eflid. - mh

Engin öryggishætta í EVE:

Getur skoðað virkni leiksins

TEKNI Tölvuþrjótur hefur dreift kóða að tölvuleiknum Eve-Online á svokölluðum torrent-síðum á netinu. Í kjölfarið spunnust miklar umræður um öryggiskerfi tölvuleiksins.

Í samtali við vísir.is í gær sagði Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP sem gefur út leikinn, þrjótinn þó ekki hafa neitt í höndunum. Sagði hann stóran hluta leiksins vera skrifaðan í svokölluðu forskriftarmáli sem auðvelt sé að breyta í það sem umræddur aðili hafi. Hann geti því lítið annað gert með upplýsingarnar en séð hvernig leikurinn virkar. - ovd

SIEMENS

Þvottavél

frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.



Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg**. Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalhreinan þvott. **Snertihnaappar**. Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Af hverju þarft þú ekki að leggja allt á minnið?

ISLENSKA STAÐIS JÁ 11. APRÍL 2008

Já er svarið



118

ja.is

Símaskráin



HÖFÐINGLEGAR MÓTTÖKUR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff, eiginkona hans, heilsuðu upp á ungu kynslóðina á Hofsósi í gær. Ólafur og Dorrit sátu síðan fyrir svörum hjá nemendum grunnskólans á Hofsósi.

Íslendingar eru undir smásjá alls heimsins

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ræddi framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á málþingi Háskólans á Hólum í gær.

SKAGAFJÖRDUR Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, lagði í setningarávarpi sínu á málþingi við Háskólann á Hólum í gær áherslu á að framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna væri Íslendingum prófaun á alþjóðlegum vettvangi. Hann sagði að Íslendingar væru undir smásjá heimsins, spurningin væri hvað þeir hefðu fram að færa og hvernig samfélag þjóða gæti nýtt þekkingu og reynslu Íslendinga.

Ávarpið var hluti af dagskrá opinberrar heim-sóknar forsetahjónanna í Skagafjörð. Í ávarpi sínu benti forsetinn á að viðfangsefni Öryggisráðsins yrðu flóknari á næstu árum með þeim afleiðingum sem „umturnun náttúrunnar“ gæti haft í för með sér. Loftslagsbreytingarnar gætu orðið „risavaxin“ ástæða fyrir átökum, upplausn ríkja og sífellt fleiri flóttamönnum í heiminum. Spurningin væri því hvernig samfélag þjóða gæti nýtt sér þekkingu og reynslu Íslendinga.

„Við þurfum að sýna öðrum þjóðum að við erum verðug þess trausts sem við sækjumst eftir,“ sagði hann.

Forsetahjónin tóku skóflustungu að nýrri sundlaug á Hofsósi ásamt athafnakonunum Lilju Pálmadóttur og Steinunni Jónsdóttur, en sundlaugin er gjöf þeirra til íbúa á Hofsósi.

Ólafur Ragnar og Dorrit Moussaieff heim-sóttu meðal annars skólana á Hólum og á Hofsósi



SKÓFLUSTUNGA TEKIN Forsetahjónin tóku skóflustungu að nýrri sundlaug á Hofsósi í gær. Bæjarbúar fylgdust spennitir með.

og ræddu við nemendur. Skólakrakkarnir spurðu margra spurninga, meðal annars hvort forsetinn ætti dýr. Hann svaraði neitandi og þá kallaði Dorrit inn í að það væri mjög leiðinlegt og myndi breytast fljótlega. Hún vildi helst hunda, hænur og kýr. „Hænur og hunda, það má skoða það,“ svaraði forsetinn. Þá afhenti Lovísa Helga í 5. bekk forsetahjónunum mynd sem hún hafði teiknað af þeim. Opinberri heimsókn forsetahjónanna lauk í gærkvöld. ghs@frettabladid

Ríkisendurskoðun gagnrýnir misbrestir á framkvæmd fjárlaga harðlega:

Staðan algjörlega ólíðandi

EFNAHAGSMÁL Ríkisendurskoðun gagnrýnir enn einu sinni misbrestir á framkvæmd fjárlaga og virðingarleysi fyrir bindandi fyrirsmælum þeirra sem birtist bæði í hallarekstri og ónýttum fjárheimildum fjölmargra stofnana.

Kemur þetta fram í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga árið 2007 og ársáætlanir 2008. Er sérstaklega minnt á ábyrgð ráðuneyta í þessu efni og bent á nauðsyn þess að hún verði gerð skýrari í lögum og reglum.

Vekur stofnunin athygli á misræmi í ákvörðunum fjárveitingavaldsins og framkvæmdarvaldsins. Misræmið felst í því að fjár-



SKÝRSLUR RÍKISENDURSKOÐUNAR Ríkisendurskoðun hefur undanfarna tvo áratugi ítrekað bent á ýmsa misbrestir á framkvæmd fjárlaga og almennt agaleysi.

veitingavaldið ákvarði umfang opinberrar þjónustu með fjárlögum hvers árs en forstöðumenn og ráðuneyti taki sér síðan íðulega

vald til að auka umfang hennar umfram lögbundnar heimildir. Reglugerð kveður á um að fari útgjöld fram yfir fjögur prósent af fjárheimildum skuli meta hvort áminna eigi forstöðumenn.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri var um fjórðungur fjárlagaliða með halla í árslok síðasta árs. Nam hallinn í heild 5,8 milljörðum króna og jókst hann um 2,4 milljarða frá árinu 2006. Á sama tíma námu uppsafnaðar ónýttar heimildir alls 21,2 milljörðum króna og jukust þær um 1,2 milljarða frá árinu 2006.

Ríkisendurskoðun segir þó skil stofnana á ársáætlunum hafa batnað verulega. - ovd



VERÐ FRÁ
144.900

FRSU20DAW
Tvöfaldir ísskápar



TILBOÐSVERÐ
69.900

RK6385E
Gorenje ísskápur
185 cm hæð x 60 cm breidd



149.900

GRQ459BSZA
LG ísskápur
200 cm hæð x 60 cm breidd



VERÐ FRÁ
35.900

FEA0714W
Nardi ofn



VERÐ FRÁ
49.900

3VET132X
Edesa keramik helluborð

MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMILISTÆKJUM



44.900

L-1036
Edesa þvottavél
6kg
1000 snúninga



49.900

1LE-21S
Edesa uppþvottavél
12 manna
5 kerfi



VERÐ FRÁ
35.672

CB15N1
Fagor hitakútur
15 lítra




Pottar
Mikið úrval af pottum og pottasettum



7.990

962010116
Pizza ofn



9.900

965010155
Djúpsteikingarpottur



12.990

962010214
Mínútu grill



5.990

963010230
Brauðrist

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



VEISTU SVARID?



1. Hversu margir þingmenn voru erlendis á vegum Alþingis á mánudag?
2. Hver mun taka við embætti forsætisráðherra á Ítalíu í kjölfar kosninga á mánudag?
3. Hver mun stjórna Eurovision-þætti hjá Sjónvarpinu í aðdraganda keppinnar í ár?

SÍÐ SVÖR Á SÍÐU 30

Áætlað að 8 til 10 milljónir sparist við lokun starfsendurhæfingar geðsviðs LSH:

Flestir stefna á önnur úrræði

HEILBRIGÐISMÁL Af þeim níu sem sótt hafa starfsendurhæfingu í Bergiðjunni – starfsendurhæfingu geðsviðs Landspítala – stefna átta á önnur úrræði við lokun Bergiðjunnar um næstu mánaðamót. Einn er óákveðinn.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman, VG, kemur fram að fjórir stefna á Atvinnu með stuðningi, tveir stefna á Múlalund, einn á Klúbbinn Geysi, einn er óákveðinn og einn stefnir á almennan vinnumarkað.

Bergiðjan hefur verið starfrækt um árabíl og þar hefur fólk sem strítt hefur við geðsjúkdóma öðlast starfsendurhæfingu. Garðhúsgöng,



BERGIÐJAN Átta af þeim níu sem sótt hafa starfsendurhæfingu í Bergiðjunni hafa ákveðið hvert þeir leita þegar starfsemi verður hætt um mánaðamótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

blómagrindur og blómaker eru helstu framleiðsluvörur Bergiðjunnar.

Mannréttindadómstóll:

Rússar hamla endurbótum

FRAKKLAND, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hvetur Rússa til að hætta að koma í veg fyrir nauðsynlegar endurbætur á mannréttindadómstól Evrópuráðsins.

Endurbæturnar myndu hraða vinnslu mála hjá dómstólum, en gætu um leið leitt til þess að dómstóllinn felli fleiri dóma gegn Rússlandi.

Rússneskum stjórnvöldum þykir nóg um dóma dómstólsins undanfarið, bæði í málum sem varða fórnarlömb Téténíustríðsins og málum Rússa sem leitað hafa réttar síns vegna mannréttindabrot.

Með því að samþykkja ekki, eitt aðildarríkja Evrópuráðsins, endurbætur á dómstólum koma Rússar í veg fyrir að þær taki gildi.

-gb

Sótt um undanþágu vegna aksturs- og hvíldartíma:

Bílstjórum verði heimilt að aka í ellefu tíma

VINNUMARKAÐUR Kristján Möller samgönguráðherra ætlar á næstu dögum að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA beiðni um undanþágu fyrir Ísland frá nýrri reglugerð ESB um aksturs- og hvíldartíma atvinnuökumanna í samræmi við undanþáguheimildir reglugerðarinnar.

Undanþágubeiðnin gengur út á að heimilt verði að lengja daglegan aksturstíma í allt að ellefu klukkustundir tvisvar í viku á akstursleiðum yfir 400 kílómetra. Þetta kemur fram á vef Samtaka atvinnulífsins.

Ný reglugerð ESB um aksturs- og hvíldartíma ökumanna mun



KRISTJÁN MÖLLER

þrengja að erfiðum vinnuskilyrðum atvinnubílstjóra. Samkvæmt reglugerðinni er daglegur hámarks aksturstími nú stundir, en heimilt verður að lengja hann í tíu stundir tvisvar í viku. Þá verður ökumaður að gera hlé á akstri í minnst 45 mínútur samfellt eftir akstur í fjóra og hálf klukkustund.

Undir þessar reglur og þar með skyldu til að hafa ökurita í bifreiðinni munu nú einnig falla minni farþegaflutningabifreiðar fyrir fleiri en níu farþega að ökumanni meðtöldum. Reglurnar miðaðust áður við ökutæki sem ætluð voru fyrir fleiri en 17 manns.

-ghs



STEYPT Horfur eru á að störfum fækki í byggingavinnu og mannvirkjagerð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spár um atvinnuleysi áhyggjuefni

Félagsmálaráðherra segir óásættanlegt að atvinnuleysi verði næstum fjögur prósent á næsta ári, eins og fjármálaráðuneytið spáir. Huga þarf að auknum fjárveitingum til atvinnuleysistryggingasjóðs.

STJÓRN MÁL „Allt atvinnuleysi er áhyggjuefni og það er óásættanlegt ef atvinnuleysi pre- eða fjórfaldast,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er því spáð að atvinnuleysið verði 3,8 prósent á næsta ári og 3,5 prósent árið 2010. Spáin er í takt við það sem áætlað hefur verið í félagsmálaráðuneytinu.

Sem stendur er atvinnuleysið um eitt prósent en því er spáð að það hækki nokkuð þegar líður á árið.

Jóhanna segir horfur á að störfum muni helst fækka í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, það verði því einkum hefðbundin karlastörf sem tapist. Hún segir jafnframt líklegt að útlendingum í vinnu hér fækki. Þeir eru nú um 17.500 en vísbendingar séu um að þeim fækki um 3.000 seinni part þessa árs og á því næsta og verði þá um 14.000.

Atvinnuleysistryggingasjóður annast greiðslur til atvinnulausra. Rúmum sex milljörðum er varið á

fjárlögum ársins í ár til greiðslu atvinnuleysisbóta. Jóhanna segir ljóst að veita þurfi hærra fjárhæðum til sjóðsins til að mæta fyrir-sjánlegu atvinnuleysi. „Við þurfum að búa okkur undir það enda stendur sjóðurinn ekki undir meira atvinnuleysi en upp á um 2,4 prósent áður en gengið er á eigið fé hans,“ segir Jóhanna. Um aðrar aðgerðir segir hún of snemmt að segja. „Þegar svona spá kemur fram hljóttum við að setjast yfir hana og sjá hvernig hægt verður að bregðast við, en það er of snemmt að segja til um hvernig brugðist verður við,“ segir hún.

Seðlabankinn spáir því meira atvinnuleysi en fjármálaráðuneytið. Býst bankinn við að það verði fjögur prósent árið 2010 og frávíksspá hans gerir ráð fyrir sex prósentu atvinnuleysi 2012. Jóhanna telur þá spá óraunhæfa. Sex prósentu atvinnuleysi þýði að um fimmtán þúsund manns séu án vinnu. Ólíklegt sé að til þess komi. Eins og nú háttar til eru á annað þúsund manns án vinnu.

bjorn@frettabladid.is



„Allt atvinnuleysi er áhyggjuefni og það er óásættanlegt ef atvinnuleysi pre- eða fjórfaldast. ... Þegar svona spá kemur fram hljóttum við að setjast yfir hana og sjá hvernig hægt verður að bregðast við.“

JÓHANNA SIGURÐARÐÓTTIR
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA



MEISTARANÁM Í

LÝÐHEILSUFRÆÐUM (MPH)

Heilbrigði og leiðir til bættrar heilsu eru forsendur samkeppnishæfni og árangurs í lífinu. MPH-nám (Master of Public Health) í lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík er nám sem:

- Er byggt á fræðilegum og hagnýtum grunni.
- Er samsett úr krefjandi og skemmtilegum námskeiðum.
- Leggur sérstaka áherslu á heilsueflingu og forvarnir.
- Gerir nemendur í stakk búna til að taka að sér leiðandi störf er lúta að heilsu og velferð almennings, jafnt í opinbera geiranum sem einkageiranum.

Námið er samsett úr skemmtilegum en jafnframt krefjandi námskeiðum sem byggjast bæði á fræðilegum og hagnýtum grunni, mikilvægum undirstöðum fyrir starfsemi á vettvangi lýðheilsu. Í náminu er sérstök áhersla lögð á heilsueflingu og forvarnir.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta!

NÝTT MICHELIN ENERGY™ SAVER

Betri kostur, bæði fyrir budduna og umhverfið!

- Minni eldsneytisnotkun
- Óvenjugóð ending
- Meira öryggi



SUMARDEKK undir öll ökutæki

Allar gerðir dekkja á ennþá betra verði!

Dekk undir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Mótorhjól
- Sendibíla
- Vörubíla
- Rútur
- Vinnuvélar
- Traktora
- Hjólhýsi
- Kerrur

o.s.frv., o.s.frv.



MICHELIN

BF Goodrich

Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



HELIX

Við notum Shell Helix smurliur



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Þjónustubíll
Sími: 568 2035 & 898 3031

Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

Rekstrarvörustyrkir RV 2008

RV veitir árlega styrki til félaga og samtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt. Styrkirnir eru í formi vöruúttekta hjá RV sem styrkþegar geta nýtt vegna reksturs eða til fjáröflunar.

Í ár verða veittir þrjú rekstrarvörustyrkir og þurfa umsóknir um þá að berast á netfangið styrkir@rv.is fyrir 18. maí nk.

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

Tilkynnt verður um val á styrkþegum þann 5. júní nk. á heimasíðu fyrirtækisins.

RV er sérhæft dreifingarfyrirtæki sem sinnir þörfum fyrirtækja og stofnana fyrir almennar rekstrar og hreinlætisvörur. RV leggur sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis- og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað 18. maí 1982. RV á og rekur RV Unique rengöringssystemer í Röðkro á Suður-Jóflandi. RV Unique þjónar viðskiptavinum í Danmörku og Norður-Þýskalandi.

Nánari upplýsingar á heimasíðu RV: www.rv.is

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV UNIQUE 048803

www.volkswagen.is

7

Sparakstur með Volkswagen Skildu tengdó eftir heima!

Tengdamömmubox og skíðagrindur á þaki bifreiða auka loftmótstöðuna og þar með eldsneytiseyðsluna meira en þig grunar. Þess vegna er best að skilja tengdó sem oftast eftir heima.



Námskeiðin eru haldin í HEKLU við Laugaveg.
Lau. 19. apríl, kl. 10:00
Sun. 27. apríl, kl. 10:00
Lau. 3. maí, kl. 10:00
Lau. 10. maí, kl. 10:00

Skráðu þig á námskeið í sparakstri á volkswagen.is.
Aðgangur ókeypis, takmarkaður fjöldi sæta í boði!
Skráðu þig núna!



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísafirði • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi



5125050
Auglýsingasími
- Mest lesið

Boðað til fundar um mislæg gatnamót:

Tillögur kynntar

SAMGÖNGUMÁL Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa boðað til opins fundar með íbúum í nágrenni gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í dag.

Á fundinum mun Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, kynna tillögur borgaryfirvalda og Vegagerðarinnar um mislæg gatnamót og nágrenni þeirra.

Fundurinn hefst klukkan 17, og fer fram í Kennaraháskólanum.

Þá munu fulltrúar Íbúasamtaka Háaleitis og Íbúasamtaka 3. hverfis – Hlíða, Holta og Norður-mýrar – kynna sínar hugmyndir



TILLÖGUR Íbúasamtök hafa gagnrýnt útfærslu borgarinnar og Vegagerðarinnar á mislægum gatnamótum.

um skipulag svæðisins. Samtökin hafa lýst óánægju sinni með tillögur borgarinnar. - bj

Berlusconi til atlögu við efnahagsvanda

Hægriflokkabandalag Silvio Berlusconi tryggði sér öruggan meirihluta í báðum deildum Ítalíuþings. Hann boðar Ítölum erfiða tíma efnahagsumbóta.

ITALÍA. AP Silvio Berlusconi beið ekki boðanna í gær að útlista hvernig hann áformar að leysa vandamál Ítalíu, daginn eftir að ljóst varð að flokkur hans og bandamanna á hægri vængnum fóru með afgerandi sigur af hólmi í þingkosningum.

Þegar talið hafði verið upp úr kjörkössunum sýndi sig að hægri-flokkarnir fengju minnst 167 af 315 sætum í öldungadeild Ítalíuþings. Í kosningunum til neðri deildarinnar, þar sem 630 fulltrúar eiga sæti, fékk flokkabandalag Berlusconi, Frjáls þjóð, 46 prósent atkvæða en miðju-vinstribandalagið sem Walter Veltroni fór fyrir 39 prósent. Vegna þess bönuss sem stærstu flokkarnir fá við úthlutun þingsæta samkvæmt nýju kosningakerfi tryggir þetta hægri-flokkunum öruggan meirihluta. Meðal þess sem styrkti stöðu þeirra var gott gengi Norðurbandalags Umbertos Bossi, sem með átta prósent atkvæða fékk meira fylgi en spáð hafði verið.

Breytingarnar á kosningakerfinu valda því enn fremur, að burt séð frá Miðjubandalagi kristilegra demókrata náði enginn annar smáflokkur inn á þing, aðrir en þeir sem voru hluti af stóru flokkablokkunum. Kommúnistar og græningjar í Regnbogasamsteypunni svonefndu verða utan þings á þessu kjörtímabili.

Berlusconi veitir ekki af örugg-



BOÐAR SNÖR HANDTÖK Silvio Berlusconi ávarpar fréttamenn í Róm í gær. FRÉTTABLAÐID/AP

um þingmeirihluta til að ná árangri í að vinna á vandamálum í efnahagslífi, stjórnsýslu og velferðarkerfi landsins. Hann sagði í gær að hann hygðist hafa hröð handtök við að skipa nýja ríkisstjórn. Í henni muni sitja „fólk sem starfaði með mér þau fimm ár sem metlanglíf ríkisstjórn mín sat og sem þekkir vandamálín og kerfið.“

Meðal fyrstu verka nýju stjórnarinnar sagði hann munu verða að hreinsa til í Napolí, þar sem sorp hefur hrannast upp á götum vegna mafíuspillingar í sorphirðu, og að tryggja að Alitalia verði áfram ítalskt flugfélag. Það hefur átt í viðræðum við Air France-KLM.

audunn@frettabladid.is

BS og diplóma nám í viðskiptafræði samhliða starfi

Næsta haust fer Háskóli Íslands af stað með BS og diplóma nám í viðskiptafræði samhliða starfi. Kynning á náminu fer fram í dag kl. 17:00 í hringstofu á Háskólatorgi.

Allir velkomnir!

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

VIÐSKIPTAFRÆÐI EILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

vidskipti.hi.is

Kringlukast

FINUCCI
collezione

SKYRTUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~8.980~~

MARGAR GERÐIR

VERÐ NÚ KR. 5.980

strellson

PÓLÓBOLIR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~8.980~~

VERÐ NÚ KR. 5.980

FINUCCI
collezione

JAKKAFÖT

VERÐ ÁÐUR KR. ~~49.980~~

MARGAR GERÐIR -

ALLAR STÆRÐIR

VERÐ NÚ KR. 29.980

fierra
GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234



Aukið valfrelsi í framhaldsskólum

Framhaldsskólanemum hefur fjölgað um átta þúsund á áratug. Þrjár af hverjum fjórum stúlkum á tvítugsaldri brautskrást og um helmingur drengja á sama aldri. Kröfur atvinnulífsins hafa einnig gjörbreytt á sama tíma. Til að mæta þessum breytingum verður frelsi og ábyrgð skóla og nemenda aukin og tengsl skólanna við atvinnulífið eflað.

Nemendum í framhaldsskólum hefur fjölgað um rúm átta þúsund á síðastliðnum tíu árum og eru nú rúmlega 28 þúsund. Árið 1983 brautskráðist fjórði hver piltur á tvítugsaldri en árið 2006 brautskráðist annar hver piltur á sama aldri. Stúlkurnar eru enn duglegri en árið 2006 útskrifuðust þrjár af hverjum fjórum stúlkum á tvítugsaldri. Árið 1983 brautskráðust hins vegar aðeins 40 prósent stúlkna í sama aldurshópi.

Það er ekki nóg með að aðsóknin aukist í framhaldsskólana heldur hefur atvinnulífið, þangað sem skólarnir skila jú nemendum, breyst gríðarlega á þessum tíma.

Það er því alveg ljóst að framhaldsskólarnir verða að vera í takt við þessa þróun. Hvað gera menn þá?

Nemendur fá völin og kvölin

„Ég tel mikilvægt fyrir fjölbrautaskólana að vera með fjölbreytt námsframboð og mikið val,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ. „Við höfðum það á tímabili en svo hefur aðeins dregið úr því með nokkrum lagabreytingum og aðgerðum sem ég taldi ekki heppilegar.“

Við reynum að hafa mikla breidd í náminu hér í Garðabæ enda er reynslan af því mjög góð. Við höfðum áður meira svigrúm til að búa til áfanga sem voru á sérsviði þeirra kennara sem tóku þá að sér og þetta nýttist nemendum afar vel. Ég nefni sem dæmi áfanga um fjölmiðlun og auglýsingasálfræði. Þetta eru mjög gagnýtir áfangar en eiga kannski ekki heima í einhverju kerfi sem menn eru fastir í. En við verðum að bregðast við hinum ýmsu nýjungum sem eiga sér stað í þessum hraða heimi sem við búum í og þá tel ég þessa leið mun hagkvæmari frekar en að festa sig í heilögu kerfi.

Þess vegna tel ég mikilvægt að breyta kerfinu þannig að nemendur



ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON SKÓLAMEISTARI Það er ljóst í huga skólameistarans í Fjölbrautaskóla Garðabæjar hvernig á að mæta breyttum áherslum og aðstæðum í þjóðfélaginu. Skólarnir sem og nemendur verði að fá frelsi til að haga seglum eftir vindi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verði að taka ákveðinn grunn en að öðru leyti verði val þeirra verulegt. Þeir eiga til dæmis að geta valið sig frá þeim greinum þar sem þeir standa höllum fæti. En þessu fylgir náttúrliga mikil ábyrgð því með því að velja sig frá ákveðnum fögum er nemandinn að loka á ákveðnar leiðir sem annars gætu boðist honum á háskólastigi eða á vinnumarkaðnum í framtíðinni.“

Þorsteinn segir þetta ekki síður mikilvægt í ljósi þess að nú taki framhaldsskólarnir við mun breiðari hópi en áður þar sem

áhersla sé lögð á að taka við sem flestum.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík, tekur undir þetta. „Mér finnst hafa verið gert of mikið af því hér á landi að steypa alla í sama mót,“ segir hún. „Við eigum að vera alveg óhrædd við það að vinna með styrkleikana í stað þess að vera alltaf að styrkja veikleikana.“


Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar og nefndar- maður í menntamálanefnd, segir að mikil áhersla verði lögð á iðn-

nám í nýju framhaldsskólafrumvarpi og að það knýi á gott samstarf fyrirtækja og framhaldsskóla. Einnig sjái hann mörg önnur tækifæri á hagkvæmu samstarfi milli skóla og fyrirtækja. „Til dæmis víða úti á


Valfrelsið kemur með frumvarpinu

En hvað segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um þessar áherslur? „Það verður allavega rúm fyrir eitt-hvað í þessa veru þegar búið er að breyta og samþykka framhalds-

PRÓUN NÁMSFRAMMISTÖÐU 15 ÁRA NEMENDA



FJÁRLÖG RÍKISINS TIL FRAMHALDSSKÓLA



landi þar sem næst kannski ekki næg þátttaka fyrir vissa áfanga, þá má nýta krafta fyrirtækjanna á staðnum sem taka nemendum á fagnandi,“ segir hann. „Til-hneigingin hefur verið sú að ef ekki náist að minnsta kosti tólf nemendur á námskeið sé talið að ekki sé grundvöllur fyrir því að halda það úti og þá eru þeir sem þó vilja sækja það sendir suður. En þó að skólinn búi ekki yfir nægilegum tækjabúnaði og þátt-takan sé í strangasta skilningi ekki næg þá má leita til fyrirtækja á staðnum sem búa yfir tækjabúnaði og þekkingu og taka nemendum vel. Þannig er skólinn líka að sækja sér þekkingu sem er afar mikilvægt.“

skólafrumvarpið sem ég lagði fram og er nú í þinginu,“ segir hún.

„Meginásarnir í því eru að efla iðn- og starfsnám og svo að auka val og fjölbreytni framhaldsskólans. Það er þó einfaldur kjarni sem allir þurfa að læra, það er íslenska, enska og stærðfræði, en síðan til viðbótar velja nemendur það sem þeir vilja læra. Þannig að framhaldsskólarnir munu móta námsframboðið eftir því sem nemendurnir vilja en jafnframt eftir því sem atvinnulífið og



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

HELMINGS
AFSLÁTTUR
AF VILDAR-
FERÐUM*

FYRIR ALLA FÉLAGA Í
VILDARKLÚBBI ICELANDAIR

Dagana 16.–18. apríl bjóðum við öllum okkar félögum 50% afslátt af Vildarferðum. Ferðatímabil er til og með 31. desember. Bókanir hefjast miðvikudaginn 16. apríl kl.09:00. Tilboðið bókast inn á www.vildarklubbur.is. Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir. Flugvallarskattar ekki innifaldir.

+ Skilmálar og allar nánari upplýsingar inn á www.vildarklubbur.is.

*Tilboðið gildir ekki til Barcelona, Milanó og Madrid.

– TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

50%



Vildarklúbbur

WWW.VILDARKLUBBUR.IS

VISSIR ÞÚ AÐ...

- fjöldi brottfallsnema árið 2003 var 4.100
- það er um 19 prósent nemenda, en sumir þeirra gerðu aðeins hlé á námi sínu
- árið 2006 voru fleiri stúlkur á viðskipta- og hagfræðibraut en drengir
- að árið 2006 var lönskólinn í Reykjavík eini framhaldsskólinn með yfir 2.000 nemendur

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

háskólarnir vilja. Við eigum því eftir að finna fyrir breytingum í þá veru sem Þorsteinn er að tala um, það er að segja minnka miðstýringu og auka valfrælsi.“

PISA-könnun sem blaut tuska

Niðurstöður PISA-könnunarinnar árið 2006 um færni 9. og 10. bekklinga í stærðfræði, náttúrufræði og lesskilningi voru Íslendingum óneitanlega vonbrigði. Könnunin var gerð í 57 löndum og reyndist Ísland miðlungsþjóð hvað árangur varðar en eftir þegar kemur að fjárútlátum í málaflökkinn. Efnahags- og framfarastofnunin OECD gagnrýndi yfirvöld í kjölfarið og var bent á að þessi árangur gæti ekki talist ásættanlegur miðað við að Ísland eyddi meira fjármagni en nokkur önnur þjóð innan OECD á hvern nemanda.

Ísland tók þátt í samskonar könnun árið 2001 og sýndu niðurstöurnar árið 2006 að nemendum hafði hrakað á tímabilinu í öllum greinum. Þó minnst í stærðfræði en mest í lesskilningi.

Hvernig vil ráðherrann bregðast við þessu? „Það er erfitt að tilgreina eina ástæðu fyrir þessu,“ segir hún. „Ég sendi bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandsins, Heimilis og skóla og fleiri þar sem ég leitaði svara við því hvað hægt er að gera til úrbóta og svörin eru að berast um þessar mundir og viðbrögð okkar munu taka mið af þeim.“

Böndasonur verður bankastjóri

Guðbjartur segir PISA-könnunina stórlega ofmetna. „Við megum ekki gleyma þeim mikilvægum kostum sem fylgja íslensku skólakerfi,“ segir hann. „Til dæmis hefur verið bent á það að einn af styrkleikum

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Nýtt framhaldsskólafrumvarp á að draga úr miðstýringu og auka valfræðisskóla og nemanda.



UM MENNTUN

„Menntun er að tileinka sér nýjan fróðleik og nýja færni eða að læra að nota eldri færni á nýja vegu.“
Ólafur Grétar Gunnarsson, fjöl- skylduráðgjafi hjá ÓB ráðgjöf.

„Við eigum að vera alveg óhrædd við það að vinna með styrkleikana í stað þess að vera alltaf að styrkja veikleikana.“
Inga Dóra Sigfúsdóttir, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.

„Við megum ekki gleyma þeim mikilvægum kostum sem fylgja íslensku skólakerfi.“
Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar.

þess sé frjálsræðið og síðan atvinnuþátttaka nemenda. Til dæmis eru flestir Íslendingar sem klára sitt mastersnám um 26 eða 29 ára orðnir reyndir þátttakendur í atvinnulífinu meðan víða erlendis er þessi hópur að stíga sín fyrstu skref þar.

Annar styrkleiki okkar er sá að við höfum stéttlausan skóla svo það eru engar hindranir í því að fólk sem hafi burði til að ná hátt í atvinnulífinu geri það sama hver bakgrunnur þess er. Hér er til dæmis ekkert því til fyrirstöðu að böndasonur verði bankastjóri en víða erlendis er það óhugsandi. Við eigum að halda í þá kosti sem fylgja okkar kerfi.“

SÝNINGARTILBOÐ LÚXUS-PAKKI
fylgir með í kaupum á hjólhýsi að heildarverðmæti 305.000

SÝNINGARTILBOÐ LÚXUS-PAKKI
fylgir með í kaupum á fellihýsi að heildarverðmæti 210.000

SÝNINGARTILBOÐ LÚXUS-PAKKI
fylgir með í kaupum á tjaldvagni að heildarverðmæti 145.650

Stórsýning á ferðavögnum



Flottustu græjurnar

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI

Nú er rétti tíminn til að ganga frá pöntunum í ferðavagn fyrir sumarið! Við sýnum allt það nýjasta í hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum, ásamt ýmsum aukabúnaði, að Fiskislóð 1.

Opið mán.–fös. 10–18
laugard. 10–17
sunnud. 13–17



Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

HYMER

ADRIA

FLEETWOOD

MONTANA



Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands
ESB og Ísland



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, ræðir um breytt hlutverk ESB í breyttum heimi og stöðu Íslands gagnvart sambandinu.

- » Odda, stofu 101
- » fimmtudaginn 17. apríl
- » kl. 8.30 – 9.30

Kaffi og meðlæti í boði fyrir fundinn.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opin



ISLENSKULÍÐSKR. 11.04.08



AFMÆLI Í JAPAN Disneyland í Japan hélt upp á 25 ára afmæli sitt með pompi og pragt á þriðjudaginn, meðal annars með heilmikilli flugeldasýningu við Óskubuskuhöllina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allt að 30 þúsund króna gjald lagt á þá sem trassa að láta skoða bílana sína:

Óskoðaðir bílar eru 25 þúsund

STJÓRNMÁL Verði frumvarp samgönguráðherra að lögum leggst gjald á þá eigendur eða umráðamenn bíla sem ekki færa þá til skoðunar á réttum tíma.

Miðað er við að gjaldið verði 15 þúsund krónur og að það greiðist þegar farið er með bíl í skoðun. Gert er ráð fyrir að gjaldið geti lækkað í 7.500 krónur ef greitt er innan ákveðins tíma og hækkað í 30 þúsund krónur ef ekki er greitt samhliða skoðun.

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að við síðustu áramót voru rúmlega 258 þúsund ökutækni skráð í landinu. Þar af voru rúmlega 25 þúsund óskoðuð. Er það



Í **UMFERÐINNI** Einn af hverjum tíu bílum sem skráðir eru í landinu er óskoðaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

rétt tæplega tíundi hluti allra ökutækja. „Þessi vanræksla hefur verið áhyggjuefni árum og ára-

tugum saman,“ segir í athugasemdunum og að skilvirk úrræði hafi skort til eftirfylgni. Þá segir að ætla megi að hluti óskoðaðra ökutækja í umferðinni sé í lélegu ástandi og geti skapað hættu.

Í gildandi lögum er heimild fyrir lögreglu að leggja á gjald vegna vanrækslu á að færa ökutækni til skoðunar. Þá heimild hefur lögregla hins vegar ekki nýtt, að því er fram kemur í athugasemdum frumvarpsins. Þar segir líka að þyki einhverjum fyrirhugað gjald vegna trassaskaparins hátt megi benda á að auðveldlega megi komast hjá því að það sé lagt á.

- bps

Grunur um íkveikju í skóla: Nítján börn létust í eldsvoða

ÚGANDA, AP Nítján börn og tveir fullorðnir létust þegar eldur kviknaði í heimavist skóla í bænum Kampala í Úganda. Grunur leikur á að kveikt hafi verið í af ásetningu.

„Bráðabirgðarannsókn sýnir að þarna hafi verið framin morð,“ sagði Kale Kaihura, yfirmaður rannsóknarlögreglunnar, eftir að hafa rætt við kennara og nemendur skólans.

Þegar eldurinn barst í sjálft skólahúsið var heimavist stúlkna að mestu brunni til grunna. Á heimavistinni voru 58 stúlkur, en sumum þeirra tókst að komast út um glugga.

- gb

FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA.

Skoda Octavia 1,9 TDI® - 4,9 lítrar á hundraðið

Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® disilvélin, skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum aksturseguleikum. Skoðuðu Skoda Octavia - bíllinn sem eyðir svo miklu miklu minna.



VESTMANNAEYJAR

Drullusokkar halda sýningu

Mótorhjólafélagið MC Drullusokkar 2008 hefur fengið leyfi frá menningar- og tómstundaráði Vestmannaeyja til fá gamla salinn í íþróttahúsinu endurgjaldslaust undir mótorhjóla-sýningu svo fremi sem sýningin stangist ekki á við aðrar bókanir í húsinu.

SANDGERÐI

Má veiða mink

Einn íbúa Sandgerðis hefur fengið umbeðið leyfi frá bæjarráði til að veiða mink í landi sveitarfélagsins.

HÓLMAVÍK

Eitt barn á biðlista

Aðeins eitt barn er á biðlista á leikskólanum Lækjarbrekku í Hólmavík, sem nú auglýsir eftir starfsfólki í tvö störf auk afleysingamanneskju, að því er fram kemur á strandir.is.

Göngustíg frá Ægisíðu upp í Elliðaárdal verður breytt í sumar:

Göngustígurinn verður beinni og öruggari

ÚTIVIST Göngustígurinn sem liggur frá Ægisíðu upp í Elliðaárdal verður víkkaður til muna í sumar og samhliða honum verður lagður nýr stígur eingöngu ætlaður fyrir hjólréidamenn. Aðgerðirnar ganga undir nafninu Göngum meira, hjólum lengra og eru liður í átaksverkefninu Grænum skrefum í Reykjavík.

Gísli Marteinn Baldursson í skipulagsráði Reykjavíkurborgar segir markmiðið með þessum aðgerðum fyrst og fremst vera að auka umferðaröryggi á stígunum þannig að ekki ægi öllu saman, gangandi, hjólandi og skautandi vegfarendum: „Að mér vitandi hafa ekki orðið alvarleg slys á stígunum hingað til en vissulega hafa orðið árekstrar. Því er kjörið að grípa til aðgerða áður en einhver verður fyrir alvarlegum meiðslum.“

Frumhönnun breytinga á stígunum hefur staðið yfir í nokkra mánuði og er langt á veg komin. Aðgerðir hefjast svo í sumar.

„Við ætlum að gera leiðina bæði beinni og öruggari fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Sér hjóla-stígur verður lagður þar sem fólk getur hjólað á miklum hraða án þess að að valda þeim sem gangandi eru óþægindum. Einnig ætlum við að lýsa stíginum betur upp og leggja hann upp á nýtt á köflum þannig að brekkum og beygjum fækki. Stígurinn er eitt best nýtt útivistarsvæði borgarinnar og þetta er þarft framtak,“ segir Gísli.

- kg

STÆKKADUR Framkvæmdirnar í sumar gera stígin beinni og öruggari.

FRÉTTABLAÐIÐ/JAK



Alþjóðasamtök þingmanna:
Aðeins fimmti hver er kona

HÖFÐABORG, AP Innan við átján af hundraði þingmanna í heiminum eru konur og hlutfallið er hærra á þjóðþingum margra þróunarlanda en rötgróinna vestrænna lýðræðisríkja. Þetta kemur fram í úttekt sem lögð var fram á ársþingi Alþjóða þingmannasambandsins í Höfðaborg í Suður-Afríku. Þrír alþingismenn sitja þingið. Í úttektinni kemur fram að hæst er hlutfall þingkvenna á þingi Rúanda, 48 prósent. Næst þar á eftir koma þingin í Svíþjóð, Finnlandi og Argentínu. Bandaríkjaþing er í 71. sæti með 16 prósent. Þriðjungur fulltrúa á Alþingi Íslendinga eru konur. - aa

Stjórnarandstaðan í Simbabve treystir ekki kjörstjórn til að halda kosningar:

Lítið varð úr boðuðum verkfallsaðgerðum

SIMBABVE, AP Stjórnarandstaðan í Simbabve segist því aðeins taka þátt í seinni umferð forsetakosninga að alþjóðasamfélagið stjórni framkvæmd þeirra. Stjórnarandstaðan boðaði í gær til allsherjarverkfalls um land allt, en lítið varð úr því og margir íbúar í höfuðborginni Harare sögðust ekkert hafa orðið varir við neitt verkfall. Úrslit forsetakosninga, sem haldnar voru fyrir tæpum þremur vikum, hafa enn ekki verið birt opinberlega. Morgan Tsvangirai, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, segist hafa öruggar heimildir fyrir því að hann hafi sigrað

í kosningunum. Tregða stjórnvalda til að birta niðurstöðurnar, þykir staðfesta það. Robert Mugabe forseti krefst þess að haldin verði önnur umferð kosninganna. Lögregla og her landsins standa með forsetanum og hafa viðbúnað til að hindra verkfallsaðgerðir. „Tsvangirai er til í að taka þátt í seinni umferð svo fremi sem próunarsamtök Suður-Afríku og alþjóðasamfélagið stjórni framkvæmd þeirra,“ segir George Sibotshiwe, talsmaður Tsvangirais. „Kjörstjórnin hefur greinilega enga burði til að halda trúverðugar kosningar.“ - gb



EKKERT VERK FALL Íbúar í Harare héldu til vinnu sinnar í gær, þrátt fyrir boðaðar verkfallsaðgerðir. NORDICPHOTOS/AFP

SIMPLY CLEVER



JONSSON & LE MACAS • JULIA • SIA

HEKLA Laugavegi 172-174 • Sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is • Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranes • Ísafjörður • Reyðarfjörður • Reykjanesbær • Selfoss

Lögreglustjóri rekinn í Íran:
Fannst nakinn á vændishúsi

ÍRAN, AP Reza Zarei, lögreglustjóri í Teheran, höfuðborg Írans, var í síðasta mánuði handtekinn og rekinn eftir að hann var tekinn nakinn í bólinu með sex konum á vændishúsi í borginni. Talsmaður lögreglufyrivalda í Íran, skýrði frá þessu í gær. Málið hefur vakið mikla athygli í Íran, þar sem vændi er ólöglegt og illa séð að tala opinberlega um kynlíf. Stjórnvöld hafa allt fram á síðustu ár ekki viljað viðurkenna að vændi þekkist í landinu, en vændiskonur hafa þó orðið æ meira áberandi síðustu misseri. Lögreglustjórnin fyrirverandi hafði haft umsjón með því að útrýma spillingu og síðleysi í borginni, og meðal annars staðið fyrir handtökum á ungu fólki sem virti ekki reglur íslamstrúar um klæðaburð eða samskipti kynjanna. - gb

Kosovostjórn segir ekkert hæft í ásökunum um líffærastuld sumarið 1999:

Serbar krefjast rannsóknar

KOSOVO Stjórn hins nýstofnaða Kosovoríkis hefur engan áhuga á að láta rannsaka ásakanir um að Kosovo-Albanir hafi árið 1999 drepið hóp ungra Serba til að selja úr þeim líffæri. Ríkisstjórn Serbíu hyggst hins vegar fara formlega fram á það að stríðsglæpadómstóll í Haag hefji rannsókn á málinu. Carla del Ponte, fyrirverandi aðalsaksóknari stríðsglæpadómstóls í Haag, segir í nýrri bók sinni frá því að dómstólnum hafi borist upplýsingar um að sumarið 1999, undir lok Kosovostríðsins eða jafnvel eftir að því var nýlukið, hafi hópur Serba verið fluttur til Albaníu þar sem læknar hafi fjarlægt líffæri úr einstaklingum úr hópnum. Þetta hafi gerst með vitneskju hátt settra foringja í KLA, Frelsisher Kosovo, en eðsti leiðtogi hans er Hasim Thaci, núverandi forsætisráðherra Kosovo. Del Ponte fór árið 2002 ásamt starfsfólki dómstólsins á staðinn, skammt norður af Pristina, höfuðborg Albaníu, þar sem brotnám líffaranna var sagt hafa átt sér stað. Í húsi þar fundust meðal annars leifar af blóði, sprautunálar og vöðvaslökunarlyf sem oft eru notuð við skurðaðgerðir. Þessi fundur styður ásakanirnar, sem upphaflega



FORSÆTISRÁÐHERRA KOSOVO Hasim Thaci er fyrirverandi leiðtogi KLA, hersveitanna sem sakaðar eru um líffærasmýgl. NORDICPHOTOS/AFP

bárust frá blaðamönnum og starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna, en nægir þó ekki til að sanna neitt. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch segja ásakanir Cörlu del Ponte svo vel rökstuddar að hefja þurfi rannsókn á málinu hið fyrsta. - gb

340 teknir frá áramótum:
Hraðakstur við Hvolsvöll

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Hvolsvelli tók 27 öikumenn fyrir hraðakstur í umdæmi sínu í síðustu viku. Sá sem hraðast ók var á 139 kílómetra hraða og óku sjö öikumenn á yfir 120 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er níutíu kílómetrar á klukkustund. Frá áramótum hafa 340 öikumenn verið teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu. Jafngildir það því að rúmlega þrjú öikumenn hafi verið teknir fyrir hraðakstur í umdæminu á degi hverjum. Af þeim voru 53 á yfir 120 kílómetra hraða. Sá sem hraðast ók var á 171 kílómetra hraða á klukkustund, sem er tæplega helmingi meiri hraði en leyfilegur er. - ovd

Berlusconi snýr aftur til valda á Ítalíu.

Umboð til umbóta

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Silvio Berlusconi, hinn skrautlegi „Cavaliere“, snýr aftur til valda. Ítalskir kjósendur ákváðu í kosningunum sem fram fóru á sunnudag og mánudag að gefa honum nýtt tækifæri, eftir að miðju-vinstristjórn Romanos Prodi hafði spilað frá sér vinsældum og trúverðugleika með auknum álögum á almenning og ráðaleysi í mörgum málum sem mest brunnu á fólki, eins og úrbótum í efnahags-, innflytjenda- og sorphirðumálum. Forsætisráðherraefni endurskipulagðs miðju-vintribandalagsins, Walter Veltroni, tókst ekki að þvo hendur sínar af óvinsældum Prodi-stjórnarinnar og situr uppi með að hafa lotið í lægra haldi fyrir fjölmiðlajöfrinum umdeilda sem kominn er á áttæðisaldur.

Berlusconi tekur við erfiðu búi. Höfuðvandamálin sem við er að etja á Ítalíu hafa legið fyrir í mörg ár: ítalska ríkið þarf á viðtæku umbótaátaki að halda til að færa stofnanir þess, stjórnsýslu og efnahagslíf til nútímalegri og skilvirkari vegar. En hvorki spilling og skipulögð glæpastarfsemi sem flett hefur verið ofan af, né síversnandi efnahagsástand og þaðan af síður heitstrengingar stjórnmalamanna hafa dugað til að koma umbótum áleiðis. Það hefur heldur engu breytt að völdin færðust á víxl milli hægri- og vinstriblokkarinnar á síðustu árum; hömlurnar gegn því að umbætur kæmust í framkvæmd hafa reynt of sterkar.

Þetta er síðasta tækifæri Berlusconi til að marka spor sín í ítalska stjórnmalasögu. Það vill hann nýta til að gera hluti sem hans verður minnt fyrir.

Tvennt varðandi kosningaúrslitin nú gefur þó hóflega ástæðu til bjartsýni. Í fyrsta lagi hefur Berlusconi traustan meirihluta í báðum þingdeildum að baki sér, sem setur hann í mun sterkari stöðu til að koma nauðsynlegum umbótamálum í gegn en fyrri ríkisstjórn var í aðstöðu til að gera. Í öðru lagi virðist Berlusconi gera sér fulla grein fyrir því að nú sé komið að því að efna gefin fyrirheit um umbætur, þótt á þeim sex árum sem hann var forsætisráðherra hafi alls konar önnur mál – sem gjarnan tengdust hagsmunagæzlu fyrir fyrirtækjasamsteypu hans og persónulegri glímu forsætisráðherrans við réttarkerfið – flækzt fyrir því að hin fögru fyrirheit kæmust til framkvæmda. Spyrja má hvort maður sem kominn er yfir sjötugt hafi yfir þeirri orku að búa sem þarf til að árangur náist í þessum slag við tregðu umbótaóviljugs kerfisbákn, en á hinn bóginn má vænta þess að einmitt vegna þess að þetta er síðasta tækifæri Berlusconi til að marka spor sín í ítalska stjórnmalasögu vilji hann nýta það til að gera hluti sem hans verður minnt fyrir. Þýðingarmeiri hluti en óvarkárar yfirlýsingar um menn og málefni sem annars hafa markað mjög orðstír hans til þessa.

Fyrstu ummæli Berlusconi í sigurgledinni að kvöldi kjördags gefa ástæðu til að trúa því að þetta sé einmitt tilfellið. Hann lýsti því strax yfir að erfiðir tímar væru framundan. Ríkisstjórn hans yrði að hrinda sársaukafullum umbótum í framkvæmd. Þá er bara eftir að sjá hvort hann getur staðið við stóru orðin – og treyst á að bandamenn hans sem sjá honum fyrir þingmeirihluta á borð við hinn umdeilda foringja Norðurbandalagsins, Umberto Bossi, bregðist ekki þegar á hölminn er komið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ | ÚTGÁFUFLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson | **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir | **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldósson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). | **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. | **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. | **ISSN** 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fátt sameiginlegt

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Möður Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar, eru bæði ósátt við tillögur Samtaka atvinnulífsins um að íslensk fyrirtæki taki upp evru. Ragnheiður Elín og Möður eiga annað sameiginlegt, til dæmis hafa bæði verið aðstoðarmenn fyrrverandi fjármálaráðherra, þeirra Geirs H. Haarde og Ólafs Ragnars Grímssonar. En þá er það um það bil upptalið, það litla sem þau eiga sameiginlegt.

Útlagastjórnin

Prettán þingmenn og þrjú ráðherrar voru í útlöndum í gær. Það

sætir tíðindum að mati Sunnlendingsins Bjarna Harðarsonar, sem skrifar á heimasíðu sína: „Við Íslendingar höfum nú átt margskonar stjórnir, bæði utanþingsstjórn, þjóðstjórn, vinstri stjórn, viðreisnarstjórn, nýsköpunarstjórn en aldrei fyrr en nú höfum við átt að hætti stríðshráðra landa ÚTLAGASTJÓRN.“

Gleyminn ritstjóri

Sigurjón Egilsson ritstjóri heldur því fram á vef Mannlífs að í nýlegu viðtali við blaðið hafi Jón Baldvin Hannibalsson nefnt það „fyrstur manna“ að skipta



aetti út stjórnendum Seðlabankans. Nú hafi Þorvaldur Gylfason prófessor og Gylfi Magnússon dósent tekið undir með honum. Þetta er auðvitað þvæla því þessi sjónarmið hafa komið fram margt og löngu áður en þau hrutu af vörum Jóns Baldvins í Mannlífi. Sem dæmi má nefna að Þorvaldur Gylfason gagnrýndi það mjög þegar Davíð Oddsson var skipaður seðlabankastjóri 2005 og sagði það ganga í berhöggt við markmið laga um að auka sjálfstæði Seðlabankans. Hann hefur líka skrifað nokkrar greinar í Fréttablaðið um að skipta verði um seðlabankastjóra. Þetta aetti Sigurjón að vita, hann vann jú á Fréttablaðinu. bergsteinn@frettabladid.is

Ólympíuleikar

Ólympíuleikarnir hófust í París mánudaginn 7. apríl, vasklega var keppt og mörg met voru sett. Þótt keppnisgreinarnar væru að vísu ekki þær sömu og verða í Peking í sumar þegar leikunum verður þar haldið áfram, er hætt við að sá árangur sem náðist í París muni skyggja nokkuð á það sem fara mun fram í höfuðstað Miðríkisins, hvað sem það verður.

Það er erfiðt að veiga og dæma öll þau frækilegu afrek sem unnin voru þennan dag og raða þeim niður enda virðist engin metaskrá hafa verið birt, a.m.k. ekki enn sem komið er. Þó er óhætt að fullyrða að gullverðlaun í hindrunarhlaupi fékk það fileflda lið sem bar Ólympíukyndilinn tuttugu og átta km fram og aftur gegnum París.

Hlaupið hófst við Eiffelturninn, þar sem einhverjir gárungar höfðu sett upp stóran borða með merki Ólympíuleikanna, hringunum fimm, umbreyttum í handjárn, og lagði fyrsti hlauparinn af stað kl. hálf eitt, að hátiðaræðunni lokinni. Hann var kominn heila sex metra, þegar formaður „græningja“ í borgarstjórn Parísar reyndi að hrifsa kyndilinn úr höndum hans. En hann sleppti ekki takinu, og fimm menn drógu græningjann burt. Korterí síðar, við Tokyo-höll, geystist fram kona ein, varaformaður „græningja“ í héraðsstjórn Parísarhéraðsins, og réðst á kyndilinn með slökkvitæki að vopni. Hún einnig var dregin burtu, en kyndilberinn sá þann kost vænstan að leita skjóls í strætisvagni sem til þess var ætlaður.

Hálftíma síðar sté hlauparinn út úr vagninum, en varð að hörfa þangað aftur, þegar lögreglumenn handsömuðu fimmtuga konu sem virtist til alls vís, hrintu henni og drógu hana á braut. Haldið var upp á Stjórnurtorg og þaðan hljóp kyndilberinn hetjulega niður Ódáinsvelli, en á leiðinni var margsinis reynt að slökkva á



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Hindrunarhlaup

kyndilinum með því að sprauta vatni og alls kyns vökvum öðrum. Utan í einu íbúðarhúsinu var aftur breiddur borði með Ólympíumerkinu umbreyttu. Við Tuileriesgarðinn, í grennd við Louvre, var í annað sinn reynt að ráðast á kyndilinn með slökkvitæki, og þá leitaði kyndilberinn skjóls í strætisvagni. Þegar komið var að ráðhúsi Parísar opnaðist gluggi á annarri hæð, og þar birtust tvær hendur sem veifuðu fána Tíbet. Þá töldu menn að komið væri fullnóg af hindrunum, einhverri athöfn við ráðhúsið var aflýst í skyndi, og kínverski sendiherrann sem var eins konar síðameistari í prósessunni ákvað að nú skyldi haldið beint til áfangastaðar, á íþróttavellinum í Charlety, án þess að frekar yrði stoppað.

Þangað kom kyndillinn klukkutíma á eftir áætlan og var þá í strætisvagni eins og oflega á leiðinni; sögðu sumir að á honum hefði slöknað fimm snum. Í lokin var loginn geymdur undir gleri eins og í námumannalampa. Kínverski sendiherrann hélt ræðu yfir hausamótunum á tvö hundruð sálum í Charlety og talaði um Coubertin, bræðralag og kyndilinn sem brann. Haglél tók að lemja Parísarborg.

Gullverðlaun í klifri fékk tvímælalaust sá fullhugi sem las sig upp framhljóða á Vorrar Frúar kirkju að utan í skjóli nætur og hafði ekki annan búnað en svefnpoka. Þegar komið var upp í annan turninn lagðist hann fyrir í svefnpokanum og sofnaði þar svefni hinna réttlátu. En hann

vaknaði reidubúinn til dáða þegar prósessían með kyndilinn kom að kirkjunni og breiddi þá út heljarstóran borða sem hékk niður meðfram framhliðinni. Á honum gat að líta sömu útgáfu af Ólympíumerkinu og menn höfðu þá þegar séð á Eiffel-turninum og á Ódáinsvöllum.

Gullverðlaun í óvæntri mót-mælaaðgerð fengu fjórutíu þingmenn, bæði hægri og vinstri, sem stilltu sér upp í röð á veggnum umhverfis þinghúsið, hver og einn með breiðan borða í frönsku fánalitunum yfir vinstri öxl og hægri mjööm, en það er merki kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Sagt er að einhver þeirra hafi haft á orði að þeir skyldu loka Boulevard Saint-Germain sem var leið prósessiunnar, kannske með götuvígi, en þeir hafi ekki treyst sér í lögguna. „Hvað yrði nú úr okkur ef kínverski herinn kæmi?“ á þá annar þeirra að hafa sagt. Þeir létu sér því nægja að bera risastóran borða með áletruninni „virda ber mannréttindi í Kína“. Um leið og kyndillinn kom að þinghúsinu hófu þingmennirnir upp sína raust allir sem einn og fóru að syngja franska þjóðsönginn, sem er, eins og menn vita, baráttusöngur gegn harðstjórum.

Bronsverðlaun fyrir barsmíðar fékk lögreglan í París. Þrjú þúsund lögreglumenn voru kallaðir út, gangandi, ríðandi, á vélhjólum og í þylrum, og gengu þeir vel fram í að hrinda konum, draga þær eftir götunni og berjast menn blóðuga, einnig lúðröðu þeir sjónvarpsmann við myndatöku. En einhvern veginn fannst manni lögreglan ekki vera í fullri þjálfun og víst er að henni hefur farið aftur síðan í maí og júní '68. Því á hún ekki skilið meira en brons.

Þetta er vafalaust huggun fyrir Kínverja. Í þessari grein geta þeir heldur en ekki bætt um betur; lögreglan og herinn eru þegar byrjuð að sópa að sér gullinu í Tíbet, og ekki sér fyrir endann á því.

Borgarbörn

UMRÆÐAN

Borgarmál

Það er ekkert yndislegra en að eignast barn. Nú mánaða meðganga og 9 mánaða fæðingarorlof er tími sem foreldrar muna alltaf sem ánægjulegan í lífi sínu. Sumir hafa einstakt tækifæri til vera hjá ungabarni einhverja mánuði í viðbót. Að því loknu taka hins vegar við erfiðir 9 mánuðir þar sem foreldrar leita að og biða eftir dagvistun. Foreldrar hafa lengi óskað eftir því að þetta bil verði brúað.

Ný aðgerðaráætlun sem ber nafnið Borgarbörn var samþykkt í leikskólaráði í síðustu viku, og sýnir tímasettar og raunhæfar aðgerðir að því markmiði að foreldrar reykviskra barna hafi val um dagvistun 2012 að loknu fæðingarorlofi. Á næstu þremur árum verður leikskólaláttum fjölgað í nýjum leikskólum og nýjum deildum bætt við rötgróna leikskóla. Einnig verða í áætluninni nýjungar á borð við ný úrræði í þjónustu dagforeldra, hækkun niðurgreiðsna til dagforeldra, þjónustutrygging,



PORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

ungbarnaskólar, jöfnun niðurgreiðsna til sjálfstætt rekinna leikskóla, rafræn innritun í leikskóla sem og upplýsingavefur um dagvistunarmöguleika.

Þjónustutrygging er tímabundið úrræði fyrir foreldra sem eru á biðlista eftir plássu fyrir barn sitt. Þjónustutrygging stendur foreldrum til boða frá 1. september á þessu ári og er jafn há greiðsla og Reykjavíkurborg greiðir með barni sem er í vistun hjá dagforeldri, eða 35.000 kr., en fellur niður þegar barn fær boð um vistun í leikskóla eða gefst kostur á dagforeldri að ósk foreldra. Foreldrar sem þiggja þjónustu-

tryggingu en ráðstafa henni ekki til þriðja aðila skipta á milli sín greiðslutímabilinu líkt og lög um fæðingarorlof gera ráð fyrir. Þjónustutrygging byggir þannig á hugmyndum um réttlæti og jafnrétti á þann hátt að yfirvöldum ber skylda til að tryggja jafnræði borgaranna og jafnrétti kynja, þannig að reglur um fæðingarorlof foreldra eru nýttar til að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína og gera þeim kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Höfundur er borgarfulltrúi.

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

SPARAKSTUR

Með réttu aksturslagi má spara nokkrar krónur sem annars hefðu farið í bensín. Auk þess verður mengunin minni.

BÍLAR 2



BÍÓ Á SNERTISKJÁ

Breytingar á Boeing 757 farþegavélum Icelandair standa nú yfir en í vélarnar er verið að setja ný sæti og afþreyingarkerfi.

FERÐIR 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA VEIÐI VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?

VERTU KLÁR FYRIR SUMARID!
BÓKLEGT BIFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is

ekill

www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985



Mikill hamangangur var á flugvellinum á heimleiðinni sem endaði þó vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Öðruvísi líf í Egyptalandi

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og eigandi gydja.is, fór í stórskemmtilega ferð til Egyptalands yfir jól og áramót þar sem hún upplifði óvenjulega hluti ásamt fjölskyldu sinni.

Sigrún Lilja tók strax eftir því að mikill menningarlegur munur er á Egyptalandi og þeim löndum Evrópu sem hún hefur heimsótt. Hún og fjölskylda hennar voru í Hurghada í Egyptalandi á hóteli sem heitir Marriott. Þaðan fóru þau í skoðanaferðir til Luxor, Dals konungana og sáu Pýramíðana. Einnig fóru þau í stutta siglingu um ána Níl og til Kaíró.

„Það var mjög sérstakt að koma til Kaíró og sjá hvað menningarlegi munurinn er mikill. Konurnar voru huldar með slæðum frá toppi til tår og rétt sást í augu þeirra. Í umferðinni sáu menn ríðandi á ösnum og bílarnir voru margir hverjir að hruni komnir. En á ferðamannastöðunum var notast við nýjar rútur og allt í hæsta gæðaflokki, þjónustan alveg framúrskarandi og allt eins gott og á verður kosið,“ segir Sigrún Lilja.

Á flugvellinum í Hurghada lentu Sigrún Lilja og fjölskylda hennar svo í furðulegri lífsreynslu. „Við

vorum í rólegheitum að pakka niður og ætluðum að mæta upp á flugvöll tveimur tímum fyrir brottför, eins og venjan er. En þá fréttum við að það þyrfti lágmark 3-4 tíma uppá flugvelli til að eiga möguleika á því að ná vélinni. Það fór allt í kerfi og við þutum upp á flugvöll og þá tók á móti okkur heldur betur skritin sjón. Fólk var að troðast hvert ofan á öðru til að reyna að komast inn á flugvöllinn og í gegnum eitt öryggishlið sem var fyrir allt þetta fólk. Þegar inn á flugvöllinn var komið hélt þetta áfram í gegnum hann allan alveg að hliðinu. Flugvöllurinn var allt of lítill og að springa. Við sáum gamalt fólk vera farið að slást til að komast í gegn og ná flugvélinni sinni. Við vorum ekkert með lítinn farangur og það gekk mikið á við að troða okkur í gegnum þvöguna með allar töskurnar.

Fólk var orðið vægast sagt pirrað og farið að tapa glórunni hvert af öðru. Aðra eins flugvallarlífsreynslu hefur maður aldrei vitað um og vorum við gjörsamlega uppgefin þegar að hliðinu var komið og furðulostin eftir þessa reynslu, og þegar nokkrar mínútur voru þangað til vélin átti að fara var okkur tilkynnt að henni væri seinkað,“ lýsir Sigrún sem segist þó ætla að fara aftur einhvern daginn til Egyptalands og það sem allra fyrst. mikael@frettabladid.is

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Allt á einum stað!

- Hjólbarðþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþríf og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

Dekkjaþjónusta



Smurþjónusta



Bón og þvottur



BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ

SMUR- BÓN OG DEKKJAPJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

VARAHLUTIR
AUKAHLUTIR

VIÐ SÉRPÖNTUM Í ALLAR GERÐIR AF AMERÍSKUM BÍLUM..

LÁTTU OKKUR SJÁ UM AÐ ÞJÓNUSTA BÍLINN ÞINN...

YFIR 30 ÁRA REYNISLA Í SÉRPÖNTUNUM

Bílahúð Benna
Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000
www.benni.is

Minni útgjöld og mengun

Ökukennarinn Grétar H. Guðmundsson sérhæfir sig í kennslu vistaksturs og hefur kennt fjölmörgum bílstjórum vistvænna aksturslag.



Grétar H. Guðmundsson segist finna fyrir auknum áhuga á vistakstri.

FRÉTTABLAÐIÐ/WALLI

„Ég varð mér úti um kennara- réttindi í vistakstri hjá Ökukennarafélagi Íslands fyrir nokkrum árum. Við erum nokkrir kennarar sem höfum leyfi til að kenna undir merkjum eco-driving sem er aðferð sem var þróuð í Finnlandi,“ segir ökukennarinn Grétar Guðmundsson.

Grétar hefur kennt bílstjórum margra fyrirtækja vistakstur og þá sérstaklega á landsbyggðinni, en hann er sjálfur búsettur í nágrenni Hellu. „Ég er um þessar mundir að vinna með Landgræðsluna en hef til dæmis kennt bílstjórum hjá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og hjá Mjólkurbúí Flóamanna. Svo tek ég bílstjóra hjá Guðmundi Tyrfinngssyni á hverju ári. Hjá Ökukennarafélaginu höfum við einnig kennt bílstjórum hjá Strætó, Hópbílum og Orkuveitu Reykjavíkur svo eitthvað sé nefnt,“ segir Grétar.

Kennslan fer þannig fram að nemendur keyra ákveðinn hring sem Grétar vísar þeim á. Síðan fer hann yfir það hvernig hann vill að þeir breyti akstri sínum. Að því loknu keyra þeir sama hring á ný. Grétar er með tölvu í bílnum sem skráir niður meðal-

eyöslu, meðalhraða og aksturs- tíma og er að meðaltali um 10 prósentu lækkun á eldsneytisnotkun á milli ferða án þess að menn tapi tíma.

Til að ná fram þessum árangri leggur Grétar meðal annars áherslu á að menn haldi jöfnum hraða og nýti hreyfiorkuna í bílnum betur. Hann segir einnig mikilvægt að hafa lengra bíl á milli bíla til þess að bíllinn á undan sé ekki að stjórna ferðinni með sínum hraðabreytingum. Hann nefnir einnig að menn þurfi að nýta flæðið í brekkum betur á niðurleið og kennir aðferðir til að eyða litlu á uppleið.

„Ég þori að fullyrða að þetta aksturslag eykur umferðaröryggi og dregur úr viðhaldskostnaði bíla. Það dregur einnig úr eldsneytisneyslu, sem kemur sér vel nú þegar bensínid hefur hækkað, og er um leið umhverfisvænna,“ segir Grétar.

Grétar segist hafa fundið fyrir auknum áhuga á vistakstri undanfarna mánuði en á meðan á þenslunni stóð var minna um að fyrirtæki legðu áherslu á að bílstjórar þeirra tileinkuðu sér vistvænt aksturslag. „Nú líta menn á þetta sem lið í því að draga úr rekstrarkostnaði,“ segir Grétar.

vera@frettabladid.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Nýr Subaru Justy

INGVAR HELGASON HEFUR FENGIÐ NÝJA SUBARU JUSTY BÍLA TIL LANDSINS.

Hinn nýi Subaru Justy er einn sparneytnasti bíllinn í sínum flokki og CO2 mengun er innan þeirra marka sem veitir honum frí bílastæði í miðbænum.

Subaru Justy er rúmgóður og vel útbúinn. Hann er með loftkælingu, álfelgum og tengi fyrir iPod. Allt þetta kemur sem staðalbúnaður. Justy hefur hlotið verðlaun fyrir öryggi en í honum eru sex loftþúðar, í mælaborðinu, hliðunum í sætum auk svokallaðra gardínuloftþúða.

Sjálfvirk bremsujöfnun með hjálparátaki er í öllum Subaru Justy bílum. Vélin er sextíu og níu hestafla og þriggja strokka. Subaru Justy er þægilegur í umgengi og öku- maður og farþegar sitja hátt og hafa góða yfirsýn. Verð frá 1.690.000 krónum.

- mmm



www.alorka.is

Sumardekk – hjólbardapjónusta

Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.

BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarda

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

ALORKA

Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080

Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900



Koma má í veg fyrir að sólargeislar uppliti húsgögn.



Fellirúllurnar má smíða í hvaða glugga sem er.

Gluggarnir alltaf vel varðir

Fellirúllur eru nýjung hér á landi. Margir kannast þó við þær frá löndum í Evrópu en talið er að á niúttu prósentum heimila á meginlandi Evrópu séu fellirúllur fyrir gluggunum.

Í mörgum tilfellum koma fellirúllurnar í stað gluggatjalda en einnig þjóna þær því hlutverki að byrgja gluggana fyrir utankomandi. Það er fyrirtekið Víðitré á Egilsstöðum sem er farið að bjóða upp á fellirúllur, en það er einnig með ýmsar vörur sem tengjast byggingariðnaði, bæði frá Þýskalandi og Póllandi.

Fellirúllurnar má setja upp innandyrna jafnt sem utan og hægt er að setja þær upp í nýjum sem gömlum húsum. Fellirúllurnar koma í öllum stærðum og gerðum og margir litir eru í boði. Sumarbústaða-

eigendur geta til dæmis kynnt sér kosti fellirúlla þegar hugað er að því að loka bústaðnum fyrir veturinn, eða þegar enginn er í honum.

Fellirúllurnar auka öryggi og þá sérstaklega fyrir innbrotum. Þær eru úr sterku áli og er erfitt að komast í gegnum það. Með fellirúllunum má einnig koma í veg fyrir að húsgögn og sófar upplitist vegna sólarljóss.

Notagildi fellirúllnanna er margvíslegt, allt frá orkusparnaði til öryggis. Með þeim má halda hitastigi húsa stöðugu, og þær koma í veg fyrir hávaða frá umhverfinu. Fellirúllurnar veita vernd gegn foki og vindum ásamt mörgu öðru. Nánari upplýsingar um fellirúllurnar fást hjá Víðitré í síma 866-6239 eða með því að senda tölvupóst á netfangið viditre@sinnet.is.

mikael@frettabladid.is

MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

**YFIR 25 ÁRA REYNSLA
Á ÍSLANDI
MEÐ KERTO LÍMTRÉ**

**Notaðu KERTO LÍMTRÉ í burðarvirkið
KERTO LÍMTRÉ í milligólfíð
KERTO LÍMTRÉ það sem fagmenn velja
Sagað eftir þínum málum**

**KERTO LÍMTRÉ fyrir þá sem vilja
gæði og hagkvæmni.**

SKRIFSTOFA: HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606
VERKSMÍÐJA: NORÐURGARÐUR 8 • MOSFELL@MOSFELL.IS

Visthús KLH[®] ehf

Velkomin á Verk og vit um helgina



Byggjum allar gerðir mannvirkja með **KLH**

Vistvænar, gegnheilar og sérsniðnar krosslímtréplötur frá Austurríki



Dæmi um heilsárshús

Upp á einum degi með **KLH**

Verðdæmi 80 m²: 2.850.000 kr upp komið

Allt KLH efni upp komið, útveggir, milliveggir og þak, miðað við að komu að tilbúnum undirstöðum.


Viðmiðunargengi EUR 116 kr Flatarmál húss 80 m² Þakplata 100 m² Hæð 2,7 m. Gluggar og hurðir ekki í verði. Þá er húsið fokhellt og tilbúið til innréttinga.



Gegnheilt krosslímtré í þaki og veggjum
Lagnastokkar í veggjum
Enginn biti í þaki



Þú getur hannað og breytt teikningum að vild með KLH og sent okkur þín hugmynd. Við veitum þér kostnaðarmat í þak, útveggi, milliveggi og gólf.



Sérsniðum burðarvirki eftir teikningum. Dæmi um ytri frágang: Allar klæðningar mögulegar. Þess vegna múrhúðun.



Upp á einum degi með **KLH**

Verðdæmi 93,5 m²: 4.199.000 kr Allt KLH efni upp komið, útveggir, milliveggir og þak. Viðmið EUR 116 og bestun í flutningi. Arkitektúr og hönnun: Kollgáta

Dæmi um frístundahús: 135 m²: 4.999.000 kr.



Erum að vinna kostnaðarmat á parhúsi frá Zeppelin arkitektum - 285 m² hvort hús.

Hvað er hægt að byggja hátt með **KLH** ?

Hæsta KLH bygging í Evrópu 2008 verður 8 hæða skrifstofu- og íbúðarmannvirki í London. Segir meira en 1000 orð um stýfingu, styrk, álagssþol og einangrun KLH byggingarefnis.



Dæmi um fjölbýli - Leicester 7 hæðir

Stuttur afgreiðslutími 6-8 vikur fyrir einbýli

ERGO: Fjármagnskostnaður mjög hagfelldur.

Stuttur byggingatími vettvangsröskun stutt

ERGO: Byggingakostnaður - mjög hagfelldur

Mikil framleiðslugeta

ERGO: Þú getum byggt nútímalega, veglega og vistvæna byggð með öllum húsagerðum á hagfelldan hátt. Er þetta nýjung ?

Velkomin í Laugardalshöll um helgina

Íslenskir arkitektar, verkfræðingar, verktakar og iðnaðarmenn eru í öndvegi.

Visthús KLH ehf
S.533 3314 & 896 7080
visthus@visthus.is
www.visthus.is
Skeifan 19 108 Rvk





Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf

Ferðavernd býður upp á bólusetningar og ráðgjöf til ferðamanna. Þjónustan er í umsjón Helga Guðbergssonar, læknis. Vinnuna annast lækna og hjúkrunarfræðingar.

Mikilvægt er að panta bólusetningu og leita ráðgjafar tímanlega áður en haldið er utan.

Tímappantanir í síma: 535 77 00

ferðavernd www.ferdavernd.is

Fuerteventura

3. eða 17. júní

frá kr. 44.990

Frábært sértíloð
Aparthotel Dunas Alisios



Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!

Heimsferðir bjóða frábært sértíloð til Fuerteventura, sem hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað við góðan aðbúnað. Að sjálfsgöðu nýtur þú traustar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann. Dunas Alisios íbúðahótelid í Correlejo er vel staðsett og órutt frá strönd og í stuttu göngufæri frá íðandi mannlífni, veitingastöðum, verslunum og börum. Á hótelinu er góð sólbaðsaðstaða, útisundlaug, barnasundlaug og leikaðstaða fyrir börnin, s.s. barnaklúbbur og skemmtidagskrá, en einnig er sundlaugarbar, billiardborð, tennisvöllur og skvass.

Verð kr. **44.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. **Sértíloð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.**

Verð kr. **54.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. **Sértíloð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.**



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Bíó og leikir um borð

Ný sæti, afþreyingarkerfi og íslensk menning eru aðalmerki ímyndarbreytingar Icelandair sem nú stendur yfir.

Icelandair rekur í dag ellefu Boeing 757 farþegavélar sem eru frá árunum 1989 til 2002. Samhliða nauðsynlegum endurbótum ákvað félagið að ráðast í viðamikla ímyndarbreytingu sem nú stendur yfir.

„Samkeppni meðal alþjóðlegra flugfélaga er meiri en nokkru sinni. Þessar breytingar eru því liður í að marka enn frekar sérstöðu Icelandair. Breytingarnar munu hafa í för með sér auknar tekjur vegna afþreyingarkerfisins. Hinsvegar munum við ekki hækka fargjöldin,“ segir Halldór Harðarson, yfirmaður markaðs- sviðs.

Stærstu breytingarnar eru leðursæti með betra plássi og afþreyingar- og skemmtikerfi fyrir farþega. „Í hverju sætisbaki er snertiskjár með tónlist, kvikmyndum, bæði nýjum og gömlum, sjónvarps- og heimildapáttum auk ýmissa tölvuleikja sem hægt er að spila á milli sæta. Síðan eru í boði upplýsingar um sjálft flugið og að sjálfsgöðu góð kynning á landi og þjóð,“ segir Halldór, en eitt af markmiðunum er að kynna íslenska menningu fyrir ferðalöngum. Í því samhengi nefnir hann hluta úr bókinni Íslendingar eftir Unni Jökulsdóttur og Sigurgeir Sigurjónsson, heimildapætti og íslenskukennslu. Halldór segir þó að kerfið geti ekki tekið við efni af iPod né flakkara.

Hljóðkerfi vélanna hefur einnig verið skipt út og þaðan mun óma tónlist og hljóðverk með skírskotunir í náttúruna, meðal annars eftir tónlistarmennina í Ghostigital, þá Einar Örn og Curver.

Á almennu farrými kostar aðgengi að úrvali kvikmynda tíu dollara, sem er á núgildandi gengi 745 kr. Hinsvegar er aðgengi að öðru efni frítt. Þegar fram líða stundir stendur einnig til að bjóða íslenskar kvikmyndir, að sögn Halldórs.



Guðjón Arngrímsson, talsmaður Icelandair, og Halldór Harðarson markaðsstjóri í æsispennandi leik í nýja afþreyingar- og skemmtikerfi Boeing 757 vélanna.



Flugleiðin kemur fram á nýja snertiskjánum, sem og flugtími sem eftir er.

Nýir einkennisbúningar sem líta dagsins ljós á næstunni eru einnig hluti af heildaryfirhalingu félagsins. Steinunn Sigurðardóttir hönnuður hefur haft veg og vanda og leitað innblásturs í íslenska náttúru. Eldfjöllin okkar koma einnig við sögu og munu vélarnar skarta nöfnum ellefu slíkra þegar

andaðist þriðjudaginn 8. apríl á líknardeild Landspítalans á Landakoti. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 16. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Rannsóknarsjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands. Minningarkort fást hjá Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands. S. 525 5280. Netfang: hildurfr@hi.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

Sigurlaug Reynisdóttir
Melavegi 1a, Njarðvík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans laugardaginn 12. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 18. apríl kl. 14.00.

Sturla Eðvarðsson

Erla María Sturludóttir Jónas Guðni Sævarsson
Svava Rún Sturludóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Karl Kristinn Valdimarsson
áður til heimilis að Brekkustíg 16,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 13. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

María Karlsdóttir Þórhallur Guðmundsson
Valdimar Karlsson Björg Björgvinsdóttir
Kolbrún Karlsdóttir Ásgeir N. Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bryndís Gróa Jónsdóttir
Melteig 22, Keflavík,

verður jarðsett frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 22. apríl kl. 13.00.

Emil Ágústsson

Ingileif Emilsdóttir Snorri Eyjólfsson
Anna María Emilsdóttir Árni Hannesson
Ægir Emilsson Sóley Ragnarsdóttir
Sigríður Þórunn Emilsdóttir
Valdimar Ágúst Emilsson Ágústa Þórðardóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir Arngrímsson
kennari, Kópavogsbraut 51,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 13.00.

Áslaug Jóelsdóttir
Guðný Sverrisdóttir

Margrét Sverrisdóttir Guðmundur H. Friðgeirsson
Guðrún Vigdís Sverrisdóttir Trausti Aðalsteinn Egilsson
Jóel Sverrisson Guðfinna Guðnadóttir
Sveinn Áki Sverrisson Ragnhildur Pála Tómasdóttir
Arngrímur Sverrisson Steinþóra Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Kristín Marteinsdóttir
Hafraholti 30, Ísafirði,

sem lést 5. apríl, verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 19. apríl kl. 14.00. Minningarathöfn verður í Fríkirkjunni í Hafnarfirði þann sama dag kl. 16.30.

Svanbjörn Tryggvason

Brynjar Svanbjörnsson Bára Berg Sævarsdóttir
Marteinn Svanbjörnsson Elín Hólm
Tryggvi Svanbjörnsson
Aron Svanbjörnsson
barnabörn, systkini og fjölskyldur.



50 ára!

Óskar Thorarensen

tónlistarmaður er fimmtugur í dag.

Af því tilefni verður gripid til heljarinnar veislu á Barnum (gamli 22) á 2. hæð, fögnudurinn byrjar kl. 21.00 og eru allir velkomnir.

Safndiskurinn Extreme Chill vol. 3 kemur út sama dag og verður hann ókeypis á meðan birgdir endast....

PETTA GERÐIST: 16. APRÍL 1946

Sýrland öðlast sjálfstæði

Arabíska lýðveldið Sýrland er með landamæri að Tyrklandi í norðri, Írak í austri, Jórdan í suðri og Líbanon í vestri, auk Ísraels og Miðjarðarhafsins.

Sýrland er ung þjóð sem fékk sjálfstæði skömmu eftir seinni heimsstyrjöld. Hins vegar á landið sér mikla og langa sögu. Þar má nefna bæina Ugarit frá 6.000 fyrir Krist og Mari frá 4.000 fyrir Krist sem fundist hafa við fornleifauppgroft.

Rúmlega níutíu prósent Sýrlandinga eru arabar, þar af er hluti Palestínarabará. Aðrir hópar sem búa í landinu eru meðal annars Armenar og Kúrdar. 86 prósent íbúa eru múslímár, þar af stærstur hluti súnnímúslímár.

Tíu til tólf prósent eru kristnir og auk þess eru önnur minni og mismunandi trúfélög. Sýrland hefur lengi átt í útistöðum við Tyrkland vegna landamæra-deilna, auk þess sem Sýrland hefur verið ásakað um að styðja uppreisnarher Kúrda, PKK. Enn fremur hefur stöðug spenna verið í Israel haldið Gólan-hæðum hernumdum síðan í sex daga stríðinu árið 1967. Einnig er Sýrland stöðugt undir smásjá bandarískra yfirvalda sem

halda því fram að Sýrlandingar styðji við hryðjuverk gegn hinum vestræna heimi. Sýrland framleiðir meðal annars textílörur, drykki, tóbak, fosfat, olíu og sement.



ORKUMIKLIR „Stúdentarnir eru stórkostlegur viðskiptahópur. Þeir veita okkur stíft aðhald og senda okkur óspart tóninn ef við getum gert betur. Síðan eru þeir svo þakklátir fyrir það sem vel er gert,“ segir Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA: FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI ÚT ÁRIÐ

Við erum að stimpla okkur inn alveg upp á nýtt á árinu

Félagsstofnun stúdentana fagnar í ár fjörutíu ára afmæli sínu. Stofnunin flutti sig um set í desember síðastliðnum og hefur komið sér vel fyrir í hjarta nýja Háskólatorsins á sjálfu afmælisárinu.

„Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að þjónusta stúdentana við Háskóla Íslands. Þá á ég við rekstur á Stúdentagörðunum þar sem eru sjö hundruð og ellefu leigugeiningar, bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur, Bóksölu stúdentana, sem þjónustar allt háskólastigið hérlandis, þrjá leikskóla, næstum því allan veitingarekstur á háskólasvæðinu, meðal annars Hámu sem er nýr veitingastaður á Háskólatorsinu, sex kaffistofur víða á svæðinu og Stúdentamiðlun þar sem við miðlum hluta- og sumarstörfum fyrir námsmenn. Síðan hýsum við líka Nýsköpunarsjóð námsmanna,“ segir Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

Félagsstofnun stúdentana er að sögn Guðrúnar sjálfseignarstofnun án nokkurra styrkja og markmiðið er aðeins að standa undir rekstri. „Það eina sem við tökum við er hluti af innritunargjaldi Háskóla Íslands. Það fjármagn er þó ekki hugsað í almennan rekstur. Heldur til að gera eitthvað fyrir stúdentana. Þetta er engin hagnaðarstofnun og einu kröfurnar sem við gerum er að hún standi undir sér og að við skilum alltaf nægu fé í viðhaldssjóði á Stúdentagarðana. Einnig er verðlagning í veitingasölu miðuð við núllrekstur,“ útskýrir Guðrún sem

hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra síðastliðin níu ár. „Starfið er ótrúlega skemmtilegt. Fyrir það fyrsta er það ofsalega fjölbreytt. Síðan eru stúdentarnir svo skemmtilegur viðskiptahópur. Þau eru svo orkumikil og áköf. Þau veita okkur stíft aðhald og senda okkur óspart tóninn ef við getum gert betur. Síðan eru þau líka svo þakklát fyrir það sem vel er gert,“ segir Guðrún brosandí.

Hún var á sínum tíma stúdent í viðskiptafræði í Háskóla Íslands og segir stofnunina hafa breyst þó nokkuð á þessum árum. „Ég man vel eftir mínum stúdentarárum. Þá leitaði maður gjarnan í Bóksölu en þá var stofnunin á jaðri svæðisins. Eftir að við fluttum inn á Háskólatorsinn finnst mér við vera að stimpla okkur inn alveg upp á nýtt á sjálfu afmælisárinu. Við erum alveg í miðjunni, í sjálfu hjartanu og þar a leiðandi sýnilegri og vonandi aðgengilegri fyrir stúdentana,“ segir Guðrún.

Þegar stofnunin var sett á laggrinnar var að sögn Guðrúnar litið til nágrannalandsanna eftir göðum ráðum og þá helst til frænda okkar á Norðurlöndunum.

„Við byggjum starfsemina að einhverju leyti eftir finnskri fyrirmynd. Það er margt sem við gerum eins og þau og við heimsækjum Finnana reglulega enn þann dag í dag. Í húsnæðismálum höfum við hinsvegar leitað til Noregs og lítum á þeirra starfsemi sem fyrirmynd,“ útskýrir Guðrún, sem segir starfsemina að sjálfsgöðu hafa aukist og breyst síðastliðin fjörutíu ár.

MERKISATBURÐIR

- 1203 Filippus II Frakkakonungur sameinar Frakkland og Normandí.
- 1915 Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélagsins og fyrsta vélknúna millilandaskipið sem smíðað var fyrir Íslendinga, kemur til Reykjavíkur.
- 1919 Gandhi skipuleggur mót-mæli gegn fjöldamorðum Breta á indverskum mót-mælendum í Amritsar.
- 1954 AA-samtökin stofnuð á Íslandi.
- 1957 Bæjarráð Reykjavíkur samþykkir að fríða Árbæ og næsta nágrenni hans og gera að almenningsgarði.
- 2003 Tíu ríki skrifuðu undir samning um inngöngu í ESB í Apenu.

Aðalfundur Húseigendafélagsins

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2008 verður haldinn miðvikudaginn 23. Apríl n.k. í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, Reykjavík og hefst hann kl. 16.15.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin



AÐALFUNDUR TR

Aðalfundur Trésmiðafélags Reykjavíkur verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl nk. kl. 18:00 í Glaðheimum, félagsheimili Hestamannafélagsins. Gusts við Álalind í Kópavogi.

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar og starfsáætlun
2. Skýrslur fastanefnda
3. Reikningar félagsins og skýrsla endurskoðenda
4. Lagabreytingar (Ný lög)
5. Kosning um sameiningu Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags byggingamanna Eyjafirði
6. Ákvörðun um félagsgjald og mælingagjald.
7. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarmannaráðs
8. Kosning fastanefnda
9. Kosning fulltrúa á aðalfund Sameinaða lífeyrissjóðsins
10. Kosning fulltrúa á ársfund ASÍ
11. Önnur mál

Í fundarhléi verður boðið uppá kvöldverð.

Stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur.

ATH. Tillögur að lagabreytingum liggja frammi á skrifstofu félagsins.

Einnig er hægt að nálgast

þær á heimasíðu félagsins www.trnet.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Smiðir

Erum með vana smíði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

Kraftafl ehf

Múrarak

Erum með vana múrarak sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

Kraftafl ehf

PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616



Vísir hf óskar eftir Háseta á Hrungrnir GK-50 Hrungrnir er línuveiðiskip með beitingarvél.

Nánari upplýsingar eru gefnar í sínum 856-5700 og 852-2350

rh@frettabladid.is

ÚR SMÍÐJU JERRY SEINFELD KEMUR...

LENDIR 17. APRÍL



SENDU **BTC VBM**
Á NÚMERIÐ **1900**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU DVD MYNDIR, VARNINGUR
TENGDUR MYNDINNI OG MARGT FLEIRA!

STUÐ MILLI STRÍÐA Útkall, ástarsorg

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TILHEYRIR HÓPI FÆRUSTU BJÖRGUNARKVENNA LANDSINS



Sem tæplega 25 ára gömul stúlka sem tilheyrir stórum og góðum vinkvennahópi, hef ég á undanförunum árum öðlast heilmikla reynslu í meðferð ástarsorga.

Ástarsorgatímabil okkar líkjust núna einna helst helgiathöfnum. Um leið og kallið kemur fer allt af stað í okkar herbúðum. Ég er ekki frá því að viðbragðstími okkar, frá því að neyðarkallið berst og þangað til við komum á slysstað, búnað öllum nauðsynlegum tækjum og tólum, sé styttri en hjá flestum hjálparveitum landsins. Við erum þrautþjáfaðar.

Sú sem er fyrst á vettvang

byrjar á því að koma eiganda brostna hjartans í náttföt, helst einhver sem hafa verið þvegin svo oft að þau eru orðin grámóskuleg á litinn. Óþvegið hár er eiginlega líka möst, en ef því er ekki til að dreifa er hægt að bjarga málnum með því að setja það í tagl með skítugri tauteygju. Næsta manneskja mætir með ís, helst þann sem státar af verðlagningu sem er efni til meiri hneykslnar en sú á bensíninu. Sú þriðja kemur með fjölskyldupakka af eldhúsrúllum. Næst á svæðið er innihald stelpugrát-mynda-rekka næstu vídeóleigu, sem er umsvifalaust raðað í spilarann. Því næst hefst umræðurhringur, þar sem setningarnar „Hann var ekki nógu góður fyrir

þig“, „Þú átt miklu betra skilið“, og „Getum við horft aftur á atríðið þar sem hann var ber að ofan?“ eru notaðar til skiptis. Ferlið er síðan endurtekið á hverjum degi, á meðan nauðsyn krefur, með innslögum af áfengisneyslu og ótæpiligri notkun kerta.

Við höfum hins vegar ekki minnstu glöru um hvað strákar gera í þessum aðstæðum. Einnhvern veginn finnst okkur hæpið að þeir snýti sér í grá, ísblettótt náttföt á meðan þeir grenja yfir Bridges of Madison County og lakka á sér táneglurnar. Þetta er okkur álika mikil ráðgáta og hvað gerist á frímúraráfundum, og þess vegna íðum við í skinninu af forvitni. Upplýsingar óskast.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Lakkrískonfekt prjónað

Tvíbúrasysturnar Gunnhildur og Brynhildur Þórðardætur opna sýninguna Prjónaheimur Lúka næstkomandi laugardag kl.16 í Gallerí Boxi á Akureyri. Systurnar skipa listadúóid Lúka Art & Design sem þær stofnuðu haustið 2004, en þær hafa nú verið í samstarfi við prjónastofuna Glófa á Akureyri. Systurnar hönnuðu mynstur fyrir íslensku ullina og Glófi sá um prjónaskapinn.



GUNNHILDUR OG BRYNHILDUR ÞÓRÐARDÆTUR Íklæddar prjónaflikum sem bera ótvíræðan sælgætiskeim.

Samstarf þeirra systra við hönnun mynstra er afskaplega rökrétt þar sem Gunnhildur er myndlistarmaður en Brynhildur er fata- og textílhönnuður. „Við höfum lengi gengið með þá hugmynd í maganum að vinna saman, en við höfum verið á dálitlum þvælingi undanfarin ár í tengslum við nám og því ekki haft tækifæri til mikilla afkasta. En nú að loknu námi höfum við getað farið út í þetta af meiri alvöru og hrint hlutunum í framkvæmd,“ segir Gunnhildur um samstarfið. „Við höfum verið alveg heillaðar af prjónaskap síðan við vorum litlar og dádumst að prjónablöðunum hennar mömmu. Prjónað efni býður upp á svo marga möguleika og svo er íslenska ullin alveg einstök, svo hlý og mjúk. Því vakti það mikinn áhuga hjá okkur að vinna prjónamynstur fyrir íslenska ull og gátum það í samstarfi við Glófa. Við erum fyrirtækinu afskaplega þakklátar fyrir að taka svona vel í hugmyndir okkar, enda er ótrúlega gaman að sjá hönnun sína verða að einhverju áþreifanlegu.“

Hugmyndin að mynstrum þeirra systra er unnin út frá íslensku lakkrískonfekt og lakkrískreim. „Við erum miklir sælgætisgrísir og það er aldrei langt í sykurinn og kaffið þegar við erum í hugmyndavinnu. Ég hafði reyndar unnið með lakkris á námsárum mínum og gert úr honum skúlptúra, þannig að sælgæti er mér greinilega uppspretta innblásturs. Að auki þykja okkur sælgætisumbúðir fallegar; þær eru svo glaðlegar og minna mann á barnæskuna. Því er ekkert undarlegt að sælgæti eigi sinn sess í hönnun okkar,“ segir Gunnhildur og hlær.

Það er óvenjulegt að sýning á fatahönnun sé sett fram sem innsetning í gallerí frekar en sem tískusýning. Hverju sætir?

„Við höfum gaman af fötum sem hafa stærra hlutverk en bara það að maður klæðist þeim, og erum

hrifnar af fötum sem eru hálfgerðir skúlptúrar. Þess vegna langaði okkur til þess að sýna hönnun okkar í umhverfi þar sem fólk getur mögulega sett flíkurnar í annað samhengi en ef þær væru sýndar á tískusýningu. Við komum til með að klæðast flíkunum sjálfar og erum því líka hluti af innsetningunni.“

Á meðal þess sem sjá má á sýningunni í Gallerí Boxi eru kjólar, húfur, vettlingar og karlmannsþeysur, sem að sögn Gunnhildur eru ómissandi, enda ótækt að konur sitji einar að flottri hönnun. Systurnar stefna svo á að fara erlendis með sýninguna í haust eða næsta vor á vegum Útflutningsráðs Íslands. Einnig stendur til að selja hönnun þeirra í verslunum í Reykjavík og jafnvel víðar um land. vigdis@frettabladid.is

Sjónvarpsþýðingar í öllum sínum fjölbreytileika

Starf þýðandans er eitt af þeim sem fer ekki alltaf hátt en hefur þó ótvíræð áhrif á upplifun okkar af umheiminum. Áhrifa þýðinga gætir þó hvergi jafnmikið og í sjónvarpi, enda er megnið af sjónvarpsefni sem sýnt er hér á landi á annarri tungu en þeirri íslensku. Í hádeginu í dag býður Bandalag þýðenda og tülka og Þýðingasetur Háskóla Íslands upp á áhugavert hádegisspjall þar sem fjallað er um ýmsar hliðar sjónvarpsþýðinga.

Ellert Sigurbjörnsson, yfirþýðandi hjá Ríkisútvarpinu, flytur erindi sem nefnist Sérstada sjónvarpsþýðandans. Nanna Gunnarsdóttir, sjónvarpsþýðandi, flytur erindi sem nefnist Snertifletir þýðingarfræði og sjónvarpsþýðingar – Eiga kenningar við um þýðingu Leiðarljóss? Að lokum flytur Anna Hinriksdóttir, meistaranemi í hagnýtri menningar- miðlun við Háskóla Íslands, erindi sem nefnist Frá Leiðarljósi til L'elísir - Fjölbreytt flóra sjónvarpsþýðinga.



ANNA HINRIKSDÓTTIR Fjallar um sjónvarpsþýðingar í Árnagarði í dag.

um sjónvarpsefni og þýðingar eitthvað fyrir sinn snúð. Spjallið hefst kl. 12.15 og fer fram í stofu 311 í Árnagarði. -vp

Síðasta sýningarhelgi

Fram undan er síðasta sýningarhelgi í Hafnarborg, lista- og menningarstofnun Hafnarfjarðar, á verkum fimmtíu myndlistarmanna sem allir tengjast Hafnarfirði á einn eða annan hátt. Síðasta leiðsögnin um sýninguna fer fram annað kvöld kl. 20, en þá mun Gunnhildur Þórðardóttir, upplýsingafultrúi Hafnarborgar, ganga um með gestum og spjalla um verkin sem fyrir augu bera. Sýningin opnaði 1. mars síðastliðinn og var sett upp í tilefni 100 ára kaupstaðarfræðis Hafnarfjarðar og 25 ára afmælis Hafnarborgar, en báðir þessir merkisviðburðir eiga sér stað í ár.

-vp

HVER\$ VIRÐI ER ÉG?

NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Hellsibúinn, síðan Pabbinn og nú er það HVERS VIRÐI ER ÉG? Öborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórrsonar um fjármál Íslendinga. Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

SÝNINGAR			
Þri	15/4	Forsýning - uppselt	kl. 20
Mið	16/4	Forsýning - uppselt	kl. 20
Fös	18/4	Frumsýning - uppselt	kl. 21
Lau	19/4	Uppselt	kl. 19
Lau	19/4		kl. 21
Fös	2/5		kl. 19
Fös	2/5		kl. 21
Lau	3/5		kl. 20
Lau	3/5		kl. 22
Fös	16/5		kl. 19
Fös	16/5		kl. 21
Lau	17/5		kl. 19
Lau	17/5		kl. 21

Sýnt í Salnum Kópavogi
Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavinum Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölu í Salnum. ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.

TP THORSSON PRODUCTIONS BYR SPANESJÓÐUR

ÁST

Í samstarfi við Vesturport

17 - 18 - 24 - 30. apríl kl 20.00 alla daga

PRJÁR SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÁST

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30-18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30-20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga. Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
sýn. lau. 19/4 örfá sæti laus

Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fim 17/4 örfá sæti laus, fös. 18/4 uppselt

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. lau. 18/4 örfá sæti laus síðasta sýning

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. sun. 20/4 örfá sæti laus

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
tvær sýningar lau. 19/4 sýn. sun. 20/4 uppselt

Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýn. sun. 20/4 uppselt

GÍTARINN

HLJÓDFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta, Auka Strengjasett, eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 www.gitarinn.is

> MÖGNUM MYNDBÖND

Britney Spears ku áforma að gera myndbandsdagbók sína aðgengilega fyrir almennig. Síðustu sex mánuði hefur söngkonan haldið slíka dagbók, þar sem hún hefur talað um allt það sem hefur gengið á í lífi hennar fyrir framan upp-tökuvél, en eins og flestir vita hefur engin lognmolla verið í kringum söngkonuna upp á síðkastið.



fólk

folk@frettabladid.is

J. K. Rowling í vitnastúkuna

J. K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, bar vitni fyrir rétti í New York á mánudag vegna máls sem hún höfðaði á hendur útgáfufyrirtækinu RDR Books til að reyna að koma í veg fyrir útgáfu Harry Potter-alfræðibókar. Bókin verður í raun einungis prentútgáfa af heimasíðu Steven Vander Ark, en Rowling telur útgáfu hennar vera brot á höfundarrétti. Hún segir bókina vera lítið annað en umritun á hennar eigin efni, og sagði dómara að svo mikið af hennar eigin skrifum væri notað þar að það jafngilti ritstuldi. „Þessi bók er stuldur á sautján ára langri erfiðisvinnu minni,“ sagði Rowling.

Hún sagði einnig að hún hefði nýverið hafist handa við að gera sína eigin alfræðibók, og áformaði að gefa ágóða af sölu hennar til góðgerðarmála. Hún segir að verði bók Vander Ark gefin út sé hún alls ekki sannfærð um að hún gæti lokið verki sínu, og að hún haldi þar að auki að sú útgáfa myndi verða þess valdandi að ýmis konar og misgáfulegar vörur tengdar Harry Potter myndu flæða inn á markaðinn.

Lögmaður RDR Books vill meina að alfræðibókin falli undir lög varðandi uppsláttarrit og væri þannig ekki brotleg gagnvart höfundarrétti.



SEGIÐ ALFRÆÐIBÓK RITSTULD J. K. Rowling bar vitni fyrir rétti í New York á mánudag, vegna máls sem hún höfðaði á hendur RDR Books, sem hyggur á útgáfu alfræðibókar um Harry Potter. NORDICPHOTOS/GETTY

Flytjendur Hoopa Hulle í skýjunum

Hjá Senu er verið að klára að setja saman 5 diska safnkassann „100 Eurovisionlög“ og er áætlaður útgáfudagur 5. maí. Platan er hluti af 100 laga safnplöturöðinni sem selst hefur eins og funheitar lummur síðustu árin. Á plötu 1 og 2 eru erlend sigurlög, á plötu 4 eru íslensku vinningslög og á plötu 5 eru önnur íslensk lög úr undankeppnum sem náð hafa vinsældum. Ekki er um tæmandi útgáfu af sigurlögum keppninnar að ræða, enda 52 sigurlög til, en aðeins eru 39 í kassanum. Fáir Íslendingar þekkja öll sigurlögin en þekkja þess betur ýmis lög sem lentu neðar. Á plötu 3 er þessum lögum safnað saman. Þar verða til dæmis Congratulations með Cliff, Volare með Domenico Modugno, In My Dreams með Wig Wam og Le Dernier Qui A Parle með frönsku gyðjunninu Aminu. Eftir mikla leit náðist í síðustu viku samband við höfund lagsins Shir ha'batlanim, sem hefur notið óvenju mikilla vinsælda á Íslandi undir heitinu „Hoopa Hulle Hulle“. Lagið varð í 8. sæti fyrir Ísrael árið 1987 og telst ekki til þekktari laga keppninnar þrátt fyrir vinsældirnar hér. Lagahöfundurinn hafði samband við grínúettinn Datner og Kushnir, eða Lazy Bums eins og þeir kölluðu sig, og voru þeir yfir sig hrifnir að heyra um vinsældir lagsins hér og yfir því að fá að vera með á safnplötunni.



GLEYMDIR ALLS STAÐAR NEMA Á ÍSLANDI Hoopa Hulle Hulle lifir!

EUROVISION

37 DAGAR TIL STEFNU

af Alliance Française í Reykjavík

Bonjour!

LÆRÐU
AÐ TALA

FRÖNSKU

Innritun
hafin í síma
552 3870

FRÖNSKUNÁMSKEIÐ
Frá 28. apríl til 10. júní 2008
www.af.is - alliance@af.is

Synir stuðningsfullt

Nú eru aðeins tveir söngvarar eftir í Bandinu hans Bubba. Þeir berjast til síðasta raddbands á föstudaginn, einn fær millurnar þrjár, útgáfusamninginn og söngvarastöðuna í Bandinu, en hinn fær ekki neitt. Fúlt. Hverjir eru svo þessir strákar?

EYÞÓR:
Mesta rokkið að vera maður sjálfur

Ég fattaði fyrst að ég gæti sungið þegar... „ég byrjaði að tala. Ætli ég hafi ekki verið sex ára þegar ég sönglaði hin og þessi lög og meðal annars Elvis Presley á mjög slakri íslensku.“

Þegar ég var lítill var ég aðdáandi... „Elvis Presley og Ladda. Ég hreinlega sá ekkert annað. Sönglaði lög með snillingunum til skiptis.

Svo var til spóla heima með Heilsu-bælinu í Gervahverfi og það fannst mér og finnst enn eitthvað það besta sem hefur sést í íslensku sjónvarpi.“

Mín helsta fyrirmynd er... „Thom Yorke og Jeff Buckley.“

Það rokkaðasta sem ég hef gert... „er að vera ég sjálfur.“

Þrjár bestu hljómveitir í heimi eru... „Led Zeppelin, Bítlarnir og Radiohead.“

Besta íslenska hljómveitin í dag er tvímælalaust... „Mugison.“

Ef ég mætti syngja dúett með hverjum sem er, lífs eða liðnum, syngi ég með... „David Bowie, vegna þess að hann er einhver sá eitursvalasti.“

Þótt mér væri borgað fyrir það færi ég aldrei á tónleika með... „það er ýmislegt sem mér þykir afar slæmt en fyrsta hljómveitin sem mér dettur í hug er Linkin

Park.“

Ef ég vinn... „verð ég hress, kátur og held bara áfram að reyna að sanna mig sem sjálfstæður tónlistarmaður.“

Ef ég tapa... „held ég bara áfram að semja tónlist, koma henni á framfæri og hreinlega rokka fram á níræðisaldur.“

ARNAR:
Stagedive-ið um síðustu helgi var mesta rokkið

Ég fattaði fyrst að ég gæti sungið... „fyrir alvöru þegar ég reyndi að syngja erfið lög sem er ekkert fyrir alla að syngja, háu tónana í perlulögum með Queen, Deep Purple og Zeppelin, til dæmis. Og maður bara, heyrðu nú mig, get ég þetta? Haha, þannig byrjaði þetta nú allt saman... svo fór maður bara að æfa sig og syngja á fullu.“

Þegar ég var lítill var ég aðdáandi... Rokklinganna, en þegar

Eyþór Ingi Gunnlaugsson verður nítján ára í maí.

Hann er fæddur og uppalinn á Dalvík þar sem hann býr ennþá, nema þessa dagana býr hann á Hótel Loftleiðum. Hann á tvær yngri systur, mamma hans er í skóla en vann áður sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla. Pabbi hans er sjómaður og gerir út trilluna Toni EA. Eyþór segist ekki vera góður námsmaður og hætti námi í VMA. Hann segist sjá sig sem tónlistarmann í framtíðinni, frekar en söngvara – finnst „tónlistarmaður“ virðulegra og ná betur utan um það sem hann vill gera. Hann hefur líka áhuga á leiklist og reynir kannski einhvern tímann að komast inn í Leiklistarskólann. Hann hefur tekið að sér „lítill og plebbaleg“ hlutverk hjá Leikfélagi Akureyrar og leikið ýmis hlutverk hjá Leikfélagi Dalvíkur. Eyþór er lagahöfundur og hefur verið í bílskúrsbandi á Dalvík. Það kallaði sig fyrst The Mashed Bananas, þá Engima, en endaði sem The Turn-offs, sem þótti nógu hallærislegt til að vera töff. Bandið er í pásu enda orðið „fast í sama grautnum“ að mati Eyþórs. Eyþór sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna í fyrra þegar hann söng Deep Purple-lagið Perfect Stranger.



Barnfóstra kærir Rob Lowe

Leikarinn og hjartaknúsarinn Rob Lowe hefur verið kærður fyrir kynferðislega áreitni af fyrrverandi barnfóstru sinni, Jessica Gibson. Hún segir að Lowe hafi sýnt henni getnaðarlim sinn og snert hana á óviðeigandi hátt.

Gibson, sem er 24 ára, starfaði fyrir Lowe og eiginkonu hans Sheryl í sjö ár. Samkvæmt ákærinni stóð áreitnin yfir á árunum 2005 til 2008. Lowe, sem vísar ásökunum á bug, sagði í síðustu viku að Gibson hefði heimað rúmar hundrað milljónir króna frá þeim hjónum ellegar myndi hún segja fjölmiðlum frá hinni meintu áreitni. Lowe sagði að ásakanir Gibson væru „tilraun

til að skaða og gera lítið, ekki bara úr mér og eiginkonu minni, heldur einnig úr tveimur ungum sonum okkar“.

Gibson segir einnig að Sheryl hafi áreitt hana kynferðislega með því að ganga um heimilið nakin, nota klámfengið orðalag og ræða við hana um kynlíf þeirra hjóna.

Í yfirlýsingu frá lögfræðingi Lowe segir að ásakanirnar séu ekki á rökum reistar og að ósamræmi hafi verið í málflutningi barnfóstrunnar.

ROB LOWE Leikarinn Rob Lowe hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni.



Lög undir dulnefni

Sex ný lög með hljómsveitinni The Foxboro Hot Tubs, sem er í raun rokk sveitin Green Day, eru nú fáanleg gegn gjaldi á heimasíðunni Foxborohottubstownload.com.

Lögin eru tekin af væntanlegri EP-plötu sveitarinnar, Stop Drop and Roll!!! Upphaflega var talið að The Foxboro Hot Tubs væri hlíðarverkefni meðlima Green Day en í raun og veru er um dulnefni að ræða. Að sögn forsprakkans Billie Joe Armstrong er nafnið fengið frá stað skammt frá æskulóðum hans „þar sem við smygluðum áfengi og stelpum inn á næturnar“. Talið er að Stop Drop and Roll!!! komi út á vinyl og geisladiski í næsta mánuði.

Rúm fjögur ár eru liðin síðan síð-



GREEN DAY Hljómsveitin Green Day hefur gefið út sex lög undir dulnefninu The Foxboro Hot Tubs.

asta plata Green Day, American Idiot, kom út við miklar vinsældir. Á meðal vinsælustu laga sveitarinnar eru Welcome to Paradise, Basket Case, When I Come Around og Good Riddance (Time of Your Life).

trúa takast á

maður fór að hafa vit þá hlustaði maður bæði á Sir Jon Bon Jovi og Bítlanu ásamt því að dást að einstakri og flottri rödd Rods Stewart.

Mín helsta fyrirmynd er... „Ian Gillan úr Deep Purple. Hann er svaðalegur söngvari. Ég heyrir mikinn Eyþór í honum og það finnst mér töff, blautt og brenglað.“

Það rokkaðasta sem ég hef gert er... „tvímælalaust þegar ég tók „stagedive“ út í salinn á söngkeppnisballinu um síðustu helgi er ég tók Highway to Hell.“

Þrjár bestu hljómsveitir í heimi eru... „Bítlanir, Deep Purple og Queen.“

Besta íslenska hljómsveitin í dag er tvímælalaust... „Það er ekki hægt að nefna eina hljómsveit en ég bíð spenntur eftir að heyra nýtt stöf frá Ný dönsk og Naglbitunum, bara til að hafa það á hreinu. Sigur Rós eru magnaðir en Brain Police finnst mér klikkuð og Jenni

er bara brenglaður söngvari. Svo má benda hér á að ég hlakka til að heyra plötu frá strákunum í hljómsveitinni Perlu, sem mér finnst vera ein af bestu nýju hljómsveitunum á landinu.“

Ef ég mætti syngja dúett með hverjum sem er, lífs eða liðnum, syngi ég með... „Ian Gillan. Maður hefði getað hætt eftir það og bara einbeitt sér að öðru í lífinu því lífið væri fullkomnað.“

Þótt mér væri borgað fyrir það færi ég aldrei á tónleika með... „Sean Kingston.“

Ef ég vinn... „þá er það svaka töff því Eyþór er svaðalegur og það er heiður að vera í úrslitættinum með stráknum.“

Ef ég tapa... „Ég veit ekki hvernig maður getur verið einhver tapari því annaðhvort er Bubbi að leita að mér eða Eyþóri til að syngja í bandinu sínu og ef ekki ég þá gerir maður bara sitt stöf. Það er ekki flóknara en það.“



Arnar Mór Friðriksson verður 22 ára í maí.

Hann er Reykvíkingur, á þrjú systkini og er næstýngstur. Pabbi hans er sendibílstjóri „í húð og hár“ og mamma hans stuðningsfulltrúi í grunnskóla. Arnar verður stúdent frá náttúrubraut Fjölbrautaskólans í Ármúla í maí og segist hafa mikinn áhuga á veðurfræði. Ef músíkbransinn klikkar getur Arnar vel séð sig sem fyrsta manninn til að flytja veðurfréttir í sjónvarpinu í leðurbuxum. Siggí Stormur er upphaldsveðurfréttamaðurinn hans. Arnar segist vera rokkari og semur bæði lög og texta, segist þó sterkari í textagerðinni. Hann þýddi tvo enska texta yfir á íslensku í Söngkeppni framhaldsskólanna. Í fyrra varð hann í öðru sæti í keppninni á eftir Eyþóri þegar hann söng Bon Jovi-lagið Bed of Roses. Arnar hefur verið í bandinu Grand Solution sem leit aðallega á sig sem uppeldisstöð og spilaði aldrei opinberlega. Bandið kom þó einu lagi inn hjá tonlist.is.

EURO♥BANDIÐ

FYRIR BÓKANIR OG FYRIRSPURNIR
SÍMI 898-1010 // RIGG@SIMNET.IS

EINNIG ERU Á SKRÁ FJÖLMARGIR AÐRIRLISTAMENN

RIGG umboðsskrifstofa

Akureyri! gegn Reykjavík!

Hljómsveitin Akureyri! hefur verið stofnuð til höfuðs rokkurinum í Reykjavík! sem hafa gert garðinn fræg-an upp á síðkastið.



AKUREYRI! Reynir (til hægri) og trommarinn Valgeir Árnason bregða á leik á Akureyri. Á myndina vantar þriðja meðliminn, Guðmund Ómarsson. MYND/HEIÐA.IS

„Þetta var bráðnaðsynlegt. Ég vona að það komi svona hljómsveit frá hinum landshornunum líka. Þá geta allar hljómsveitirnar haldið eitt þjóðlegt gígg,“ segir Reynir Albert Þórólfsson, söngvari og bassaleikari Akureyri!

Sveitin var stofnuð í janúar síðastliðnum eftir að Reynir Albert hafði séð Reykjavík! á tónleikum á Akureyri. Þar skoraði Bóas Hallgrímsson, söngvari Reykjavíkur!, á heimamenn að stofna hljómsveitina Akureyri! og þær tvær myndu síðan spila saman á tónleikum. „Mér fannst þetta góð hugmynd og hitti tvo félagi mína nokkru síðar. Við ákváðum að kýla á það og stofna hljómsveit.“ Sveitirnar eiga þó enn eftir að spila saman en Reynir vonast til að af því geti orðið fljótlega.

Akureyri! heldur sína aðra tónleika á Græna hattinum á Akureyri

á föstudagskvöld þegar hún hitar upp fyrir Morðingjana á fyrri útgáfutónleikum sveitarinnar. Á síðari útgáfutónleikumunum, sem verða haldnir í Reykjavík viku síðar, mun Reykjavík! aftur á móti hita upp. „Við erum búnir að vera

sveittir að æfa. Þetta verður „solid“ prógram,“ segir Reynir og ber engan kvíða í brjósti þrátt fyrir reynsluleysið. „Þetta er rokk og pönk og þótt spilamennskan sé ekki alveg upp á 100% þá er það bara allt í lagi.“ freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BIÓ!

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
2 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!
Mégnað mynd byggð á sönnunathrónum um hóp nemenda sem sérhafa sig í að lera og tala í spilið 21 með það markmiði að hreinsa spilið frá végi!
12

Frábær gamanmynd þar sem gert er grín af ofurhetjumyndir samtímans; myndum eins og Spider-Man, Fantastic Four, X-Men og Batman!
SUPERHERO MOVIE
Fró þolin sem færðu ykkur SCARY MOVIE og NAKED GUN 7

BIÓDAGAR GRÆNA LÍOSSINS
REGNBÖGINN 3 VIKUR 11. - 30. APRIL 12 KVÍMMYNDIR

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000 5%
21 KL. 5:20 - 8 - 10:35 12
21 LUXUS KL. 5:20 - 8 - 10:35 12
SUPERHERO MOVIE KL. 4 - 6 - 8 - 10 7
DEFINATELY MAYBE KL. 8 16
VANTAGE POINT KL. 8 - 10:10 16
SHUTTER KL. 10:30 16
HORTON KL. 4 - 6 ISLENSKT TAL

HÁSHÓLA BIÓ SÍMI 530 1919
21 KL. 6 - 9 7
SUPERHERO MOVIE KL. 6 - 8 - 10 12
DOOMSDAY KL. 10:30 16
THE OTHER BOYLEN GIRL KL. 5:30 10
THE KITE RUNNER KL. 10 12
BRÚÐGUMINN KL. 6 - 8 7

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000 5%
12 THE AIR I BREATHE KL. 6 16
12 BEAUFORT KL. 5:40 ENSKUR TEXTI 14
12 BELLA KL. 6 ENSKUR TEXTI 14
12 THE BAND'S VISIT KL. 6 ENSKUR TEXTI 16
12 TROPA DE ELITE KL. 8 - 10:20 ENSKUR TEXTI 16
12 SURFWISE (MYNDVARP) KL. 8 ÖTERTUÐ, ENSK. TAL 16
12 CARAMEL KL. 8 ENSKUR TEXTI 14
12 THE AGE OF IGNORANCE KL. 8 ENSKUR TEXTI 14
12 THE KING OF KONG KL. 10 ISLENSKUR TEXTI 10
12 LAKE OF FIRE (MYNDVARP) KL. 10 ENSKUR TEXTI 10
12 WAR/DANCE (MYNDVARP) KL. 10 ÖTERTUÐ, ENSK. TAL 7

BORGAR BIÓ SÍMI 462 3500
7 SUPERHERO MOVIE KL. 6 - 8 - 10 7
12 VANTAGE POINT KL. 8 16
12 THE ORPHANAGE KL. 6 16
12 THE EYE KL. 10 16

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN Á midi.is
FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BIÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

Spila lög af nýrri plötu

Hljómsveitin Lights on the Highway heldur tónleika á skemmtistaðnum Organ í kvöld. Sveitin hefur látið lítið fara fyrir sér undanfarið enda hefur hún verið að undirbúa sína aðra plötu. Upptökur hefjast í byrjun júní í Stúdíó Flís og verður upptökustjóri Finnur Hákonarson. Er platan væntanleg í búið í haust.



Á tónleikumunum Lights on the Highway spila talsvert af nýjum lögum í bland við efni af fyrstu plötu sveitarinnar sem kom út fyrir þremur árum. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.000 krónur.

LIGHTS ON THE HIGHWAY Önnur plata sveitarinnar er í undirbúningi um þessar mundir. MYND/EMMA SVENSSON

Nýtt í bió LAUGARÁSBÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

RUINS KL. 10
DEFINATELY, MAYBE KL. 8
THE EYE KL. 10

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE RUINS - POWER	kl. 8 og 10	16
DEFINATELY, MAYBE	kl. 5:45, 8 og 10:15	L
THE EYE	kl. 8 og 10	16
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7
HORTON - ISLENSKT TAL	kl. 6	L

SAMBIO.is SAMBIÓN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STÓRA PLANIÐ KL. 8 - 10:30
SHINE A LIGHT KL. 8 - 10:30
RUINS KL. 8 - 10:10
FOOL'S GOLD KL. 5:40 - 8 - 10:30
DOOMSDAY KL. 8
DOOMSDAY KL. 10:30
10.000 BC KL. 8
10.000 BC KL. 10:10
THE BUCKET LIST KL. 6
UNDRÁHUNDURINN KL. 6
STEP UP 2 KL. 5:40

SELFOSS

VANTAGE POINT	kl. 8 - 10:10	16
STÓRA PLANIÐ	kl. 8	10
THE EYE	kl. 10:10	10

AKUREYRI

21	kl. 8 - 10	12
FOOL'S GOLD	kl. 8	7
STÓRA PLANIÐ	kl. 10	10

KEFLAVÍK

SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:30	12
LARS AND THE REAL GIRL	kl. 8	L
SHUTTER	kl. 10:10	16

KRINGLUNNI

STÓRA PLANIÐ	DIGITAL	kl. 6D - 8D - 10D	10
SHINE A LIGHT	DIGITAL	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L
FOOL'S GOLD		kl. 8 - 10:20	7
JUNO		kl. 6	7

Óbreytt miðaverð á midi.is

TÆMUM BÚÐIRNAR
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
EKKERT UNDIR
40%
AFSLÆTTI
MÆTIÐ Á STAÐINN ÁÐUR
EN ALLT KLÁRAST

GILDIR Í VERSLUNUM OKKAR
Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

Leikbær

Væringar í Vegas

Ben er einn helsti stærðfræðisnillingur MIT-háskólans í Bandaríkjunum en vantar peninga til að halda áfram námi. Til sögunnar er kynntur prófessorinn Micky, sem kynnir Ben fyrir litlum hópi annarra snillinga sem stunda það að telja spil í fjárhættuspilinu 21. Þau fljúga reglulega til Las Vegas og raka þar inn peningum en Ben segist vilja hætta um leið og hann hefur fengið nægilega mikið til að borga námið sitt.



KVIKMYNDIR

21

Leikstjóri: Robert Luketic. Aðalhlutverk: Kevin Spacey, Laurence Fishburne, Kate Bosworth, Liza Lapira, Josh Gad, Jim Sturgess.

★★

Misheppnuð tilraun til að gæða flotta sögu lífi á hvíta tjaldinu.

Universe, stendur upp úr og nær hann að skapa einlæga og trúverðuga persónu. Þekktasti leikari myndarinnar, Kevin Spacey, fer vel með sitt hlutverk sem prófessorinn, og Fishburne sömuleiðis, þótt þeir þurfi eitthvað að huga betur að kvikmyndavali sínu. Kate Bosworth, sem lék á móti Spacey í Superman Returns, er einnig fín.

Sagan sem 21 byggir á gat augljóslega getið af sér mun síðferðislega flóknari mynd. Hún átti betra skilið en þetta, en þessi atлага er líflaus, innantóm, og að lokum fljót-gleymd. Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

21 er lauslega byggð á sannri sögu sem kom fram í bókinni Bring Down the House og er nú kvikmynduð af leikstjóra Legally Blonde og Monster In Law. Sagan fær allsherjar Hollywood-meðferð, og formúlan er allsráðandi. Til dæmis er síðferðissagan einkar dæmigerð; aðalpersónan byrjar saklaus, lætur græðgina ná tökum á sér en hlýtur endurlausn að lokum.

Ílla tekst til við að gæða persónur myndarinnar lífi og nær allar aukapersónurnar eru einhliða persónugerðir. Megináherslan virðist lögð á að hafa myndina flotta og stílfærða, sem heppnast illa vegna óstyrkrar leikstjórnar. Mannlega dýptin geldur fyrir það og spennan í myndinni fer í kjölfarið út í buskann. Aðalskúrurinn í myndinni, öryggisvörður spilavítis, leikinn af Laurence Fishburne, kemur einnig seint til leiks og jafnvel þá reynist hættan ekki mikil.

Leikarinn Jim Sturgess, sem sást einnig í Bítlamyndinni Across the

Úti í náttúrunni

Hin árlega stuttmyndasýning BANFF stendur nú yfir í Háskólabíói í boði Íslenska alpaklúbbssins og Cintamani. Um er að ræða myndir af afrekum og ævintýrum einstaklinga sem stunda fjallamennsku af ýmsum toga, svo sem klifur, snjóbretti og fjallahjólamennsku.



Á SNJÓBRETTI Stuttmyndasýningin BANFF stendur yfir í Háskólabíói.

Íslenski alpaklúbburinn hefur staðið fyrir komu þessarar stuttmyndasýningar hingað til lands um árabíl og er óhætt að segja að hún sé orðin ómissandi viðburður hjá öllum sem hafa áhuga á fjallamennsku.

Síðari dagur sýningarinnar hefst í Háskólabíói í kvöld klukk-

an 20 þar sem sex áhugaverðar myndir verða sýndar. Miðaverð fyrir félagi í Ísalp er 1.000 krónur en 1.200 krónur fyrir aðra.

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Pórarinn Jónsson Hdl.
Löggitur
fasteignasali

100% þjónusta fyrir þig

Hringdu núna 699 6165

Ásakór 13-15, 203 Kópavogur

Opið hús í dag kl. 17.00 - 18.30

Nánari upplýsingar á staðnum!

Sýningaríbúð

- Húsgögn frá Tekk
- Parket frá Parki
- Rafmagnsvörur frá Heimilistækjum

STÓRGLÆSILEGAR ÍBÚÐIR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING!

Verð frá 27.500.000 kr

Verktaki lánar allt að 95%

RE/MAX Lind • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur

RÁÐSTEFNA Í SALNUM, KÓPAVOGI, FÖSTUDAGINN 18. APRÍL

HINN GRUNNAÐI ER ÚTLENDINGUR!

UMFJÖLLUN FJÖLMIÐLA UM INNFLYTJENDUR OG AFBROT

- ✦ **ÝTIR FRÉTTAFLUTNINGUR UM GLÆPI ÚTLENDINGA UNDIR FORDÓMA?**
- ✦ **RATA GLÆPIR FREMUR Í FJÖLMIÐLA EF UM ÚTLENDING ER AÐ RÆÐA?**
- ✦ **FREMJA INNFLYTJENDUR FLEIRI GLÆPI EN ÍSLENDINGAR?**
- ✦ **MÁ SEGJA ALLT Á BLOGGINU?**

Ráðstefna um umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur og afbrot verður haldin í Salnum, Kópavogi, föstudaginn 18. apríl 2008 kl. 13.00-17.45. Alþjóðahús, félags- og tryggingamálaráðuneytið, Fjölmenningssetur, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Blaðamannafélag Íslands og Kópavogsbær standa að ráðstefnunni. Fundarstjóri: Birgir Guðmundsson, lektor í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri.

13.00 **SETNING** Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss

13.05 **ÁVARP** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra

13.10 **Eru afbrot útlendinga öðruvísi en Íslendinga?** Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og áætlanaeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

13.30 **Afbrot, staðalmyndir og innflytjendur** Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

13.50 **Sjónarhorn blaðamannsins** Rúnar Pálmason, blaðamaður á Morgunblaðinu

14.10 **The media: a tool or an obstacle for integration? | Fjölmiðlar: Hjálp eða hindrun í aðlögun innflytjenda?** Arash Mokhtari, verkefnisstjóri hjá Quick response í Svíþjóð

15.00 **Innflytjendur og erlent vinnuafli í fjölmiðlum 2007** Magnús Heimisson, forstöðumaður Fjölmiðlagreininga, Creditinfo Ísland

15.20 **KAFFIHLÉ**

15.35 **MÁLSTOFA I: UMRÆÐAN Á GÖTUNNI/BLOGGIÐ**

Bloggið: Ábyrgðarlaust hjál? Ingvar Hjálmarsson, netstjóri mbl.is

Útlendingar í fjölmiðlum Joanna Dominiczak, kennari og stjórnarmaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna

MÁLSTOFUSTJÓRI: Guðbjörg Hildur Kolbeins, doktor í fjölmiðlafræði

15.35 **MÁLSTOFA II: FORMLEG UPPLÝSINGAGJÖF**

Hvað má lögreglan segja? Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson, kynningarfulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Skiptir þjóðerni fólks máli í fréttum af afbrotum? Áslaug Skúladóttir, formaður Félags fréttamanna og fréttamaður á Útvarpinu

MÁLSTOFUSTJÓRI: Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands

16.15 **KAFFIHLÉ**

16.25 **SAMANTEKT FRÁ MÁLSTOFUM**

16.45 **PALLBORÐSUMRÆÐUR**

Dane Magnússon, formaður Félags anti-rasista

Þorbjörn Broddason, prófessor við Háskóla Íslands

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins

17.15 **RÁÐSTEFNUSLIT OG LÉTTAR VEITINGAR**

ALÞJÓÐAHÚS FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI FJÖLMENNINGSSETUR BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU KÓPAVOGSBÆR

AÐGANGSEYRIR ER 1.000 KRÓNUR. VINSAMLEGAST SKRÁIÐ ÞÁTTÖKU Í HELGA@AHUS.IS

LUCIANO DUTRA | estuario@internet.is

> Ragnar aftur til Dunkerque

Handknattleikskappinn Ragnar Óskarsson er búinn að ganga frá þriggja ára samningi við sitt gamla félag, Dunkerque í Frakklandi. Ragnar gekk í raðir Nimes fyrir núverandi tímabil en vildi komast þaðan þar sem félaginu gekk illa að standa við gerðan samning og til að mynda komu laun oftast en ekki seint. Ragnar sagði við Fréttablaðið að hann væri mjög kátur með þessa lendingu, hann vissi að hverju hann gengi hjá félaginu og þar stæðu menn við sitt. Ekki skemmdi heldur fyrir að í Dunkerque byggj tengdafjölskylda hans. Ragnar er annars meiddur en hann sleit krossband í lok síðasta árs og spilar ekki aftur fyrr en eftir sumarið.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐMUNDUR E. STEPHENSEN SÆNSKUR MEISTARI MEÐ ESLÖV: VANN ALLA LEIKINA SÍNA Í ÚRSLITAKEPPNINI

Mjög gaman að taka boltann sem vann titilinn

Guðmundur E. Stephensen varð í fyrirkvöld Svíþjóðarmeistari í borðtennis annað árið í röð þegar hann og félagar hans í Eslov unnu Halmstad 5-2, og þar með 3-0 í úrslitakeppinu. Guðmundur vann alla 8 leiki sína í úrslitakeppinni og 19 af 20 leikjum sínum á tímabilinu. Hann gerði því betur en í fyrria þegar hann vann 8 af 9 leikjum sínum í úrslitakeppinni og 24 af 31 leik á tímabilinu.

„Það eru allir voðalega ánægðir með mann. Ég vann alla leikina, sem er mjög gott, enda ekki hægt að gera betur. Þetta var mjög gaman, ekki síst þar sem ég tók síðasta boltann sem vann titilinn. Félagið er að verða hundrað ára í maí og af því tilefni var rosalega flott party í gær,“ sagði Guðmundur E. Stephensen.

„Við erum með mjög sterkt lið í Svíþjóð og erum eiginlega með yfirburðalið. Þetta kom því alls ekki á óvart en það þarf samt að vinna. Þetta var samt erfiðara en ég bjóst við þótt ég hafi ekki tapað leik, og þetta voru allt hörkuleikir,“ segir Guðmundur, sem hefur ekki búið í Svíþjóð í vetur heldur flogið í leikina. „Það hefur gengið vonum fram hjá mér í vetur. Ég ákvað að flytja heim og bjó heima á Íslandi, sem hefur gengið ótrúlega vel þó ég sé að æfa aðeins minna og á móti slakari spílurum. Þetta var samt allt annar

vetur en í fyrria. Það tekur aðeins á að vera á þessu flakki, en maður er orðinn vanur því að ferðast mikið og ég get alveg sagt að ég þekki flugvöllinn á Kapstrup orðið ágætlega,“ segir Guðmundur, sem er ekki búinn að ákveða hvað hann gerir í framtíðina. „Ég er bara á leiðinni heim í kvöld (gærkvöld) og svo á ég eftir að ákveða með framtíðina, hvort ég haldi áfram hérna í Svíþjóð eða fari til Þýskalands, Spánar eða hvert sem er. Ég er ekki búinn að loka neinum dyrum því ég ætlaði að byrja á því að vinna gullið og taka svo ákvörðunina eftir það,“ segir Guðmundur, sem var að klára sitt fjórða tímabil í Svíþjóð. Hann vann fyrst tvö silfur með Malmö en hefur nú verið Svíþjóðarmeistari tvö ár í röð. „Ég er ennþá ungur í þessari íþrótt og þetta er rétt að byrja,“ sagði Guðmundur að lokum, aðspurður um framtíðina.



DUGLEGUR Hlynur Bæringsson tók 65 fráköst í einvíginu á móti Grindavík þar af 24 þeirra í sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hlynur Bæringsson, Snæfelli: 37 fleiri fráköst en næsti maður

KÖRFUBOLTI Hlynur Bæringsson, fyrirlíði Snæfellinga, átti frábært undanúrslitaeinvígi gegn Grindavík.

Hlynur var með 15,8 stig, 16,3 fráköst, 3,8 stoðsendingar og 3,0 varin skot að meðaltali. Hann nýtti 65 prósent skota sinna og státaði af framlagi upp á 32,0 stig sem var 6,0 stigum hærra en næsthæsti leikmaður einvígisins sem var Adama Darboe hjá Grindavík. Hlynur tók alls 37 fráköst í fjórum leikjum eða 37 fleiri en Jamaal Williams sem kom næstur. - óbj

FRAMLAG Í EINVÍGINU:

1. Hlynur Bæringsson, Snæfelli	32,0
2. Adama Darboe, Grindavík	26,0
3. Jamaal Williams, Grindavík	20,3
4. Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli	18,3

Góð tíðindi fyrir Man. Utd:

Rio framlengir

FÓTBOLTI Rio Ferdinand hefur samþykkt nýjan fimm ára samning við Man. Utd.

Samkvæmt heimildum The Daily Express er Rio búinn að samþykkja framlenginguna en einungis á eftir að skrifa undir samninginn. Núverandi samningur hans við félagið átti að renna út eftir tvö ár. - óþ

Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.
Filmprentarar, bleksprautuprentarar, limmiðaprentarar, álímingarvélar, kassaprentarar og laserprentarar.
Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Það verður stríð í Sláturhúsinu

Lokaorrustan í stríði Keflavíkur og ÍR verður háð í Sláturhúsinu í kvöld. Nú þegar hefur mikið gengið á og allt verður lagt undir í kvöld. Gunnar Einarsson hefur tekið Hreggvið Magnússon í bakaríði í síðustu leikjum en Hreggviður lofar sigri í kvöld. Fyrirlíði Keflavíkur auglýsir eftir því að baulað verði á sig.

KÖRFUBOLTI Það er óhætt að segja að það ríki gríðarleg spennan fyrir oddaleik Keflavíkur og ÍR sem fer fram í Sláturhúsinu í kvöld. ÍR vann fyrstu tvo leikina en Keflavík hefur komið til baka með sigrum í síðustu tveimur leikjum. Það er því allt undir í kvöld og ljóst að barist verður til síðasta blóðdropa.

Hinn öflugur og yfirlýsingaglaði ÍR-ingur, Hreggviður Magnússon, hefur engan veginn fundið sig í síðustu tveimur leikjum eftir að Gunnar Einarsson var settur á hann. Gunnar hefur hreinlega tekið Hreggvið í nefið.

„Keflvíkingar hafa verið mjög harðir í síðustu leikjum. Þeir tóku einn aðalmann sinn, Tommy Johnson, út úr liðinu og setja í staðinn mann sem hefur ekki byrjað lengi. Hans hlutverk á velli er mjög augljóst og hefur tekist vel. Við höfum ekki mætt þessari hörku með hörku á móti,“ sagði Hreggviður en hann vitnar þarna í fyrirnefndan Gunnar. Hreggviður vildi ekki svara því hvort Gunnar væri hreinlega að spila óheiðarlega.

Lofar ÍR-sigri

„Við verðum bara að bita frá okkur núna og láta hart mæta hörðu. Ég mun svara fyrir mig í þessum oddaleik og ætla mér að sigra. Líðið verður að mæta einbeitt og

MUNURINN Á HREGGVIÐI

Stig skoruð í leik	
Fyrsti og annar leikur	15,0
Þriðji og fjórði leikur	8,5

Skotnýting utan af velli

Fyrsti og annar leikur	62,5%
Þriðji og fjórði leikur	40,0%

Víti fengin í leik

Fyrsti og annar leikur	6,0
Þriðji og fjórði leikur	3,0

Stig í fyrri hálfleik

Fyrsti og annar leikur	13
Þriðji og fjórði leikur	3



RIMMA KVÖLDSINS Augu margra verða á þeim Gunnari Einarssyni og Hreggviði Magnússyni í kvöld. Gunnar hefur pakkað Hreggviði saman í síðustu tveimur leikjum, og munar um minna fyrir ÍR. Hreggviður mun svara í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM & STEFAN

ég þarf að vera leiðandi afl í liðinu, ólíkt síðustu leikjum. Ég mun sýna mitt rétta andlit og hjartað verður skilið eftir á velli,“ sagði Hreggviður en getur hann lofað sigri?

„Ég ætla að gera allt til þess að við vinnum. Já, ég ætla að lofa sigri. ÍR-blaðran er alls ekki sprungin. Ég tel okkur vera með betra lið. Ef við stillum upp maður á móti manni þá erum við með yfirburði,“ sagði Hreggviður kokhraustur.

Fréttablaðið bar ummæli Hreggviðs undir Gunnar. „Hann er eigin-



lega horfinn greyð, og ekki skorad þegar það skiptir máli. Ég er með það hlutverk að stýra vörninni og mér hefur gengið vel með Hreggvið. Ég er búinn að vera lengi í þessu og ég kann þetta,“ sagði Gunnar, en er hann að spila óheiðarlega?

„Alls ekki. Ég er bara fastur fyrir og í toppformi. Ég er alls ekki óheiðarlegur. Ef svo væri hefðu myndavélar náð því. Ég stend ekki í neinu slíku.“

Magnús Gunnarsson, fyrirlíði Keflavíkur, segir sitt lið hafa þurft tvö töp til að hreinlega vakna.

MUNURINN Á BEKKNUM

Stig frá bekk

Fyrsti og annar leikur	ÍR +7
ÍR	53
Keflavík	46
Þriðji og fjórði leikur	Keflavík +91
Keflavík	115
ÍR	24

Skotnýting frá bekk

Fyrsti og annar leikur	ÍR +5,7%
ÍR	47,4%
Keflavík	41,7%
Þriðji og fjórði leikur	Keflavík +38%
Keflavík	59,4%
ÍR	21,4%

„Við þurfum greinilega spark í afturendann. Við töldum okkur vera það góða að við værum ósigrandi. Annað kom á daginn og því þurftum við að breyta ýmsu, eins og hugarfarinu. Við ákváðum að spila eins og við værum bestir í stað þess að hugsa það bara,“ sagði Magnús, en hann segir liðið ekki hafa tekið krísufund og að ekkert sé hæft í orðrömi um slæman mórál í hópnum.

ÍR-ingar röfla í dómurinum þegar þeir tapa

„Það er aldrei krísa í Keflavík. Þegar illa gengur verða menn samt pirraðir en mórallinn er samt frábær hjá okkur. Það vita þeir sem umgangast klefann hjá okkur,“ sagði Magnús en hvernig finnst honum að spila gegn ÍR-ingum. „Þeir eru helvíti góðir með sig þegar þeir vinna en þegar þeir tapa röfla þeir bara í dómurinum,“ sagði Magnús sem hefur fengið nokkrar glósur úr stúkunn, en hann segir þær hafa góð áhrif á sig.

„Það koma alltaf kyndingar úr stúkunn. Það væri ekkert gaman að þessu án þeirra. Ég tek kyndingum fagnandi og peppast við þær. Það verður vonandi baulað sem mest á mig. Ef ÍR-ingar vilja tapa leiknum þá skulu þeir endilega gera það,“ sagði Magnús að lokum. henry@frettabladid.is

Brasilíska goðsögnin Romario er búin að leggja skóna á hilluna góðu:

Búinn að vera frábær tími

FÓTBOLTI Brasilíska knattspyrnukeppan Romario hefur nú formlega tilkynnt að hafa lagt skóna á hilluna eftir að hafa verið frá keppni síðan í nóvember.

„Tíminn er búinn hjá mér og ég get nú sagt að ég sé formlega hættur. Þetta hefur verið frábær tími en ég ræð ekki lengur við þetta og er búinn að bæta á mig fjórum til fimm kílóum síðan í nóvember,“ sagði hinn 42 ára gamli Romario sem var þekktur fyrir að leiðast æfingar og vildi bara spila leikina.

„Það er engin eftirsjá í þessari ákvörðun og ég mun sannarlega

ekki sjá eftir því að þurfa að fara á æfingar og fara í keppnisferðir og dvelja á liðshótelum,“ sagði Romario.

Hann byrjaði feril sinn hjá Vasco de Gama í Brasilíu og gerði svo garðinn frægan hjá PSV Eindhoven, Barcelona og Valencia áður en hann sneri aftur til Brasilíu þar sem hann lék lengi.

Romario var valinn besti leikmaður heims af Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA, eftir að hann varð heimsmeistari með Brasilíu árið 1994 en hann skoraði alls 56 mörk í 73 landsleikjum fyrir Brasilíu. - óþ

Romario heldur því fram að hann hafi skorað yfir 1000 mörk á ferlinum og þegar hann skoraði hið meinta mark númer eitt þúsund í maí árið 2007 fóru ýmsir fjölmiðlar að grennslast fyrir um málið. Í framtíðina var Romario sakaður um að telja með mörk úr yngri flokkum og æfingaleikjum en engin eiginleg niðurstaða fékkst í málið.

MARKAHRÖKUR Romario segist hafa skorað yfir 1.000 mörk á ferli sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY



ÚRSLIT

N1-deild karla í handbolta

Fram-Stjarnan 33-30 (15-12)
Mörk Fram (skot): Andri Berg Haraldsson 9 (14), Rúnar Kárason 8 (15), Jóhann G. Einarsson 7/3 (13/3), Guðjón Drengsson 4 (5), Haraldur L. Þorvarðarson 2 (2), Einar Ingi Hrafnsson 2 (2), Daniel Berg Grétarsson 1 (5).

Varin skot: Magnús Erlendsson 6 (25/3) 24 %, Björgvin Páll Gústavsson 5 (16/2) 31 %.

Hraðaupphl.: 6 (Guðjón 2, Einar 2, Andri 2).
Fiskuð viti: 3 (Daniel, Rúnar, Jóhann).

Utan vallar: 4 mínútur.

Mörk Stjörnunnar (skot): Heimir Örn Árnason 10/5 (13/5), Björgvin Hólmgeirsson 6 (14), Hermann Björnsson 4 (7), Kristján Svan Kristjánsson 2 (3), Guðmundur Guðmundsson 2 (2), Volodimir Kysil 2 (2), Bjarni Þórðarson 2 (2), Björn Friðriksson 1 (1), Daniel Einarsson 1 (2).

Varin skot: Hlynur Morthens 9 (19/2) 47 %, Roland Valur Eradze 6 (29/1) 20 %.

Hraðaupphlaup: 4 (Björn, Björgvin, Kristján, Bjarni).

Fiskuð viti: 5 (Kysil 2, Ragnar, Hermann, Heimir)
Utan vallar: 4 mínútur.

Valur-HK 22-25 (8-11)

Mörk Vals (skot): Hjalti Pálmason 9 (16), Sigfús Páll Sigfússon 4 (10), Arnór Gunnarsson 4/1 (11/1), Anton Rúnarsson 3 (6), Ægir Jónsson 1 (1), Orri Freyr Gíslason 1 (2).

Varin skot: Pálmar Pétursson 9 (28/3), 32%, Ólafur Haukur Gíslason 6 (12), 50%.

Hraðaupphlaup: 4 (Arnór 3, Anton).

Fiskuð viti: 1 (Sigfús).

Utan vallar: 10 mínútur.

Mörk HK (skot): Ragnar Hjaltsted 7/2 (12/2), Tomas Etutis 4/1 (7/1), Augustas Strazdas 4 (7), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (5), Hákon Hermannsson Bridde 2 (2), Sergey Petraytis 2 (2), Gunnar Steinn Jónsson 2 (5), Sigurgeir Ární Ægisson 1 (2).

Varin skot: Egidijus Petkevicius 13 (35/1), 37%.

Hraðaupphlaup: 4 (Ragnar 3, Sigurgeir).

Fiskuð viti: 3 (Ragnar, Sergey, Hákon).

Utan vallar: 10 mínútur.

Haukar-Akureyri 29-28 (17-9)

Mörk Hauka: Gísli Jón Þórisson 7, Freyr Brynjarsson 5, Andri Stefan 4, Jón Karl Björnsson 3, Kári Kristjánsson 2, Þróstur Þráinsson 2, Gunnar Berg Viktorsson 2, Elias Már Halldórsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Pétur Pálsson 1.

Mörk Akureyri: Jónatan Þór Magnússon 7, Hörður Fannar Sigþórsson 5, Einar Logi Friðjónsson 4, Magnús Stefánsson 3, Ásbjörn Friðriksson 3, Nikolaj Jankovic 2, Andri Snær Stefánsson 1, Oddur Grétarsson 1, Heiðar Þór Aðalsteinsson 1.



LEIT HAFIN Guðjón Þórðarson skimar eftir markverði þessa dagana.

Markvörður ÍA meiddur: Guðjón leitar að markverði

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, staðfestir á heimasíðu félagsins að markvörðurinn Páll Gísli Jónsson verði ekki með í byrjun Íslandsmótsins vegna meiðsla á hné.

„Það er ljóst að við þurfum reyndan markvörð og ég er núna að leita fyrir mér erlendis. Ég hef þegar verið í sambandi við aðila í Englandi, Danmörku og Hollandi,“ sagði Guðjón við heimasíðu ÍA.

- hbg

Friðrik Ragnarsson og Snæfell: Sama uppskrift

KÖRFUBOLTI Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindvíkinga, varð enn á ný að horfa upp á sína menn tapa niður góðu forskoti í fjórða leikhluta og detta út fyrir Snæfelli í úrslitakeppninni.

Þegar Friðrik þjálfaði Njarðvík 2004 tapaði liðið 0-3 fyrir Snæfelli í undanúrslitum úrslitakeppninnar þrátt fyrir að vera yfir eftir þriðja leikhluta í öllum leikjunum, og 20 stigum yfir fyrir lokaleikhlutann í þriðja og síðasta leiknum í Hólminum.

Að þessu sinni tapaði Grindavík 1-3 í undanúrslitum á móti Snæfelli. Tveir leikjanna töpuðust eftir að Grindavík var í forustu fyrir lokaleikhlutann og sá síðasti eftir að liðið var 16 stigum yfir eftir þriðja leikhluta og mest 19 stigum yfir í síðasta leikhlutanum.

Friðrik hefur því stjórnað liðum í sjö leikjum gegn Snæfelli í úrslitakeppninni, sex þeirra hafa tapast, og þar af fimm þeirra eftir að lið hans hafi verið yfir eftir 30 mínútna leik.

- 66j

Eftir að Haukar urðu Íslandsmeistarar er eina baráttan í N1-deildinni um annað sætið:

HK og Fram jöfn í öðru sætinu eftir góða sigra

HANDBOLTI HK sigraði Val 22-25 í N1-deild karla í gærkvöld. Fyrri hálfleikurinn í Vodafone-höllinni var tilþrífalítill miðað við að þarna voru samankomin tvö léttleikandi handboltalið sem berjast um annað sæti N1-deildarinnar.

Leikmenn liðanna áttu erfitt uppdráttar og gerðu mörg mistök. Þeir eyddu svo mestri orku í að kvarta og kveina við dómara leiksins. HK náði forystu um miðbik fyrri hálfleiks sem þeir héldu til loka hálfleiksins þegar staðan var orðin 8-11.

Seinni hálfleikurinn var hraðari og skemmtilegri. Heimamenn náðu að opna leikinn upp á gátt með þremur mörkum í röð og

minnka muninn í eitt mark þegar tæpar tíu mínútur lifðu leiks en nær komust þeir ekki og HK seig fram úr á ný.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var án nokkurra lykilmanna í gærkvöld en vildi ekki afsaka sig fyrir tapið.

„Auðvitað hafði það áhrif á okkar leik að vera án nokkurra lykilmanna en í staðinn fengu nokkrir leikmenn að spreyta sig sem ekki hafa verið að spila mikið í vetur og ég var ágætlega sáttur með þeirra innkomu. Við vorum að gera allt of marga aulafeila í fyrri hálfleik en náðum að koma til baka og ég er svekktur með hvernig við köstuðum þessu frá

okkur eftir það,“ sagði Óskar Bjarni.

Leikur Fram og Stjörnunnar var ekki merkilegur handboltaleikur sem um 70 manns börðu augum. Framarar höfðu talsvert meiri áhuga á sigri og það skilaði þeim tveim stigum að lokum. Stjörnunnar voru næstum jafn andlausir og gegn Val á dögnum og metnaður leikmanna liðsins á að klára mótið virðist nákvæmlega vera enginn.

- óþ / - hbg



EKKI LENGRA VINUR Valsmaðurinn Anton Rúnarsson reynir hér að brjóta sér leið í gegnum vörn HK. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„30.000 blaðberar bara byrjunin“ segja útgefendur Fréttablaðsins

> Kate Walsh

Pessi rétt rúmlega fertuga leikkona frá San Jose í Kaliforníu leikur í nýrri þáttaröð sem Sjónvarpið hefur sýningar á í kvöld. Þáttaröðin nefnist Private Practice en þar heldur Walsh áfram að leika persónuna Addison Montgomery sem margir ættu að þekkja vel úr þáttunum Grey's Anatomy.



dagsk



VIÐ TÆKIÐ PALL BALDVIN BALDVINSSON ER LOST

Flækja sápunnar

Hmm. Tveir langir skammtar af Lost á mánuðagskvöldið á Ríkisútvarpinu voru fullmikill skammtur. Vestanhafs voru menn búnir að vandræðast í talsverðan tíma hvernig leysa ætti úr hinni miklu flækju sem vandræðagangur skipreika manna – ef svo má að orði komast – á týndu eyjunni í Kyrrahafinu gat haldið áfram eða enda. Uppriðjun á mánuðagskvöldið gat enda ekki rakið nema fáa þræði í þessari bráðskemmtilegu spennuseríu sem sækir upphaf sitt til Jules Verne. Þarna eru mörg minni sem koma fyrir í sögum hans: Börnum Grants skipstjóra, Tuttugubúsund sjómílur undir sjávarmáli og ekki síst Dularfullu eyjunni. Í upphafspætti nýju seríunnar var sterkast þemað sem er undirliggjandi í Dularfullu eyjunni: þeir sem sluppu vilja komast aftur í sælureit suðursins.

Margt í Lost er æði sápukennt þótt framleiðendur hafi undarlega margar leiðir opnar til að halda fléttunni fastríðinni áfram. Hið trúarlega band verður æ sterkara: í

LOST Gleymdur tími er þér glataður þar til hann finnst.



gegnum lífsháskann færðu kost á að bæta fyrir misgjörðir þínar á fyrri stigi. Höfundarnir leika sér háskalega með hugmyndina um hina óvinina sem búa á öðrum hluta eyjarinnar, fyrirbæri sem er æði sterkt í samfélagi manna á öllum tímum, eins og við reynum núna á eigin skinni, af því við erum ekki talandi orð á pólsku. Svo reyna þeir á þanþól hins raunsæja forms með breyttu sjónarhorni, óvæntum tengslum og yfirmátturulegum fyrirbærum: eyjan er orðin lifandi afl í lífi eyjarskeggjanna. Á sínum tíma náði Lost athygli sjónvarpsstöðva með feikilega dýrum upphafspætti og þá einkum rándýru atriði þegar flugvélin ferst. Sögurnar sem eru í gangi eru margar og á göngum skólanna ganga þær aftur í endursögnum krakkanna, sem virðast eiga auðvelt með að setja sig inn í flóknar vendingar í sögunni með öllum sínum krókum. Framleiðsla þáttanna er að verða æ dýrari. Lost virðist ætla að ná költ-status, rétt eins og Twin Peaks og X-Files. En þá má hafa í huga að nú standa yfir endursýningar á X-Files á einhverri stöðinni og þættirnir eru nú tíu ára gamlir orðnir hversdagslegir.

EKKI MISSA AF



▶ 20.50 Valencia-Getafe
STÖÐ 2 SPORT 3



▶ 20.00 xXx 2
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.55 Gatan
SJÓNVARPIÐ



▶ 21.10 Medium
STÖÐ 2



▶ 21.50 Lipstick Jungle
SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Táknálsfréttir
- 17.30 Kappflugið í himingimnum
- 17.55 Alda og Bára
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Alvöru dreki
- 18.23 Sigildar teiknimyndir
- 18.30 Nýi skólinn keisarans
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Fæðingarheimilið (1:9) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð. Addison Montgomery læknir í Grey's Anatomy-þáttunum heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu. Einkalíf þeirra er í molum en þeim gengur betur í starfi og Addison bræðir það með sér að flytjast frá Seattle til Santa Monica og fara að vinna með þeim.
- ▶ 20.55 Gatan (4:6) (The Street II) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri náganna í götu í bæ á Norður-Englandi. Leikstjóri er Terry McDonough og meðal leikenda eru Timothy Spall, Gina McKee, Lorraine Ashbourne og Kieran Bew. Fyrri sýrpan úr þessum flokki hlaut bæði BAFTA- og alþjóðlegu Emmy-verðlaunin.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
- 23.10 Norska útvarpshljómsveitin og Come Shine
- 00.10 Kastljós
- 00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

- 06.00 xXx The Next Level
- 08.00 Diary of a Mad Black Woman
- 10.00 Elizabethtown
- 12.00 Nanny McPhee
- 14.00 Diary of a Mad Black Woman
- 16.00 Elizabethtown
- 18.00 Nanny McPhee
- ▶ 20.00 xXx The Next Level Hörkuspennandi mynd með Samuel L. Jackson, Willem Dafoe og Ice Cube í aðalhlutverkum.
- 22.00 Mrs. Harris Sannsóguleg mynd með Ben Kingsley og Annette Bening.
- 00.00 I'll Sleep When I'm Dead
- 02.00 The Notorious Bettie Page
- 04.00 Mrs. Harris

STÖÐ 2

- 07.00 Justice League Unlimited
- 07.25 Ofurhundurinn Krypto
- 07.50 Kalli kanína og félagar
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella
- 10.35 Extreme Makeover: HE (24:32)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours (Nágrennar)
- 13.10 Sisters (10:24) (Systurnar)
- 14.00 Phenomenon (3:5)
- 14.45 Wife Swap (4:10)
- 15.30 'Til Death (21:22)
- 15.55 Skrímslaspilið (Yu Gi Oh)
- 16.18 Batman
- 16.43 Könnuðurinn Dóra
- 17.08 Tracey McBean
- 17.18 Refurinn Pablo
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours (Nágrennar)
- 18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag og veður
- 19.30 The Simpsons
- 19.55 Friends (14:24) (Vínir)
- 20.20 Tím Gunn's Guide to Style (2:8)
- ▶ 21.10 Medium (4:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína
- 21.55 Nip/Tuck (13:14)
- 22.40 Oprah (David Cassidy and the Cosby Kids: All Grown Up)
- 23.25 Grey's Anatomy (14:36)
- 00.10 Kompás
- 00.45 Rome (5:12)
- 01.35 Rome (6:12)
- 02.30 Bones (2:13)
- 03.15 Crimson Rivers 2
- 04.50 Tím Gunn's Guide to Style (2:8)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SPORT

besta sætið

- 16.50 Gillette World Sport
- 17.20 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimis Guðjónssyni.
- 18.05 Michael Owen Frábær þáttur þar sem fjallað er um Michael Owen sem hefur gert garðin frægan með Liverpool, Newcastle og Real Madrid á undanförmum árum. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann sló í gegn á HM 1998 í Frakklandi.
- 19.05 Iceland Express-deildin 2008 (Keflavík - ÍR) Bein útsending frá oddaleik Keflavíkur og ÍR í Iceland Express-deildinni.
- ▶ 20.50 Spænska bikarkeppnin (Valencia - Getafe) Útsending frá leik Valencia og Getafe í bikarúrslitunum á Spáni.
- 22.45 Inside Sport Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
- 23.10 The Science of Golf Athyglisverður golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins“ sem margir kalla mikilvægasta þáttinn í golfi.
- 23.35 Iceland Express-deildin 2008 (Keflavík - ÍR)

SPORT 2

enski boltinn

- 16.50 Sunderland - Man. City
- 18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 19.00 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 19.30 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 20.30 4 4 2 Tveikið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
- 21.50 Leikur vikunnar
- 23.30 Man. Utd. - Arsenal

SKJÁREINN

- 07.00 Skólahreysti (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.25 Vörutorg
- 16.25 Snocross (e)
- 16.50 World Cup of Pool 2007 (e)
- 17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.30 Jay Leno (e)
- 19.15 Skólahreysti (e)
- 20.10 Less Than Perfect (5:13) Bandarísk gamanseria sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin vön því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana.
- 20.30 Fyrstu skrefin (11:12)
- 21.00 America's Next Top Model (8:13) Uppriðjun á því sem hefur gerst til þessa og sýndar nýjar myndir af stúlkunum í þessari þáttaröð.
- ▶ 21.50 Lipstick Jungle (3:7) Glæný þáttaröð sem byggð er á metsölbók frá höfundri Sex and the City. Aðalsöguhetjumar eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Wendy reynir að sanna að hún sé góð móðir og tekur dóttur sína með samkomu til heiðurs konum í fjölmiðlageiranum en það endar öðruvísi en ætlað var. Hún þarf líka að ákveða hvort hún á að leyfa ungru leikkonu að leika í djarfri kvikmynd. Nico ákveður að kæla sambandið við Kirby og Victory ákveður að kynna milljónamæringinn Joe fyrir vinkonum sínum.
- 22.40 Jay Leno
- 23.25 Boston Legal (e)
- 00.15 Life (e)
- 01.05 C.S.I.
- 01.55 Vörutorg
- 02.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

EF ÞÚ KEMST EKKI HRINGINN
Á EINUM TANKI
ÞÁ ERTU Á RÖNGUM BÍL.

SIMPLY CLEVER



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Tim Gunn's Guide to Style

Tim Gunn er tiskugúrur Bandaríkjanna. Það sem hann segir verður að lögmál-um tiskunnar. Hér á Íslandi er Tim Gunn hvað þekktastur fyrir það að vera yfirdómari og heilinn á bak við hönnun-arpættina Project Runway, sem Stöð 2 hefur nú einnig tryggt sér sýningarréttinn á. Eins og nafnið gefur til kynna leggur Tim Gunn línurnar á stíl, hönnun og tisku í þessum nýja þætti sínum. Skemmst er frá því að segja að þegar hann var frumsýndur vestanhafs fyrir skömmu, sló hann í gegn og er nú orðinn umtalaðasti og vinsælasti tiskupátturinn. Og nú er lofsins komið að því að Tim Gunn sýni okkur Íslendingum hvað virkar og hvað ekki.



► VIÐ MÆLUM MEÐ
Keflavík-ÍR Oddaleikur
Stöð 2 sport kl. 19.05

Eftir nær vonlausu stöðu hafa Keflvíkingar snúið dæminu sér í vil. ÍR hefur komið ótrúlega á óvart í úrslitakeppninni en tapað nokkuð illa í síðustu tveimur leikjum. Þeir verða því að mæta dýrvitlausir á heimavöll Keflvíkinga en þeir eru svo sannarlega engin lömb að leika sér við.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.40 Veðurfregin	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregin
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
09.05 Okkar á milli	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.03 Veðurfregin	18.25 Spegillinn
10.13 Brot af eilífðinni	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Stefnumót
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Út um græna grundu
12.45 Veðurfregin	22.07 Veðurfregin
12.50 Dánarfregin og auglýsingar	22.12 Orð kvöldins
13.00 Vít og breitt	22.15 Á slóðum Gutenbergs
14.03 Tónar að nóni	23.00 Gáru
15.03 Útvarpssagan: Sjosja	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Special Unit 2 (17:19)

17.45 X-Files (19:24)

18.30 Chappelle's Show Dave

Chappelle er einn allra vinsælasti OG umdeildasti grínistinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er hann mættur í þriðju þáttaröðinni og hefur aldrei verið meira krassandi.

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Special Unit 2 (17:19)

20.45 X-Files (19:24)

21.30 Chappelle's Show

22.00 Hell's Kitchen (4:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaffforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa. Sem fyrr fær til hann sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir takast á í einstaklega harðri keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka um hylli, gríð og vægð hins skelfilega Ramsey's.

22.45 Shark (6:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögreglunnar eitliharða Sebastians Stark.

23.30 Extreme: Life Through a Lens

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti.

21.00 Af lífi og sál Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, talar við áhorfendur INN eins og honum einum er lagið.

21.30 Hvernig er heilsan? Guðjón Bergmann ræðir við Hallgrím Magnússon lækni um heilsu, heilbrigði og lífsviðhorf.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Kontant 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.25 Hjortens rige 11.50 Ha' det godt 12.20 Med andre øjne 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene 14.30 Bernard 14.35 Svampbob Firkant 15.00 AMIGO 15.30 Shanes verden 15.55 Tjulahop- Tor 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd? 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Og det var Danmark... 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 OBS 21.50 Seinfeld 22.15 Godt arbejde 22.45 Kom igen 23.15 SPAM 2008

NRK1

7.55 Frostokst-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Frilandsnatten 10.40 Brennpunkt 11.30 4*4*2: Bakrommet. Fotballmagasin 12.00 Jan i naturen: Kronhjortkalven 12.15 Presidenten 13.00 Utfordringen 13.30 Fra 7-ende til 8-ende 14.05 H2O 14.30 Fabrikken 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Skispor fra fortiden 15.55 Nyheter på tegnspråk 15.59 Barne-tv 16.00 Nysgjerrige Nils 16.10 Dyrestien 64 16.25 Todds verden 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerspektørene 17.55 Jakten på storrøya 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 Sporløst forsvunnet 20.30 Migrapolis 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket 21.50 The Wire 22.45 Viten om 23.15 Kulturmytt 23.25 Du skal høre mye jukeboks 1.00 Dansefot jukeboks

1* SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Så ska det låta 11.05 Mitt i naturen 11.55 Det förälskade molnet 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Naturmollorna 15.30 Krokodill 16.00 Bollbompa 16.10 Så orättvist 16.20 Lilla röda traktorn 16.30 Hjämkontoret 16.55 Känsliga bitar 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Bammorskoma 19.30 Morgonsoffan 20.00 Big Love 20.55 Lucky i knipa 21.00 Rapport 21.10 Kulturmyheterna 21.25 Hälsan 22.10 Var fan är mitt band? 22.40 Sändningar från SVT24

EAS
ORKA · GRENNING · STYRKUR

Myoplex Original máltíðardrykkur

Ofluga Myoplex næringin í tilbúnu drykkjarformi. Það hefur aldrei verið auðveldara að borða máltíð sem er í senn holl og bragðgöð.

- 25gr hágæða prótein
- 5gr trefjar - 1gr sykur
- Aðeins 207 hitaeiningar

Myoplex Storm máltíðarstöng

Bragðgóður máltíðarbiti sem auðveldar þér að ná fram 5 til 6 máltíðum á dag. Próteinmeiri stöng sem bragðast eins og besta sælgæti.

- 27gr hágæða prótein
- 4,6gr trefjar
- Súkkulaði, hnetu- og karamellubragð

Iso Drive orkudrykkur

Isótónísk drykkjarvara fyrir hámarks orku og úthald. Inniheildur mikið úrval sérválinna næringarefna sem saman vinna að aukinni afkastagetu.

- Kraftmikil kolavetnablanda
- Vítamín, steinefni og aminosýrur
- Ljúffeng og svalandi orka

Daði Lárusson - Markvörður

EAS heilsuvörurnar fást í öllum betri matvöruverslunum, bensínstöðvum og heilsuræktarstöðvum. Nánari upplýsingar um EAS fást í síma 5552866 og á www.eas.is.

GAMLA MYNDIN



„Ég er með knattspyrnumanna-klippingu eins og hún var kölluð þá. Þetta var tískan. Ég lék blak með Þrótti á þessum tíma, og ef ég man rétt urðum við Íslands-meistarar. Ég var reyndar líka í körfubolta með Haukum, það var mikið íþróttabrölt á manni.“

Samúel Örn Erlingsson, íþróttafréttamaður og alþingismaður.

Myndin er tekin í júní 1982.

Krummi og Björgvin stofna plötufyrirtæki

Rokkarinn Krummi hefur í hyggju að stofna útgáfufyrirtæki með hjálp föður síns, Björgvins Halldórssonar. „Þetta hefur verið draumur ótrúlega lengi og er eithvað sem ég gæti séð fyrir mér að gera með músíkinni þegar maður eldist,“ segir Krummi. „Þetta er eithvað sem maður er að prófa og kallinn ætlar að hjálpa manni. Við ætlum að gera þetta saman og síðan sjáum við til hvað gerist.“

Fyrirtækið, sem hefur ekki fengið nafn, verður líklega stofnað um svipað leyti og fyrsta plata hljómsveitarinnar Esju kemur út, en hún skartar Krumma og vini hans Daníel Ágústi Haraldssyni. Hljóðblöndun á henni stendur nú yfir í heimahljóðverinu Tónaljós

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON Björgvin ætlar að vera syni sínum til halds og trausts við stofnun fyrirtækisins.



KRUMMI Rokkarinn Krummi ætlar að láta drauminn rætast og stofna útgáfufyrirtæki.

sem Björgvin hefur komið á laggirnar við hljóðina á Hljóðrita í Hafnarfirði. „Við ætlum að taka tíma í þetta og gera vel og ákveða svo tímamann,“ segir Krummi um útgáfudaginn.

Ljóst er að nýja fyrirtækið mun ekki heita Krummi Records, eins og kannski hefði legið beinast við, því annað útgáfufyrirtæki með því nafni var nýlega stofnað. Nýjasta verkefni þess er útgáfa annarrar plötu roksveitarinnar Lights on the Highway.

„Ég ætlaði aldrei að skíra mitt fyrirtæki Krummi Records,“ segir Krummi og er síður en svo svekktur yfir nafngiftinni. „Ég á ekki þetta nafn og þeir gera bara það sem þeir vilja.“ -fb

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. blað 6. tveir eins 8. dvelja 9. spíra 11. tveir eins 12. ríki í Suður-Asíu 14. krydd 16. hróp 17. angra 18. niður 20. berist til 21. nabbi.

LÓÐRÉTT

1. himna 3. tvíhljóði 4. nýfætt lamb 5. iðn 7. geðsjúkrahus 10. spendýr 13. herma 15. þekkja leið 16. rjúka 19. tveir eins.

LAUSN

rata, 16. ósa, 19. öð.

5. fag, 7. kleppur, 10. apí, 13. apa, 15. LÖBÉRÉTT: 1. skán, 3. au, 4. unglamb,

ama, 18. sud, 20. bt, 21. arða.

LÁRÉTT: 2. lauf, 6. kk, 8. una, 9. ala, 11. gg, 12. nepal, 14. pipar, 16. óp, 17.

VEISTU SVARIÐ?


Svör við spurningum á síðu 8.

1. Prettán.
2. Silvio Berlusconi.
3. Páll Óskar Hjálmtýsson.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelp.is



Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15 mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com

COME 2
SCANDINAVIA

Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR: STÓRTÓNLEIKAR Í VESTMANNAEYJUM Í SUMAR

Vilja að Björk syngi í gíg Eldfells í Vestmannaeyjum

„Þetta verða tónleikar ársins á landsvísu ef allt gengur upp,“ segir Kristín Jóhannsdóttir, menningarfulltrúi Vestmannaeyja, um stórtónleika sem halda á í gíg Eldfells í sumar.

Mikil leynd hvílir enn yfir því hver stigur á stökk í Eldfelli á tónleikunum sem öðrum þræði eru haldnir í tengslum við hátíðarhöld í tilefni þess að 3. júlí verða liðin 35 ár frá lokum Vestmannaeyjagossins 1973. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að unnið sé að því að það verði Björk Guðmundsdóttir.

„Þetta er á svo viðkæmu stigi að ég get ekki sagt hvaða tónleikar þetta verða og hvenær,“ segir Kristín.

Í desember í fyrra fengu Eyjamenn 700 þúsund króna styrk frá Menningarráði Suðurlands vegna „stórtónleika Sigur Rósar í gíg Eldfells“ eins og segir á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Suðurlands. Kári Sturluson, umboðsmaður hljómsveitarinnar, segir hana þó ekki muni taka þátt í þessum viðburði.

„Ég held að það hafi verið rétt um þetta við einn af strákunum, en þeir eru uppteknir við annað í sumar svo þetta er því miður bara óskhyggja hvað Sigur Rós varðar,“ segir Kári. Nú er hugmyndin að Björk leysi Sigur Rós af en allt er á huldu hvort af geti orðið enda er dagskrá söngkonunnar fastmótuð langt fram í tímann.

Tónleikarnir í Eldfelli verði þeir fyrstu sem haldnir hafi verið þar í gígnum. Kristín segir að ef allt fari að óskum verði um heimsviðburð að ræða.

„Við sjáum fram á að þetta geti orðið mjög skemmtilegt. Við erum búin að vera að mæla upp og skoða hvar áhorfendur eiga að vera og



BJÖRK Hleypur í skarðið fyrir Sigur Rós.

hvar tónleikarnir sjálfir verða. Það er dálítið verkfræðilegt dæmi hvernig á að flytja fólk á milli því þetta er ekki hugsað bara fyrir heimamenn heldur í stærra samhengi,“ segir Kristín, sem eins og fyrr segir vill ekki að svo stöddu ljóstra upp nafni þess sem koma á fram:

„Mér finnst leiðinlegt að vera að segja eithvað ef ég get svo ekki staðið við það ef ekki fæst sá peningur sem vantar. Það er líka gagnvart listamanninum sem þetta var ákveðið.“ gar@frettabladid.is



SIGUR RÓS Vestmannaeyjabær fékk 700 þúsund króna styrk til að halda tónleika með Sigur Rós í Eldfelli en umboðsmaðurinn segir það óskhyggju.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmíðlamóguúllinn og fyrrverandi umboðsmaður íslenska hestsins, **Jónas R. Jónsson**, hefur snúið aftur á Stöð 2 eftir nokkurra ára fjarveru.

Síðast stjórnaði hann þar þættinum Viltu vinna milljón? en í þetta sinn verður hann á bak við tjöldin sem ráðgjafi fyrir Ísland í dag. Áhorf á þáttinn hefur verið nokkuð undir væntingum en með tilkomu hins reynda Jónasar vonast forsvarsmenn Stöðvar 2 til að breyting verði þar á til batnaðar.

Magni Ásgeirsson prýðir forsíðu bandaríska netfimaritsins Artist Launch sem kemur út í maí. Um ókeypis tímarit er að ræða sem einbeitir sér að tónlistarmönnum sem eru nýir af nálinni og þykja eiga framtíðina fyrir sér.

Magni hefur þó fyrir löngu sannað sig hérlandis sem einn færasti poppari landsins, sem sést best á því að hann er tilnefndur til fernna Hlustenda-verðlauna FM sem verða afhent í byrjun maí.

Birgir Örn Steinarrson, fráfarandi ritstjóri tónlistartímaritsins Monitors, mun taka við starfi **Atla Fannars Bjarkasonar** hjá dagblaðinu 24 stundum sem umsjónarmaður innblaðsdeildarinnar. Þar með munu þeir félagar eiga algjör sætaskipti því ekki er langt síðan Atli Fannar tók við ritstjórastarfi Monitors af Birgi Erni. -fb

Vonar að kjamminn lifi

Ný samgöngumiðstöð mun rísa í Vatnsmýrinni norðan við Loftleidahótelíð. Fyrsti áfangi miðstöðvarinnar verður tekinn í notkun á næsta ári, en mannvirkið verður fullbúið árið 2010. Mest aðkallandi spurningin í þessu máli er auðvitað sú hvort Bjarni „Snæðingur“ Alfredsson muni halda áfram að bjóða upp á kjamma og kók á nýja staðnum eins og hann gerir nú í gömlu „samgöngumiðstöðinni“ í BSÍ.

„Ég hef ekki tryggt mér pláss, en ég ætla rétt að vona að það verði tekið tillit til mín,“ segir Bjarni. „Mér fyndist það eðlilegast að við værum í forgangi enda erum við búin að bjóða upp á þessa þjónustu í þrjá áratugi. Ég hef gefið mig út fyrir að vera verndari sviðakjammans í Vatnsmýrinni og hef staðið mig þokkalega, held ég. Við höfum verið að reyna að selja þennan gamla íslenska heimilismat sem aðrir eru ekki með, enda lítið prófitt í þessu. Við erum að halda í hefðina og þetta er orðið heimsfrægt, þökk sé Mýrinni. Útlendingum finnst mikið sport að smakka þetta.“



Það er séríslensk gamaldags stemning á BSÍ, stemning sem er hverfandi á tuttugustu og fyrstu öldinni. „Hér ríkir góður andi,“ segir Bjarni. „Á BSÍ getur þú fengið að vera þú sjálfur. Ég er þínu hræddur um að þessi kúltúr verði eyðilagður og ekki til staðar í nýju samgöngumiðstöðinni. Að það verði stíliseraður staður með eintómu McDonalds og Kaffitári – að þetta verði hálfgerð Kringla. Ég vona samt ekki.“

Gamla umferðarmiðstöðin stendur áreit sem ætlaður er Hátækisjúkrahusinu og því er bara tímaspursmál hvenær hið sögufræga hús verður rífið, með lúgunni og öllu saman. Sviðakjamminn á þó framtíðina fyrir sér, þökk sé verndara hans – „Kjamminn er mín köllun og hann mun lifa áfram hvert í fjandanum sem ég verð að flýja með hann,“ segir Bjarni. Spurning hvert Erlendur Sveinsson þarf að sækja kjammann sinn í næstu mynd. Kannski í nýju fínu samgöngumiðstöðina? Verður lúga þar? -gth

KJAMMI OG KÓK Bjarni „Snæðingur“ vonar að séríslensk matarhefð fái inni í nýju samgöngumiðstöðinni.

Nýr og endurhannaður Mazda6 er frá öllum hliðum séð, búinn nýjustu öryggisækni. Rammgerðar árekstrarvarnir verja ökumann og farþega og vel hönnuð sætin veita á ögurstundu rétta stuðninginn á réttu stöðunum. DSC stöðuleikastýrikerfi með TCS spólvörn heldur akstursstefnu bílsins stöðugri í mól, hálfu eða kröppum beygjum og hemlakerfið er af fremstu gerð, búið EBD hemlajöfnun, ABS afl-hemlun og EBA hjálparhemlun. Fyrir vikið lætur nýr Mazda6 enn betur að stjórn, einnig við erfiðar aðstæður. Fjórir öryggispúðar eru að framanverðu. Öryggisgardínur eru beggja vegna auk þess sem Mazda6 er búinn Isofix-festingum fyrir barnabílstóla og þriggja punkta öryggisbeltum.

Segðu Zoom-Zoom. Og þú ert tilbúinn fyrir meiri dýpt í akstrinum. Vertu Mazda. Komdu í Brimborg á dag.

Nýr Mazda6. Dýpri bíll.

Dýpra öryggi. Nýr Mazda6.


Mazda6 Advance

2,0i 147 hö 184 Nm 4 dyra
5 þrepa sjálfskiptur
Frumnýningarverð: 3.490.000 kr.*
Bensínnotkun í blönduðum akstri
7,7 l/100 km. CO2 losun 182 g/km



Komdu í dag
frumsýningin
heldur áfram í Brimborg
Akureyri,
Reykjavík

Reynsluaktu nýjum Mazda6 og þú ert í Happapotti Brimborgar.
Þú getur unnið 50.000 kr. bensínúttekt hjá Olís.



Segðu Zoom-Zoom. Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Vertu Mazda.



Komdu einnig við í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma. Skoðuðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn þinn. Við gerum næstum allt fyrir þig.

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazda.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Zoom-Zoom



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Öskubuska Skallagrímsson

Mamma, ég er að hugsa um það þegar ég verð stór," sagði fimm ára dóttir mín áhyggjufull um daginn. „Sko, ef ég verð Þyrnirós þarf ég að sofa svo rosalega lengi, ef ég verð Mjallhvít verð ég að vera í bláum kjól og mér finnst hárið á Öskubusku ekki mjög flott.“

VALKVÍÐINN var skiljanlegur hjá blessuðu barninu. Þarna voru samanlagt þrjár framtíðarstöður í boði dregnar upp af Disney og engin þeirra alveg nógu kræsileg til að hún vildi gagnrýnislaust helga sig hlutverkinu til lífstíðar. Útlitið var ekki nógu gott, sennilega yrði hún að sætta sig við einhverjar málemiðlanir. Ef til vill var skásti kosturinn að vera þessi þarna í bláa kjólnum. Að minnsta kosti var það betra en hrjóta aðgerðarlaus áratugum saman eða sitja uppi með lummulega hárgreiðslu alla ævi, ha? Sennilega grunaði barnungann ekki að skelfingarsvipurinn á móður hennar stafaði síst af hluttekningu með þessum þröngu valmöguleikum. Ekki einu sinni í þykjustunni tókst mér að sýna samúð með hugmyndum dóttur minnar um framtíðina, heldur hríslaðist dálítill straumur af iskaldri skelfingu niður hrygg-lengjuna: Hvar tókst okkur að klúðra skilaboðunum svona ræki-lega?

HÉR höfum við í gríð og erg vand að okkur meira í uppalendahlutverkinu en öllum öðrum verkefnum í lífinu. Verið vakin og sofin dag og nótt yfir velferð barnanna, raðað í þau hollustunni, andlegri og líkamlegri, spád og spekulerað, haldið prinsippin að mestu, lært af reynslunni og verið sveigjanleg og staðföst í hárnákvæmum hlutföllum. Boðað kærleika, stappað stáli, brýnt sjálfstæði og úthýst Barbie. Reynt að halda löstunum úr aug-sýn og vera undursamlegar fyrirmyndir eftir því sem vitið hefur leyft. Mamma tengdi baðvaskinn á meðan pabbinn lagði fallega á borð. Og öfugt.

OG svo kemur þetta. Litla hexið sem við spaugum stundum með að sé Egill Skallagrímsson endurborinn þegar hún sýnir klærnar, veltir fyrir sér eigin framtíð í hlutverki síþreyttrar Þyrnirósar, hinnar seinfæru Mjallhvítar eða gólf-tuskunnar Öskubusku. Þetta eru kostirnir og fleira ekki í boði.

ÍSMEYGILEGUR markaðs-áróðurinn lætur ekki að sér hæða. Ekki skil ég aðferðirnar en rannsókn stendur yfir. Svo og rækileg endurmenntun.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 16.
apríl, 107. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 5.51	13.27	21.05
Akureyri 5.29	13.12	20.58

Heimild: Almanak Háskólans



Land Cruiser - Tákn um frelsi

Land Cruiser sameinar hörku og mýkt, orku og lipurð, áræðni, munað og fullkominn tæknibúnað. Fyrsta flokks innrétting tryggir þægilegan og ánægjulegan akstur. Fáguð og viðbragðsfljót vélin ber þig hvert sem leið liggur og það er stórkostlegt að sitja undir stýri. Land Cruiser er hlaðinn hátæknibúnaði sem eykur öryggi og þægindi í akstri.

Reynsluaktu Land Cruiser og upplifðu frelsið

Verð frá **5.950.000 kr.**

Verð bíls á mynd með 35" breytingu er 7.230.000 kr.



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070